

Emilíana Torrini biðlar til Gordons Brown



Metnaðarfull og hipp og kúl
VICKY HEIMSFRÆG
FYRIR NÆSTU HELGI



FRÉTTABLAÐIÐ

26. október 2008 — 293. tölublað — 8. árgangur Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR

KLÁRAR Í SLAGINN
Kvennalandslið Íslands mætir Írlandi í mikilvægum leik í dag.


ÞRÓTTIR 19

Samfylking og VG styrkjast

36 prósent segjast styðja Samfylkingu og 29 prósent styðja Sjálfstæðisflokk í nýrri könnun Fréttablaðsins. Vinstri græn bæta mestu við sig frá síðustu könnun og hafa nú 23 prósent fylgi. Tæp sjö prósent styðja nú Framsóknarflokk og rúm fjögur prósent myndu kjósa Frjálslynda flokkinn, væri gengið til kosninga nú.

SKOÐANAKÖNNUN „Miðað við það sem hefur gengið á eru furðulitlar breytingar,“ segir Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði, um niðurstöður nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins. „Það er sérstaklega athyglisvert að tveir stjórnarandstöðuflokkanna fara niður.“ Ólafur bendir á að staða flokkanna gæti breyst, verið gæti að fólk sé ekki búíð að átta sig á stöðunni og breytingarnar gætu því orðið meiri þegar fram í sækir. Samkvæmt könnuninni dalar fylgi Framsóknarflokksins, Frjálslynda flokksins og Sjálfstæðisflokksins. Fylgi Samfylkingar og Vinstri grænna eykst. Segjast 6,6 prósent nú myndu kjósa Framsóknarflokkinn og fengi flokkurinn því

fjóra þingmenn kjörna, í stað þeirra sjö sem hann hafa nú. Styðja 29,2 prósent Sjálfstæðisflokkinn sem fengi 20 þingmenn kjörna, en hafa nú 25. Frjálslyndi flokkurinn mælist nú með 4,1 prósent fylgi, en þar sem hann nær ekki fimm prósent markinu reiknast engir þingmenn á hann, en fjórir eru nú í þingflokknum. Segjast 36,0 prósent myndu kjósa Samfylkinguna, sem fengi 24 þingmenn, í stað 18 nú. Þá styðja 23,0 prósent Vinstri græn og yrðu þingmenn flokksins því fimmtán í stað níu nú. Ef lítið er til allra 800 sem hringt var í segjast nú 30,5 prósent óákveðin, en það hlutfall hefur aukist frá því í janúar þegar 20,5 prósent var óákveðin. Þá hefur hlutfall þeirra



sem segjast myndu skila auðu eða kjósa ekki aukist úr 6,5 prósent í janúar í 12,3 prósent nú. Stuðningur við ríkisstjórnina hafði farið niður í 51,5 prósent í könnun blaðsins í júní úr 71,9 prósentum í febrúar. Nú segist hins vegar rúmlega 41 prósent styðja ríkisstjórnina, en tæp 59 prósent gera það ekki. Ríkisstjórnin er því að fá verulega minni stuðning en ríkisstjórnarflokkarnir, en samanlagt fylgi þeirra er 65,2 prósent. „Spurningin um ríkisstjórnina er næmari. Þessi áföll hafa leitt til þess að stuðningurinn við stjórnina er minni, en óánægjan er ekki það mikil að fólk yfirgefi sinn flokk,“ segir Ólafur.

matur
október 2008

FYLGIR Í DAG
VEÐRIÐ Í DAG

HVASSAST EYSTRÁ í dag verða norðvestan 15-20 m/s NA- og A-til, annars víða 8-13 m/s. Úrkoma NA-til fram eftir degi. Skýjað með köflum V-til og úrkomulítið. Hiti um og undir frostmarki.

VEÐUR 4



HEITT Í HAMSÍ Fjöldi fólks safnaðist saman á Austurvelli í gær undir yfirskriftinni „rjúfum þögn ráðamanna og göngum til lýðræðis“. Var síðan gengið á mótmælafund við Ráðherrabústaðinn en þar báru menn eld að fána merktum Landsbankanum meðan fólkið hrópaði „brennum bankana“. Fleiri en fundarmenn urðu vitni að því; bandaríska fréttastofan CNN sýndi frá þessu á vef sínum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Popparar, fræði- og athafnafólk deildu framtíðarsýn sinni með Fréttablaðinu:

Þjóðin þarf hugarfarsbreytingu

SAMFÉLAGSMÁL „Mér finnst eins og það vanti sjálfstraust í okkur Íslendinga,“ sagði Björk Guðmundsdóttir tónlistarmaður í umræðum sem Fréttablaðið stóð fyrir um ástand mála í þjóðfélaginu. Sagði hún tíma til kominn að við hættum að reiða okkur á aðra og færum að treysta meira á okkur sjálf, ekki ólíkt því sem hún gerði. „Ég sé til dæmis ekkert eftir því að hafa stofnað þessar hljómsveitir sem enginn skildi nokkuð í þegar ég var 16 ára frekar en að vera í einhverju U2-coverbandi eins og þá tíðkaðist og biða eftir því að frægðin bankaði upp á.“ Ari Trausti Guðmundsson, jarðfræðingur og

rithöfundur, var sama sinnis. Hún sagði enn fremur að regluverkið hér á landi væri afar þungt í vöfum og gerði sprotafyrirtækjum erfitt fyrir, því þyrfti að breyta svo landið missi slík fyrirtæki ekki úr landi. Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP, var ómyrkur í máli þegar talið barst að stjórnvöldum en sá tækifæri í stöðunni sem upp er kominn. „Nú eru bankarnir farnir svo þá er loks hægt að


fara að gera eitthvað,“ sagði hann. Hann sagði eins og Jónas Haralz, fyrrum bankastjóri og efnahagsráðgjafi, að eina leiðin væri að ganga í ESB. María Huld Markan Sigfúsdóttir tónlistarmaður sagðist frekar vonast eftir hugarfarsbreytingu hjá þjóðinni „heldur en einhverjum nýjum prins á hvítum hesti sem kæmi til að leysa bankana af“. Hún sagði unga fólkið vel í stakk búíð til að takast á við breytta tíma en kannski ætti fólk frekar að hafa áhyggjur af ráðamönnum sem ættu aðeins orðin „fiskur“ og „ál“ í orðaforða sínum þegar kæmi að því að ræða um lausnir.

- jse / sjá síðu 10

Afadrengur slapp ómeiddur: Felliþýsi fauk í veg fyrir bíla á Kjalarnesi

SLYS Karlmaður sem var á ferð ásamt barnabarni sínu slapp ótrúlega vel þegar bíll þeirra skall harkalega á felliþýsi á Kjalarnesi síðdegis í gær. Felliþýsið splundraðist við áreksturinn sem varð skammt frá bænum Esjubergi. Tildrög slyssins eru þau að felliþýsi sem jeppi dró í norður-átt fauk í veg fyrir tvo fólksbíla sem kom aðvífandi úr gagnstæðri átt. Ökumanni hins bílsins tókst með naumindum að sveigja hjá og slapp hann ómeiddur. Brak úr hjólþýsinu dreifðist á víð og dreif um svæðið en mjög hvasst var þegar slysið varð. Litli drengurinn slapp ómeiddur en afinn hlaut mar og sár eftir glerbrot. Báðir voru útskrifaðir í gærkvöld.

- hhs



Kringlan

Opið 13-18

SPURNING DAGSINS



Ólafur, er þetta þorskhausastríð?

Brown, þorskhaus ... þú segir nokkuð. En við skulum ekki gleyma því að við elskum Breta.

Ólafur Eliasson er einn af þeim sem standa að vefsíðunni indefence.is en þar er verið að kynna málstað Íslendinga í deilunni við Breta. Ólafur sagði í Fréttablaðinu í gær að við Íslendingar myndum vinna það stríð.

Háskólinn og landlæknir:

Rannsaka áhrif kreppu á fólk

HEILBRIGÐISMÁL Landlæknisembættið og fræðimenn hjá Háskóla Íslands ætla að rannsaka áhrif efnahagslæggðarinnar á heilsufar



MATTHÍAS HALLDÓRSSON Íslendinga að sögn Matthíasar Halldórssonar aðstoðarlandlæknis. „Það verður meðal annars fylgst með breytingum á lyfjanotkun. Það er þekkt að þrengingar geta valdið miklu andlegu álagi og svefnleysi. Langvarandi atvinnuleysi hefur til dæmis yfirleitt mjög slæm áhrif á heilsufar,“ segir Matthías sem kveður ekki hafa orðið vart við aukna notkun geðlyfja eða aukna aðsókn að geðdeildum. „En við höfum séð aukningu hjá hjartadeildum sem bendir til þess að það sé eitthvert stress í gangi.“

- gar

Óvenjulegt uppboð:

Stóðhestur í nauðungarsölu

DÝRAHALD Fimm hross verða boðin upp á nauðungaruppboði hjá sýslumanninum á Akureyri bráðlega. Þetta er nokkuð óvenjulegt, ekki síst fyrir þær sakir að í hópnun er sextán vetra stóðhestur.

„Það hefur komið fyrir að gert hefur verið fjárnám í hrossum,“ segir Björn Jósef Arnviðarson sýslumaður. „Í þessu tilviki er það trúlega þannig að einhver hefur bent á þessa hesta til tryggingar tiltekinni kröfu. Þetta er ekki vegna vedsetningar eða slíks heldur fjárnám í lausafé. Eins og sumir benda á jeppann sinn, þá benda aðrir á hestinn sinn.“

- jss

Reykjavík 871 ±2

Landnámssýningin The Settlement Exhibition

Lífið á landnámsöld

Aðalstræti 16 101 Reykjavík www.reykjavik871.is

Sýningin er opin alla daga frá 10–17

 Minjasafn Reykjavíkur

2

FRÉTTABLAÐIÐ

Þjófar létu greipar sópa í gallerí listakonunnar Elísabetar Ásberg:

Óbætanlegt persónulegt tjón

LÖGREGLUMÁL „Það versta við þetta allt saman er að þeir tóku tölvuna mína. Allt mitt líf er í þessari tölvu,“ segir Elísabet Ásberg listakona.

Brotist var inn í gallerí Elísabetar á Hverfisgötu 52 fyrir helgi. Þjófarnir eyðilögðu lítið sem ekkert, heldur fóru vel og vandlega í gegnum alla munina og völdu úr gripi. Meðal þess sem þeir tóku með sér voru skartgripir, listaverk, verkfæri og vinnuvélar.

Ljóst er að tjón Elísabetar er mikið. Það persónulega þykir henni sýnu verra, enda ómögulegt að bæta það. Meðal annars tóku þjófarnir forlata stökkabelti sem var í eigu ömmu Elísabetar. Í

tölvunni var svo meðal annars öll hennar hönnun frá upphafi og myndir af börnunum hennar frá fæðingu. Hún á ekki afrit af þeim gögnum.

Elísabet kom ekki á svæðið fyrr en um hálfellefu á fimmtudagsmorgun. Stóð þá hurðin galopin, gluggi var brotinn og glerbrot á við og dreif. Enginn hafði hins vegar haft samband við hana. Galleríið stendur á horni Vatnsstígs og Hverfisgötu. „Mér finnst ótrúlegt að enginn hafi tekið eftir þessu, enda nokkuð fjölfarinn staður. En ég vil ekki trúna því að fólk láti sig engu varða þegar það gengur fram á svona lagað.“

- hhs



ELÍSABET ÁSBERG LISTAKONA Varð fyrir óbætanlegu tjóni þegar þjófar brutust inn í gallerí hennar.

FRÉTTABLAÐIÐ / ARNPÓR

Flóð úr fjalli og fjöru á Norðurlandi

Sjór flæddi yfir bryggjur á Siglufirði og Húsavík í fyrrinótt og tveir bílar keyrðu inn í snjóflóð á veginum milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar í gærdeg. Bæjarstjóri Fjallabyggðar og kona hans voru hætt komin við höfnina.

VEÐUR Norðlendingar máttu þola flóð bæði úr fjalli og fjöru um helgina. Um klukkan hálf fjögur keyrðu tveir bílar með stuttu milli-bili í snjóflóð sem fallið hafði á veginn við Sauðanes milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar. Blindbylur var svo mikill að ökumenn sáu ekki flóðið. Bílarnir voru svo kirfilega fastir að björgunar-sveitarbíll dugði ekki til að losa þá svo þeir urðu ekki lausir fyrr en snjóblásari hafi farið í gegnum flóðið. Ekki urðu slys á fólki.

Í fyrrinótt var sjávarstaða svo há að sjór flæddi yfir bryggjur í miklu rokviðri á Siglufirði og Húsavík. Að sögn Þóris Kristins Þórissonar, bæjarstjóra Fjallabyggðar, flæddi að minnsta kosti inn í eitt íbúðarhús á Siglufirði en þar sem og á Húsavík flæddi inn í atvinnuhúsnæði við höfnina. Sjálfur komst bæjarstjórinn í hann krappan um klukkan hálfátta í fyrrkvöld. „Ég var niðri á höfn að athuga með skemmdir á hafnarvoginni og lagði bílnum rétt hjá meðan ég skaust út þeirra erinda,“ segir hann. „Augnabliki síðar sé ég að sjórinn nær upp að hurðum bílsins. Mér leist náttúrlega ekkert á blikuna því konan og hundurinn voru inni í bílnum. Þetta er Land Cruiser-jeppi svo það þarf dánokkurn sjó svo hann fari upp að hurðum.“



FLÓÐ Á SIGLUFIRÐI Sjór flæddi yfir göturnar við höfnina á Siglufirði í fyrrkvöld.

MYND/GUNNLAUGUR GUDLEIFSSON



ÞÓRIR KRISTINN ÞÓRISSON

Sjórinn nær upp að hurðum bílsins. Mér leist náttúrlega ekkert á blikuna því konan og hundurinn voru inni í bílnum. Þetta er Land Cruiser-jeppi svo það þarf dánokkurn sjó svo hann fari upp að hurðum.“



SNJÓFLÓÐ VIÐ SAUDANES Snjóflóð eru tíð við Sauðanes, þessi mynd er tekin síðastliðinn vetur.

Hann segir að enn eigi eftir að kanna frekar skemmdir við hafnarsvæðið en segir ljóst að þær séu þó nokkrar. Bátaeigendur höfðu í nógu að snúast til að varna því að bátar þeirra flytu upp á bryggju.

26. október 2008 SUNNUDAGUR

Nektarskannar á flugvöllum: Þjóðverjar taka slíkt ekki í mál

ÞÝSKALAND, AP Þýsk stjórnvöld ætla ekki að taka í notkun nýja líkamsleitartækni á flugvöllum, þrátt fyrir að Evrópusambandið hafi heimilað notkun hennar.

Röntgentækni er notuð til að lýsa í gegnum fót farþega, þannig að á skjá birtist mynd af nöktum líkama þeirra. Tilraunir hafa verið gerðar með þetta á flugvöllum í Bretlandi og Hollandi.

Gabriela Hermani segir að þýsk stjórnvöld vilji „ekki taka þátt í þessum ófögnuði“. Almenn andstaða er við þessa tækni í Þýskalandi, þar sem hún þykir brjóta grófléga gegn persónuverndarlögum.

- gb

Viðskiptaráðherra Bretlands: Neitar áhrifum frá auðmanni

LONDON, AP Viðskiptaráðherra Bretlands, Peter Mandelson, þvertur fyrir að hafa gengið erinda rússneska auðmannsins Olegs Deripaska þegar hann var að semja um tolla fyrir hönd Evrópusambandsins. Mandelson gegndi áður starfi framkvæmdastjóra viðskiptamála.

Mandelson hefur meðal annars verið gagnrýndur fyrir að hafa átt fundi með Deripaska á lúxus-snekkju hans á sama tíma og að hann var að vinna að stefnumótun fyrir sambandið.

- hhs



PETER MANDELSON

Var boðinn bankastjórastóll: Sagði nei takk

VIÐSKIPTI Kristín Pétursdóttir, forstjóri Auðar Capital, hafnaði boði um að verða bankastjóri Nýja Kaupþings. Þetta sagði hún í Markaðnum á Stöð 2 í gær. Sagðist Kristín vera ánægð í starfi sínu hjá Auði Capital, því hefði hún ekki þegið boðið.

Hefði Kristín þegið starfið myndu konur nú stjórna öllum viðskiptabönkunum þremur, Kaupþingi, Glitni og Landsbankanum.

Upphaflega stóð til að laun bankastjóra Nýja Kaupþings væru 1.950 þúsund krónur á mánuði, en verða 1.750 þúsund, eftir lækkun til samræmis við bankastjóra Glitnis. Lækkunin er að ósk Finns Sveinbjörnssonar bankastjóra. - hhs



Biskup Íslands ræddi um efnahagsástandið við setningu kirkjupings í gær:

Tækifæri til að endurmats

SAMFÉLAGSMÁL „Á snöggu auga-bragði hrundi svo margt sem keikast stóð í hinni hraustu, nýju veröld hnattvæðingarinnar,“ sagði Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, í ræðu sinni við setningu kirkjupings í Grensáskirkju í gær.

Hann sagði jafnframt að nú væri tækifæri til endurmats og endurskipulagningar sem síðan leiddi til frekari trúrækni. „Nú fá ríki heims og fjármálastofnanir og einstaklingar tækifæri til að endurmata og endurskipuleggja með visku, hagsýni, hófsemi og umhyggju að leiðarljósi,“ sagði hann. „Hvar er þeim gildum helst miðlað? Við teljum okkur vita það. Í iðkun og uppeldi trúar, vonar og kærleika.“

Hann sagði enn fremur að erfiðleikar íslensku þjóðarinnar um þessar mundir væru umfram allt auðsældarkreppa en ekki örbirgðar og mikilvægt fyrir Íslendinga að

gleyma ekki þeim sem búa við örbirgð í heiminum. „Sannarlega erum við vellaúðug í samanburði við þau sem vart hafa til hnífs og skeiðar, og sem er hlutskipti

milljóna barna víða um heim. Okkar er að gleyma þeim aldrei og rétta fram hjálparhönd líka og ekki síður þegar við finnum að okkur þrengt í lífskjörum.“

- jse



KARL SIGURBJÖRNSSON Þó að Íslendingar eigi í erfiðleikum nú mega þeir ekki gleyma þeim sem búa við örbirgð í heiminum, segir biskup Íslands.

TVÆR GLÆPSAMLEGA GÓÐAR Á MÖGNUM KYNNINGARTILBOÐI

**Vargurinn eftir
Jón Hall Stefánsson**

Krónprins íslensku glæpasögunnar

**Karlar sem
hata konur**

Metsölubók Stieg Larsson
loksins á íslensku



Kynningarverð:

3.130 kr.

Fullt verð: 4.480kr.

Kynningarverð:

3.270 kr.

Fullt verð: 4.680kr.

Tilboðið stendur til og með 30.10.08

GENGIÐ 24.10.2008			
GJALDMÍÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	120,66	121,24
	Sterlingspund	187,53	188,45
	Evra	151,58	152,42
	Dönsk króna	20,31	20,428
	Norsk króna	17,137	17,237
	Sænsk króna	15,128	15,216
	Japanskt jen	1,3041	1,3117
SDR		179,27	180,33
GENGISVÍSITALA KRÓUNNAR		205,6808	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			

Þykir vænt um stuðninginn

SKOÐANAKÖNNUN „Fyrst og fremst þykir mér vænt um stuðninginn við stefnu og viðhorf Samfylkingarinnar, ekki síst í ljósi þeirra



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

erfiðu aðstæðna sem við erum í,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar.

Hún tekur fram að hún taki skoðanakönnunum alltaf með fyrirvara, hvort sem þær eru Samfylkingunni hagstæðar eða óhagstæðar. „Hvað ríkisstjórnina varðar þarf ekki endilega að koma á óvart þó að aðeins gefi á bátinn hjá henni. Hún er að fást við mjög erfiðu mál núna.“

- hhs

Nú eru turnar þrír, ekki tveir

SKOÐANAKÖNNUN „Það eru orðnir þrír stórir flokkar í landinu og mjög langt bil í hina,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna.

„Það er ánægjulegt að sjá að við njótum góðs af ábyrgum og uppbyggilegum málflutningi við þessar erfiðu aðstæður. Miðað við mína tilfinningu setur fólk í vaxandi mæli traust sitt á okkur.“

Hann spáir því að fylgi Samfylkingarinnar muni aftur minnka. „Sú taktík Samfylkingarinnar að vera bæði í ríkisstjórn og í stjórnarandstöðu skilar þeim tímabundnum vinsældum á kostnað Sjálfstæðisflokksins. Ég spái því að það muni ekki endast lengi.“

- hhs



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Björgólfur Guðmundsson segist ekki frekar en margur vita hvar hann stendur:

Segir eignir duga fyrir Icesave

VIÐSKIPTI Yfirtaka ríkisins á Glitni er, að sögn Björgólfs Guðmundssonar, ein og sér „sú hættulegasta og skaðlegasta sem framin hefur verið gagnvart íslensku þjóðfélagi.“ Þetta segir hann í viðtali í Morgunblaðinu í dag.

„Við vorum langt komnir með að semja við Bretana og hefðum ekki þurft nema svona viku í viðbót, þegar aðgerðir gegn íslenskum bönkum hófust,“ segir hann um samninga við Fjármálaeftirlit Bretlands um stofnun dótturfélags.

Björgólfur segir aldrei hafa staðið til að skulðsetja íslensku þjóðina með því að láta hana taka ábyrgð á innistæðum á Icesave-reikningun-



BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON Segir yfirtökuna á Glitni einhverja skaðlegustu aðgerð sem framin hefur verið.

um í Bretlandi. „Má ég benda á, að ríkið tók yfir allar eignir Landsbankans með lagasetningunni þann 6. október. Ég er þess fullviss að ef

rétt verður farið með þær eignir, þá duga þær fyrir Icesave-reikningunum og gott betur.“

Hann segist sjálfur vera með mikið af lánum hér, bæði í Landsbankanum og víðar, en einnig erlendis. „Ég skrifa sjálfur upp á mínar lántökur, þannig að það eru ekki bara hlutirnir sem ég á í ólíkum félögum sem eru að veði, heldur ég sjálfur. Í dag veit ég ekki hvernig ég stend, ekki frekar en svo margur annar.“ Hann segist hreinskilnislega ekki vita hvernig hann kemur út úr slíku uppgjöri. „Ég á ekkert von á því að það fari vel og get sagt það fullum fetum að það er allt undir hjá mér.“

- hhs

Deilur höfðu líklega áhrif

SKOÐANAKÖNNUN „Það er verið að spyrja á miklum óvissutímum svo það er ekkert skrytið að



GUÐJÓN A. KRISTJÁNSSON

stuðningur við ríkisstjórnina minnki,“ segir Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins. „Hvað Frjálslynda flokkinn varðar þá tel ég að við eigum meira inni. Það er hugsanlegt að innþröis deilur hafi haft nokkur áhrif á þessar niðurstöður. En nú eru þær að baki.“

- jse

Minnihluti styður nú ríkisstjórnina

Stuðningur við ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar fer úr 51,5 prósentum í júní í 41,3 prósent nú. 58,8 prósent styðja ekki stjórnina. 95 prósent sjálfstæðisfólks er meðal stuðningsmanna, en 52 prósent samfylkingarfólks.

SKOÐANAKÖNNUN Fylgi Sjálfstæðisflokksins hefur ekki verið minna síðan í maí 2004, þegar fylgið mældist 25,0 prósent, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. 29,2 prósent segjast nú styðja flokkinn. Væru þetta niðurstöður kosninga fengi flokkurinn 20 þingmenn, í stað 25 nú.


Sjálfstæðisflokkurinn tapar mestu fylgi meðal kvenna og á höfuðborgarsvæðinu, rúmlega sex prósentustigum.

Fylgi Samfylkingar hefur á hinn bóginn ekki verið meira frá því í júní 2004, þegar 37,0 prósent sögðust myndu kjósa flokkinn. Nú er fylgið 36,0 prósent

Stuðningurinn eykst mest frá síðustu könnun meðal íbúa höfuðborgarsvæðisins, um rúm tíu prósentustig.

Miðað við fylgi Samfylkingarinnar í dag fengi flokkurinn 24 þingmenn kjörna, en hafa 18 nú.

Samanlagt fylgi stjórnarflokka er 65,2 prósent, en einungis 41,3 prósent styðja ríkisstjórnina. Meirihlutinn, eða 58,8 prósent styðja hana ekki. Ef litið er á stuðning við ríkisstjórnir eftir stuðningi við stjórnmalaflokka, segjast 94,4 prósent sjálfstæðisfólks styðja ríkisstjórnina nú, sem er svipað og í síðustu könnun en einungis 51,7 prósent samfylkingarfólks. Í síðustu könnun sögðust 87,1 prósent þeirra styðja ríkisstjórnina. Þá hafa þeir sem ekki gefa upp stuðning við stjórnmalaflokk dregið til baka stuðning við stjórnina. Í júní sögðust 63,5 prósent þeirra styðja hana, en 30,6 prósent styðja stjórnina nú.



Fylgi Vinstri grænna er nú svipað og í mars 2007, þegar 23,3 prósent studdu flokkinn. Nú er fylgið 23,0 prósent og Vinstri græn fengu því 15 þingmenn kjörna í stað níu nú. Mesta aukningin er meðal karla, um 8,7 prósentustig.

Fylgi hinna stjórnarandstöðuflokka tveggja dalar. Segjast 6,6 prósent nú myndu kjósa Framsóknarflokkinn, í stað 8,9 prósent í júní. Samkvæmt því fengi flokkurinn fjóra þingmenn kjörna.

Fylgi Frjálslynda flokksins fellur úr 8,0 prósentum í júní niður í 4,1 prósent nú. Þar sem fylgið nær ekki fimm prósent viðmiði upp-

bótarpingmanna er ekki reiknaður þingmaður á flokkinn, en hann hefur fjóra þingmenn nú.

Hringt var í 800 manns laugardaginn 25. október og skiptust svarandur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til kosninga nú? og tóku 54,9 prósent afstöðu. Sögðust 12,3 prósent ekki myndu kjósa eða skila auðu og 30,5 prósent sögðust vera óákveðin.

Þá var spurt: Styður þú ríkisstjórnina? og tók 90,0 prósent afstöðu.

svanborg@frettabladid.is

Hlaupast ekki undan ábyrgð

SKOÐANAKÖNNUN „Það hefði komið mér á óvart ef fylgið hefði aukist við þessar aðstæður,“ segir Þorgerður Katrín Gunnardóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins.

Hún leggur áherslu á að ákvarðanir megi ekki litast af skoðanakönnunum. „Þetta hefur aldrei verið mikilvægara en nú. Við verðum að þora að hugsa langt fram tímann með hagsmuni þjóðarinnar í huga. Langtímaákvarðanir eru oft sársaukameiri og líklegri til að flokkar falli í skoðanakönnunum. Það er einmitt á svona tímum sem ekki má hlaupast undan ábyrgðinni.“

- hhs



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR

Fólk snýr baki við stjórninni

SKOÐANAKÖNNUN „Þetta er ekki marktæk skoðanakönnun en í henni liggja þó mikil tíðindi,“ segir Guðni Ágústsson, formaður



GUÐNI ÁGÚSTSSON

Framsóknarflokksins. „Það sést best á því að aðeins annar hver maður svarar. Það er mikið upphlaup í stjórnmalalífi og einnig í stjórnmalaskoðunum eins og þessi könnun endurspeglar. Fyrir ári síðan studdu um 70 prósent ríkisstjórnarflokka, það er í rauninni sá hópur sem ekki velur ríkisstjórnarflokka við þær aðstæður sem nú eru uppi. Þannig að þessi niðurstaða gefur mér nýja von um að fólk vilji önnur gildi og þá rís Framsókn.“

- jse

Helgarsteik

Reykt svínakjöt með brúnuðum kartöflum, rauðkáli, baunum og sósu



695,-
alla helgina milli 11:30 og 19:30

IKEA FOOD


VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir
Veðurfréttamaður

LÉTTIR TIL OG LÆGIR Í VIKUNNI
Á morgun verður víða bjart og hægur vindur á landinu sunnan- og vestanverðu. Það mun taka að hlýna V-til með þriðjudeginum og á fimmtudaginn verður víða þokkalega milt og stillt.

Á MORGUN
Stíf norðvestlæg átt allra austast, annars hægari. Hægast austan til.

ÞRIÐJUDAGUR
Hæg vestlæg átt, hlýnandi veður.



HEIMURINN

Kaupmannahöfn	13°
Billund	13°
Ósló	11°
Stokkhólmur	11°
Gautaborg	13°
London	16°
Paris	17°
Frankfurt	16°
Friedrichshafen	19°
Berlín	15°
Alicante	21°
Mallorca	23°
Basel	18°
Eindhoven	15°
Las Palmas	23°
New York	16°
Orlando	26°
San Francisco	22°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Frábær tilboð!



KALKÚNN 1.FL, FROSINN

769 kr/kg
~~1.098~~ kr/kg

**30%
afsláttur**



GÖÐI

GRÍSAGÚLLAS, PREPACK

1.100 kr/kg
~~1.834~~ kr/kg

**40%
afsláttur**



NETTÓ BRAUÐ

119 kr/stk.
~~199~~ kr/stk.

**42%
afsláttur**



**40%
afsláttur**

UNGNAUTAHAKK

695 kr/kg
~~1.198~~ kr/kg

HYTOP BLÁBER, HINDBER
OG JARÐARBER, lausfryst

149 kr/pk.
~~298~~ kr/pk.

**50%
afsláttur**



X-TRA FRANSKAR KARTÖFLUR Í OFN
1kg

159 kr/pk.
~~259~~ kr/pk.



SKINNEY ÝSUBITAR, 1kg

799 kr/pk.
~~999~~ kr/pk.

X-TRA EPLA OG APPELSÍNUSAFI 1.5l

149 kr/stk.
~~199~~ kr/stk.



AMERÍSK MCINTOSH EPLI
1.36kg

169 kr/pk.
~~338~~ kr/pk.



PEPSI 2l

99 kr/stk.



www.markhonnun.is

TILBOÐIN GILDA 23. - 26. OKTÓBER

Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík

Birt með fyrirvara um prentvillur.

KJÖRKASSINN



Lestu fréttir um efnahags-
ástandið?

Já

87,7%

Nei

12,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Verður þetta harður vetur?

Segðu skoðun þína á vísir.is



Eimskip fær frið til eignasölu: Samningar við lánadrottna

VIÐSKIPTI „Þeir voru mjög vinsamlegir að veita okkur frið til að selja eignir,“ segir Gylfi



GYLFI SIGFÚSSON

Sigfússon, forstjóri Eimskipafélagsins. Félagið greindi frá því í fyrradag að það hefði samið við 95 prósent skuldabréfaeigenda um að þeir falli frá rétti sínum til að gjaldfella kröfu sína á hendur félaginu upp á 9,5 milljarða króna. Þá verður vaxtagreiðslum frestað og bætast gjaldfallnir vextir við höfuðstól á meðan félagið leitar endurfjármögnunar, svo sem með sölu kanadíska frystigeymslufyrirtækisins Atlas Verscold. Flest bréfanna eru á gjalddaga á árabílinu 2009 og 2010.

- job

LANDBÚNAÐUR

Engin mólkurkvótaviðskipti

Engin viðskipti voru með greiðslumark í mjólk á tímabilinu 15. september til 15. október. Á því tímabili hafa tvö til þrjú hundruð þúsund lítrar gengið kaupum og sölum undanfarin ár. Samkvæmt heimasíðu Bændasamtakanna er ástandið rakið til fjármálakreppunnar.

Á fimmta hundrað nemenda brautskráðir frá Háskóla Íslands í gær:

Aukin áhersla lögð á nýsköpun

MENNTUN Alls brautskráðust 448 nemendur frá Háskóla Íslands við hátíðlega athöfn í gær. Í ræðu sinni vék Kristín Ingólfsdóttir rektor að mikilvægi þess að rík áhersla verði áfram lögð á afburða-árangur í menntun, vísindum og nýsköpun. „Þegar þessi stefna var mótuð töldum við hana skipta miklu máli til að auka velferð samfélagsins. Nú teljum við að hún sé lífsnauðsynleg.“ Þannig geti Íslendingar knúið samfélagið upp úr öldudal til nýrrar framfarasóknar.

Í ræðunni sagði rektor að nú muni háskólinn leggja meiri þunga en nokkru sinni á nýsköpunar-



ÚTSKRIFT Jón Torfi Jónasson, forseti menntavísindasviðs, afhendir prófskríteini.

verkefni á öllum sviðum vísinda og fræða. Lagði hún sérstaka

áherslu á hugvísindi. Fjölbætt menntun á sviði hugvísinda treysti stolt Íslendinga og sjálfsöryggi vegna eigin menningar. Þannig gætu hugvísindin stuðlað að skilningi á stöðu þeirra í sambandi við aðrar þjóðir. Þá sagði hún að sem aldrei fyrr væri það nú markmið Háskóla Íslands að unga út hugmyndum, verkefnum og sprotafyrirtækjum sem verði ný aflstöð í atvinnulífínu.

Við athöfnina var lýst kjöri þriggja heiðursdoktora, þeirra Sörens Langvad frá verkfræðideild og Jónatans Þórmundssonar og Sigurðar Líndal frá lagadeild.

- hhs

Saka Reykjavík um yfiringang

Fulltrúi Hafnarfjarðar hætti í stjórn Strætó þegar Reykjavík fékk formennskuna. Segir það brot á samkomulagi sveitarfélaganna. Fulltrúi Reykjavíkur segir eðlilegt að stærsta sveitarfélagið ráði för.

STJÓRNSÝSLA Fulltrúi Hafnarfjarðar í stjórn Strætó bs., Guðmundur Rúnar Árnason, sagði sig úr stjórn fyrirtækisins á síðasta stjórnarfund. Ástæðan var sú að Reykjavík fékk formennsku í stjórninni. Fulltrúi Álftaness sat einnig hjá vegna sömu ástæðu.

Í bókun Guðmundar segir að gert hafi verið samkomulag á síðasta kjörtímabili um að formennskan myndi ganga á milli sveitarfélaga á tveggja ára fresti. Síðan þá hafi Reykjavík og Kópavogur skipt formennsku með sér, en nú taki Reykjavík við henni aftur. „Ég tel skynsamlegt að umsamið fyrirkomulag sé haldið og teldi eðlilegt að fulltrúi Garðabæjar tæki við, enda sá fulltrúi sem mesta reynslu hefur í stjórninni,“ segir í bókuninni.

Jórunn Frimannsdóttir, nýr stjórnarformaður, segir vissulega vera kveðið á um að sveitarfélögin skipti á milli sín stjórnarformennskunni. Hún segir fyrrum formann Strætó, Björk Vilhelmsdóttur fullrúa Reykjavíkur, hins vegar staðhæfa að samkomulag hafi verið um að Reykjavík tæki við stjórnartaumun af Kópavogi.

„Það er talið mikilvægt, bæði af meiri- og minnihlutans í Reykjavík að við fáum stjórnarformennskuna. Það er eðlilegt að langstærsti eigandinn með mesta fjármagn haldi um stjórnartaumana. Stundum hefur myndast núningur þegar eitt hefur verið samþykkt í borgarstjórn en annað í stjórn Strætó,“ segir Jórunn.

Í bókun Guðmundar er einmitt amast við því að Reykjavík nýti sér yfirburði sína. Þar segir að lengi hafi legið fyrir að hann myndi segja af sér „ef til þess kæmi að Reykjavík



ÓSÆTTI Í STJÓRN Reykvíkingar eru ásaðir um að sýna yfiringang með því að taka við stjórnarformennsku í strætó. Röðin hafi verið komin að Garðabæ.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

beitti yfirburðastærð til að knýja á um breytingar.“

Jórunn telur hins vegar að skipanin njóti stuðnings á höfuðborgarsvæðinu. „Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu eru til dæmis sammála þessu. Ég harma hins vegar að missa Guðmund úr stjórninni,“ segir hún.

Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

segir klárt að með skipan Jórunnar í formannsstól hafi samkomulag verið brotið. „Það liggur ljóst fyrir að á sínum tíma var gert samkomulag um formennsku sem nú hefur verið brotið. En nú skiptir öllu máli að skipa starfhæfa stjórn og við munum skipa nýjan fulltrúa á næsta bæjarstjórnarfund.“

kolbeinn@frettabladid.is

Söngkonan Jennifer Hudson harmi slegin:

Móðir og bróðir létu lífið í skotárás

CHICAGO, AP Lögreglan í Chicago rannsakar nú dauða móður og bróður og leikkonunnar Jennifer Hudson. Mæðginin, Darnell Donerson og Jason Hudson, fundust látin á heimili sínu í Chicago á föstudag. Þau höfðu verið skotin til bana.

Lögreglan segir að líklega sé um fjölskylduharmleik að ræða og var fyrrverandi eiginmaður eldri systur Hudson handtekinn skömmu eftir líkfundinn. Hann heitir William Balfour og er grunaður um að hafa orðið mæðginunum að bana. Balfour, sem er 27 ára, er á skil-orði eftir að hafa eytt tæpum sjö árum í fangelsi fyrir tilraun til manndráps og bílþjófnað. Lögreglan hafði í gærkvöldi ekki lagt fram ákæru á hendur Balfour.

Þá leitaði lögreglan í gær að sjö ára systursyni Hudson í gær en hann var staddur í húsinu þegar voðaatburðurinn átti sér stað.

Talsmaður söngkonunnar vildi ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað og sagði söngkonuna og fjölskyldu hennar vilja fá frið.

Krúfning átti að fara fram í gær og er niðurstöðu hennar beðið.

Jennifer Hudson hefur átt góðu gengi að fagna frá því að hún komst í úrslit í þriðju þáttaraðar American Idol. Hún hlaut Óskars-verðlaun sem besta leikkona í



Á UM SÁRT AÐ BINDA Jennifer Hudson á um sárt að binda á sama tíma og hún er í blóma söng- og leiklistarferils síns.

aukahlutverki fyrir frammistöðu sína í myndinni Dreamgirls í fyrra. Þá er nýjasta lag hennar, Spotlight, nú í fyrsta sæti bandaríska Billboard-listans.

- ag

Bandarískir læknar:

Gefa lyfleysur úr hófi fram

BANDARÍKIN, AP Um það bil helmingur lækna í Bandaríkjunum gefa sjúklingum sínum lyfleysur reglulega án þess að upplýsa sjúklinga um það. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn, sem birt er í British Medical Journal. Bandarísku læknasamtökin ráða læknum eindregið frá því að gefa lyfleysur.

Í þessari rannsókn voru lyfleysur skilgreindar sem hvers kyns lyf, sem gefin eru sjúklingum þótt vitað sé að þau hafi engin bein áhrif á þann sjúkdóm sem við er að stríða. Þar á meðal eru verkjatöflur, vítamín, sýklalyf, svefnlyf og sykurlpillur.

- gb



AMERICAN EMBASSY

DV lottery / Grænakorts happdrættið

2010 Diversity Visa Lottery Registration started October 2, 2008

Registration for the 2010 Diversity Visa (DV) Lottery started at 08:00 on October 2, 2008.

Persons seeking to enter the lottery program must register online through the designated Internet website during the registration period.

The website for registering for the 2010 DV Lottery, www.dvlottery.state.gov, will be available from 08:00 on October 2, 2008 through to 08:00 December 1, 2008.

Blaðamannsmorð í Króatíu:

Unna sér ekki hvíldar fyrr en málið er upplýst

KRÓATÍA, AP Forsætisráðherra Króatíu hét því á föstudag að allt yrði gert sem yfirvöld gætu til að hafa uppi á morðingjum blaðamanns sem var myrtur í sprengjutilræði í Zagreb í gærmorgun.

Forsætisráðherrann, Ivo Sanader, tók svo djúpt í árinna að segja að „enginn glæpamaður gæti sofið rólegur“ fyrr en þetta mál og fleiri alvarlegir glæpir sem framdir hefðu verið í landinu væru upplýstir. Sanader kallaði þjóðaröryggisráð Króatíu saman til bráðafundar eftir morðið á blaðamanninum Ivo Pukanic, sem átti og ritstýrði blaðið Nacional en það var þekkt fyrir rannsóknarblaðamennsku.



IVO SANADER

- aa

SKIPULAGSMÁL

Má fleyga við Esjuberg

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík hefur gefið fjárfestinum Ingunni Wernersdóttur heimild til að fleyga úr klöppinni á lóðinni á Þinghóltsstræti 29a. Ingunn ætlar að byggja sér niðurgafið baðhús og bílskily við hið sögufæra hús Esjuberg.

Hvernig framtíð bíður okkar og barnanna okkar?

Á strandstað

BJÖRN INGI HRAFNSSON SKRIFAR

Það er ekki ofsagt að halda því fram að íslenska þjóðarskútan hafi tekið niður á okunnu skeri af stærri gerðinni og sé þar pikkkföst. Við erum sem þjóð stödd á strandstað og ekki er útlit fyrir háflóð alveg á næstunni. Okkur er sagt að næst geti það hugsanlega komið eftir tíu daga, eða í þann mund sem stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins kemur næst saman í Washington. Hvort sú hjálp reynist okkur nægileg verður tíminn einn að leiða í ljós, en margir telja þó að hjálp úr fleiri áttum verði einnig að koma til.

Hvernig gat þetta gerst? Von er að spurt sé. Svarið er heldur ekki augljóst. Jafn víst er að engum einum eða tveimur er hér um að kenna. Þótt það virðist ódýr skýring og langt í frá fullnægjandi, er engu að síður staðreynd að hér fer saman mikil óheppni, of mikið kapp, of lítil fyrirhyggja, töluverð vitleysa og of mikið stolt. Sem er slæmur kokteill, eins og komið hefur í ljós.

Við erum óheppnir, Íslendingar, að því leyti að fjármálakreppa er komin upp í heiminum af óþekktri stærðargráðu. Stærstu fjármálastofnanir veraldar róa lífróður og eigið fé margra þeirra er horfið. Víða er verkefni ríkisstjórna að dæla inn fjármagni í súr-efnislaus hagkerfi og koma með nýtt fjármagn til að koma í veg fyrir gjaldþrot jafnvel sterkustu banka. Óheppni Íslands felst í því hversu framarlega það var í röðinni og hversu veikburða það reyndist þegar á hólminn var komið. Stjórnarherrararnir, bæði í forsætisráðuneytinu og Seðlabankanum, höfðu þvert á móti sagt okkur að eigin mynt væri okkar styrkleiki. Heyr á endemi. Íslenska krónan dró þjóðina með sér í fallinu og Seðlabankinn reyndist vanmáttugur lánveitandi til þrautavara þegar á reyndi.

Við vorum of kappsöm, fórum of geyst og súpum nú seyðið af því. Ekki bara útrásarvíkingarnir sem töldu sig hafa fundið vísdóminn eina í viðskiptum, heldur líka við hin sem fannst gaman í veislunni og gott að þurfa ekki lengur að eiga fyrir hlutunum. Met í fjölda flatskjáa á hvert heimili var ekki endilega það heimsmet sem að var stefnt.

Við sýndum ekki næga fyrirhyggju, þótt margir hafi sagt okkur að íslenska krónan myndi gefa eftir. Okkur var sagt: Íslensk króna þýðir að við þurfum ríflega þúsund milljarða í gjaldeyrisforða. Það var blásið út af borðinu og við vorum of stolt til að viðurkenna að krónan gengi ekki lengur. Og nógu vitlaus til að láta stundarhagsmuni einstakra stjórnmalaflokka og stjórnmalamanna koma fram- ar þjóðarhag í þeim efnum.

Allt eru þetta mistök sem liggja fyrir. Þau verða ekki aftur tekin. Við berum hér öll sök, mismikla að vísu. Þeir sem gerðust brotlegir við lög, verða að svara til saka. Þeir sem brugðust okkur sem þjóð á ögurstundu verða líka að standa gjörðum sínum reikningsskil. Gleymum ekki að skipstjórinn er sjaldnast aðalmaðurinn á strandstað, né heldur flugstjórinn þegar hörð brotlending er niðurstaðan.

En við skuldam börnunum okkar að gefast ekki upp þótt á móti blási. Látum reynsluna frá því í október árið 2008 okkur að kenningu verða. Göngum hnarreist til framtíðar, vinnum saman að lausn mála með öðrum þjóðum og sleppum öllum hugmyndum um að íslensk þjóð sé öðrum fremri eða betri. En gleymum heldur ekki þeirri staðreynd, að það er margt í okkur spunnið sem einstaklingar og sem samfélag og að meginstyrkurinn felst í samstöðu á ögurstundu og samhug þegar á reynir.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal jk@frettabladid.is og Þorsteinn Pálsson thorsteinn@frettabladid.is ADSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðdóm verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Íssn 1670-3871

Fáðu ráðgjöf um tímareimaskipti

Er tímareimin komin á tíma?

Fast verð hjá Vélalandi

Skoðaðu fast verð hjá Vélalandi. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.

Verðdæmi um tímareimaskipti:
Nissan Patrol 2,8 dísil Árgætt 1992-2000
Heildarverð, varahlutur og vinna: **34.606 kr.**

Toyota Land Cruiser 90 3,0D Árgætt 1997-2002
Heildarverð, varahlutur og vinna: **34.427 kr.**

Toyota Corolla 1,6 bensín Árgætt 1997-2001
Heildarverð, varahlutur og vinna: **34.212 kr.**


VW Golf 1,6 bensín Árgætt 1997-2006
Heildarverð, varahlutur og vinna: **36.213 kr.**

Ford Focus 1,6 bensín Árgætt 1998-2005
Heildarverð, varahlutur og vinna: **39.958 kr.**

Opið virka daga kl. 8:00 til 18:00
www.velaland.is

Vélaland sérhæfir sig í tímareimum. Komdu í Vélaland og fáðu ráðgjöf um skiptingu á tímareim. Vélaland skiptir fljótt og vel um tímareimina fyrir þig, á föstu verði.

Sjáðu hvar við erum. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.



VELALAND



FRÁ DEGI TIL DAGS

Ekki leita að sökudólgum

Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði á blaðamannafundinum í fyrradag að nú væri ekki rétti tíminn til að leita að sökudólgum. Það er svo sem ekki í fyrsta sinn sem landsmenn fá að heyra þá tuggu. Í þessu andrúmslofti er alveg gráupplagt fyrir þá sem eru með óhreint mjöl í pokahorninu að láta gamminn geisa nú þegar það er svona ótímabært að leita að sökudólgum. Ekki er vitað hvort það sé einmitt það sem vakir fyrir Annþóri Kristjáni Karlssyni en andlit hans mun blasa við á húsi Listasafns Reykjavíkur næstu daga.

Ög þó

Svo eru aðrir, sem sumir vilja setja á bekk með sökudólgum, sem eru ekkert að kaupa þennan málflutning forsætisráðherra. Björgólfur Guðmundsson segir í Morgunblaðsviðtali í dag að stjórnvöld og Seðlabankinn beri ábyrgð á því hvernig komið er. Ekki nóg með það heldur safnast fólk saman í Reykjavík, á Akureyri og Seyðisfirði til mótmæla stjórnvöldum. Það virðist því vera að sú stund sem sökudólga er leitað sé runnin upp en stjórnvöld hafa ekki tíma til að taka þátt í því, sem hlýtur að vera ágætt.

Sannleikurinn þvær þann saklausa

Sá sem var þó hvítþveginn af þungri sök á dögnum var Arni Mathiesen fjármálaráðherra en eftir að samtal hans og Alistairs Darling, kollega hans frá Bretlandi, var birt er engin leið að kenna honum um hörð viðbrögð yfirvalda þar í landi. Það væri óskandi að stjórnmalamenn færu oft þessa leið til að sýna fram á heilindi sín.

js@frettabladid.is

Samstaða um það sem mestu skiptir

Reykjavík er einstök borg. Hér býr vel menntað og hæfileikaríkt fólk í samfélagi þar sem innviðir eru öflugir og traustir. Lífsgæði eru með því besta sem þekkist og verðmætar orkulindir tryggja fjölbreytt tækifæri til framtíðar. Sveitarfélagið stendur fyrir öflugum rekstri og brást með skjótum og öruggum hætti við breytingum í efnahagsumhverfi þjóðarinnar með mótun aðgerðaáætlunar til að tryggja áframhaldandi öfluga grunnþjónustu.

Hafist var handa við mótun aðgerðaráætlunarinnar strax í ágúst undir formennsku Óskars Bergssonar formanns borgarráðs og að þeirri vinnu komu fulltrúar bæði meiri- og minnihluta. Aðgerðaráætlunin var svo samþykkt einróma í byrjun október. Með henni eru send skýr skilaboð allrar borgarstjórnar til borgarbúa um hvers megi vænta í rekstri og þjónustu borgarinnar á næstunni.

Grunnþjónustan varin

Aðhaldssemi í rekstri borgarinnar, fyrirhyggja og útsjónarsemi lykilstarfsmanna er meginástæða þess að Reykjavíkurborg hvílir nú á þeim trausta grunni sem gerir okkur kleift að tryggja áfram velferð og grunnþjónustu við íbúa. Staðinn verður vörður um þá þjónustu sem íbúar vænta frá leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum og almennri velferðarþjónustu. Að svo stöddu verða gjaldskrár óbreyttar og engin áform eru um uppsagnir starfsfólks þó dregið verði úr nýráðningum í stjórnsýslu



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR
Í DAG | Staða Reykjavíkurborgar

borgarinnar.

Megináhersla verður lögð á ábyrgja fjármálastjórn og stöðugleika í rekstri Reykjavíkurborgar. Borgaryfirvöld munu forgangsraða í þágu borgarbúa og leita allra leiða til að létta undir með þeim sem þegar þrengir að. Ljóst er að með sparnaði og hagræðingu er hægt að ná þessum markmiðum. Grunnþjónustan verður þannig varin á kostnað framkvæmda sem fresta má, án þess að það bitni verulega á atvinnustigi í borginni, með sparnaði í innkaupum og með því að hagræða hvar sem því verður við komið í rekstri borgarinnar.

Sérstakar aðgerðir í velferðarmálum

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur nú þegar gert ráðstafanir til að efla velferðarþjónustu og ráðgjöf sem veitt er í þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar með það að markmiði að leiðbeina einstaklingum og fjölskyldum sem lenda í erfiðleikum vegna efnahagsástandans. Bóðið er upp á sérstaka áfallahjálp og sálfræði- og félagsráðgjöf. Auka á samvinnu við lykilstofnanir á borð við Ráðgjafastofu heimilanna,

heilsugæslu, Vinnumálastofnun, Rauða Krossinn, stéttarfélag og Alþjóðahús. Börnin í borginni er önnur aðgerðaráætlun sem nú þegar er unnið eftir í leikskólum og grunnskólum og miðar að því að styrkja börn sérstaklega. Aðstoðin felst í því að fylgjast með, hlusta og hjálpa þar sem það á við.

Stöndum saman

Á þeim óvissutímum sem nú eru í íslensku samfélagi skiptir samstaðan öllu máli. Borgarstjórn Reykjavíkur vann sameiginlega að aðgerðaráætlun um rekstur borgarinnar og þeirri samvinnu verður vonandi fram haldið við fjárhagsáætlunargerð næsta árs. Sú eindræga samstaða á sér vart hliðstöðu í sögu borgarstjórnar Reykjavíkur og ég er mjög þakklát minnihlutunum fyrir þeirra aðkomu að þessu mikilvæga verkefni.

Efling þjónustunnar hefur kallað á skjót vinnubrögð og samtakamátt hjá starfsmönnum borgarinnar. Við eignum því láni að fagna að njóta krafta frábærra starfsmanna sem hafa lagt sitt lóð á vogarskálarnar til að efla þjónustu við borgarbúa. Nú þéttum við raðirnar og minnumst þess að þótt á móti blási um stund biða sóknarfærin við næsta leiti. Við þessar aðstæður hvet ég alla borgarbúa til að standa þétt saman, því með sameinuðu átaki okkar allra munum við tryggja að Reykjavíkurborg verði áfram borg tækifæra, velferðar og lífsgæða.

Höfundur er borgarstjóri í Reykjavík.

Hverjum getum við treyst?

UMRÆÐAN

Njörður P. Njarðvík skrifar um stjórnmal

Í þeim efnahagslega hvirfilbyl sem á okkur dynur og skilur eftir sviðna jörð, er brýnt að geta treyst einhverju. Því vaknar þessi spurning: Hverjum eigum við að treysta? Hverjum getum við treyst?

Getum við treyst forsætisráðherra sem mánuðum saman hefur fullvissað okkur um að allt væri í lagi, engra aðgerða þörf, – og gengi krónunnar myndi styrkjast fljótlega? Getum við treyst ríkisstjórn sem hefur tvær öndverðar skoðanir á stefnumörkun og framtíðarsýn þjóðarinnar? Getum við treyst forystu Samfylkingarinnar sem lá svo á að komast í ríkisstjórn að hún gleymdi að flokkur hennar kennir sig við jafnaðarstefnu – og hefur stutt glórulausa markaðshyggju? Getum við treyst stjórnmalámönnum sem telja sig geta gegnt hvaða ráðherraembætti sem er? Getum við treyst seðlabanka þar sem formaður stjórnar og aðalbankastjóri eru báðir afdankaðir stjórnmalamenn án þekkingar og menntunar í hagfræði? (Ég er stundum spurður að því hvort ekki sé mikil spilling í Tógo. Þá svara ég því til að á 10



NJÖRÐUR P. NJARÐVÍK

árum hafi ég hitt þar fimm forsætisráðherra og enginn þeirra hafi skipað sjálfan sig seðlabankastjóra.)

Getum við treyst Alþingi þar sem framkvæmdavaldið skipar heiðursseti og stjórnarliðar hverju sinni eru þegjandi afgreiðslumenn þess?

Þurfum við ekki aðskilnað löggjafar- og framkvæmdarvalds þar sem ráðherrar hafa hvorki atkvæðisrétt né setu?

Þurfum við ekki þingræði í stað ráðherra-valds? Getum við treyst forseta sem hefur

lofsungið fjárglæframenn?

Getum við treyst fjármálaeftirliti sem hefur steinsofið? Getum við treyst forystumönnum sem fá þá einkunn hjá þekktum erlendum hagfræðingi að þeir séu flón? Nú hrópa stjórnarherrar á samstöðu. Með hverjum?

Nú segja þeir að við sitjum öll í sama báti. Um það sagði sænski rithöfundurinn Vilhelm Moberg eitt sinn: „Þegar stjórnmalamaður segir að við sitjum í sama báti, þá skaltu vara þig. Það táknar að þú skulir róa.“ Og nú eigum við að róa áttavita-laus með önyta skipstjórn.

Hverjum getum við treyst?

Höfundur er prófessor emeritus við Háskóla Íslands.



**Komdu
norður!**



Matur



Verslun



Listir



Menning

Helgarævintýri á Akureyri

Akureyri býður upp á fjölbreytta möguleika fyrir þá sem vilja njóta ævintýralegrar skemmtunar í einstöku umhverfi. Jarðböðin við Mývatn og fleira stórskemmtilegt er að finna steinsnar frá.

Nokkrar staðreyndir um ferðamannabæinn Akureyri:

- Leikhús, listasafn og fjöldi annarra skemmtilegra safna og gallería, tónleikar, viðburðir.
- Vetrarparadís, 2 sundlaugar, 3 líkamsræktastöðvar, 5 heilsulindir, skautahöll, lystigarður, keilusalur, gönguleiðir og skipulagðar gönguferðir, siglingar, reiðtúrar, óvissuferðir, Hrísey og að sjálfsögðu Kjarnaskógur.
- 5 hótél, 12 gistiheimili, 200 orlofsíbúðir og aðrir gisti möguleikar allt um kring.
- 16 veitingastaðir, Matur úr héraði, 12 skyndibitastaðir og sjoppur, 8 kaffihús, 2 kvikmyndahús, 6 skemmtistaðir.
- Auðvelt að komast um: Frítt í strætó og frí bílastæði - munið bílastæðaklukkurnar.
- Gott úrval verslana í miðbænum, Glerártorgi og víðar.

Nánari upplýsingar á visitakureyri.is og nordurland.is

Beint í það sem við gerum best

Yfirvaldið heldur ekki í við fjöruga þjóðina og því þarf að breyta. Áföllum fylgir oft hugarfarsbreyting og það er það sem þjóðin þarf núna frekar en nýja lausn sem kemur eins og prins á hvítum hesti og býðst til að leysa bankana af.

Fréttablaðið boðaði fimm manna hóp málsmetandi karla og kvenna til að deila með lesendum framtíðarsýn sinni nú þegar þjóðin er komin að krossgötum og sitt sýnist hverjum um hvert skuli halda.

Þeir sem sátu fundinn voru Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri hugbúnaðarfyrirtækisins CCP, Björk Guðmundsdóttir tónlistarmaður, Jónas Haralz, fyrrum bankastjóri og efnahagsráðgjafi, Ari Trausti Guðmundsson, jarðfræðingur og rithöfundur, og María Huld Markan Sigfúsdóttir, tónlistarmaður úr hljómsveitinni Amiinu.

Jónas mætti fyrstur í fundarherbergið til Jóns Sigurðar Eyjólfsssonar blaðamanns og meðan fólkið var að tínast inn sagði hann frá fyrri þrengingum sem þjóðin hefur farið í gegnum. Björk hefur að undanförnu unnið með hópi ungs fólks að verkefninu Neisti, í samvinnu við Klak og Háskólann í Reykjavík, en það miðar að því að ýta undir nýsköpun og greiða götu sprotafyrirtækja í landinu. Spjallið fór því frá fyrri þrengingum yfir í nútímann og að væntingum sem aldrei yfirgefa mannskepnuna, hversu hart sem heimurinn tekur á henni. En síðan beindist spurningin að þeirri yngstu í hópunum.

BLM: Menn hafa verið að gera því skóna að þeir sem eldri eru og muni tímana tvenna eigi auðveldara með að komast í gegnum þessar þrengingar en yngri kynslóðir sem hafi verið aldar upp við hálfgerðar vellystingar muni eiga erfiðara með það. Hverju svarar þú þessu?

María Huld: „Ég hef oft heyrt þessu fleygt. En ungt fólk hefur oft þurft að læra það að aðlagast breyttar aðstæður með skjóttum hætti. Og nú eru enn einu sinni uppi algjörlega nýjar aðstæður sem fólk þarf að laga sig að. Þannig að ef ráðamenn eru einhverjir fulltrúar eldri kynslóðar og eiga aðeins tvö orð í forðanum þegar spurt er um lausnir; það er að segja „ál“ og „fiskur“ þá tel ég rétt að hafa frekar áhyggjur af þeim.“

Hilmar: „Ég held að þetta sé hárrétt, við ættum frekar að hafa áhyggjur af fólkinu sem bjó til þessa vitleysu og það var ekki unga kynslóðin. Hún var var upptekin við að búa til fyrirtæki eins og CCP meðan batteríð bjó til bankana.“

Nú þegar bankarnir eru farnir

Björk: „En það er mikilvægt að byggja upp gott umhverfi til að starfa í. Ég hef á síðustu vikum verið í miklu sambandi við fólk sem er að vinna við sprotafyrirtæki og því ber flestu saman um að það sé varla grundvöllur til að starfa hérna þar sem reglugerðirnar geri fyrirtækjum svo erfitt fyrir og stuðningur er af skornum skammti. Og ef því verður ekki breytt þá mun þetta fólk bara flýja land.“

Hilmar: „Ja, nú eru bankarnir farnir svo þá er loks hægt að fara að gera eitthvað.“ Þetta inniskot Hilmars vekur nokkra kátínu. „Nei, það er satt. Þeir héldu uppi alls konar vitleysu hérna. Til dæmis allt of háu gengi þrátt fyrir að Samtök iðnaðarins og allir þeir sem hafa eitthvað um þessi mál að segja hefðu reynt að beina þeim frá villu sins vegar.“

Jónas: „Grundvallarverkefnið núna er að koma gjalddeyris- og gengismálum í lag. Það höfum við í rauninni aldrei gert. Við áttum lengi vel engan seðlabanka, við vorum með gullfótinn sem aðili að myntbandalagi Norðurlanda, en það fór allt út um þúfur í fyrri heimsstyrjöldinni og varð aldrei endurreist. Svo höfum við verið með þennan litla gjaldmiðil svo okkur hefur í raun alltaf skort festu. Nú er aðeins ein leið fær og það er myntbandalag Evrópu sem felur það í sér að við göngum inn í Evrópusambandið. Þegar við höfum gert það fáum við þann grundvöll undir okkar atvinnulíf og okkar viðskipti sem við höfum ekki haft áður.“

Breytingarnar gerast hægt

Ari Trausti: „Ég held ég verði að flækja þetta aðeins. Menn eru að tala um hið nýja Ísland en ég stórefast um að eitthvað slíkt sé í uppsiglingu. Slíkar breytingar verða ekki til á einu ári, þær gerast á áratug eða meira. Og forgöngumenn slíkra breytinga eru dreifðir um allt þjóðfélagið. Þeir eru ekki í einum samtökum. Enda sjáid þið það að eina lausnin sem er í sjónmáli verkalýðshreyfingarinnar er innganga í Evrópusambandið. Hún hefur aldrei verið virk í neinu aðhaldi eða verið mótvægi gegn þessu sem verið hefur að gerast frekar en stjórnmöld. Þannig að ég treysti ekki því fólk sem bjó til þetta ástand til að byggja upp eitthvað nýtt.“



ÞAÐ ER MARGT SKONDIÐ ÞÓ AÐ STAÐAN SÉ ALVARLEG Aðstæður eru vissulega slæmar og viðmælendur höfðu ýmislegt út á framgang stjórnvalda að setja en þó verður staðan seint svo slæm að ekki megi brosa í kampinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þessir forgöngumenn eru heldur ekki af einni kynslóð. Til dæmis lék þruppukynslóðin gamla með í þessum leik núna alveg jafnt og sumt ungt fólk. Svo þetta er ekki spursmál um aldur heldur hugmyndafræði, siðferði og það að geta setið á strák sínum frekar en að sleppa sér í græðginni. Vegna þess að ójöfnuðurinn í samfélaginu jókst á þessum síðustu sex árum, ég held að allir séu sammála um það, meira að segja þeir sem höfðu það gott og voru hlynntir þeirri þróun sem var að eiga sér stað. Sjálfur er ég alveg sannfærður um það að tugþúsundir Íslendinga þyrja algjörlega á mis við allar þær vellystingar sem annars viðgengust í þessu góðæri.

Þannig að nú verðum við að koma umræðu og stefnumótun í gang í þjóðfélaginu og vissulega mun það leiða til þess að til verður eitthvað nýtt en ég tel að það verði þó ekki svo frábregðið því sem við þekkjum. Kapítalisminn hefur gengið í gegnum kreppur og yfirleitt alltaf náð sér og aðlagast, nú koma til dæmis umhverfismálin inn í. Þannig að ég tel að við séum ekkert að fara gjörbreyta landinu eða heimsmynd okkar svona í einni svipan.“

Hilmar: „En ef þetta er ekki nóg til að koma okkur í Evrópusambandið þá spyr ég mig nú bara hvað þurfi að ganga á svo við komum okkur þangað inn. Ef við förum ekki inn í Evrópusambandið þá fara fyrirtækin þangað bara sjálf.“

Skortir sjálfstraust til að hætta í bandingjaleiknum

Ari Trausti: „En það er með okkur Íslendinga að við erum alltaf bandingjar einhvers. En nú þurfum við að koma okkur úr þessum bandingjaleik því á meðan við leikum hann getum við aldrei spunnið okkar örlagavef sjálf heldur látum við alltaf leika okkur út í horn þar sem við síðan neyðumst til að taka þá einu leið sem liggur úr stöðunni. Einu sinni vorum við bandingjar Dana, þá þurftum við að sitja og standa eins og þeir vildu. Svo tókst að skera á þau tengsl en þá kemur upp ákveðin þjóðfélagsþróun sem kalla mætti stóriðjustefnu. Þar er engin lausn á nokkrum sköpuðum hlut önnur en að moka hingað inn erlendum peningum eða fyrirtækjum. Svo er landsbyggðin bandingi kvótakerfisins og getur í raun ekkert gert því þetta kerfi er svo bandvitlaust. Og nú erum við einn ganginn enn komin út í horn og neyðumst við til að ganga inn í Evrópusambandið til að komast þaðan út.“

Jónas: „Það sem við áttum að gera var að ganga í Evrópusambandið árið 1992 í staðinn fyrir að fara inn í Evrópska efnahags-svæðið. Því þegar við förum inn í það fengum við algjört frelsi til að stofna fyrirtæki erlendis, flytja fjármagn og vörur frjálst milli landa og þar fram eftir götum. Þetta frelsi sem okkur áskotnaðist þarna er það sama og aðrar Evrópuþjóðir búa við en þær hafa líka byggt heilt öryggiskerfi sameiginlegrar myntar og sameiginlega seðlabanka í kringum það. Við stöndum hins vegar fyrir

utan þetta kerfi og það er grundvallar-ástæðan fyrir því hvernig fyrir okkur er komið í dag.“

Björk: „Mér finnst eins og það vanti sjálfstraust í okkur Íslendinga. Eins og þú, Ari Trausti, bentir á þá þurfum við alltaf að vera að fara í lið með einhverju landi til þess að finnast við vera verðug í stað þess að koma fram af sjálfstrausti og vera bara hróðug af menningu okkar eins og hún er. Það færi okkur miklu betur en að vera að hengja okkur utan í einhverja aðra af eintómri minnimáttarkennd. Ég sé til dæmis ekkert eftir því að hafa stofnað þessar hljómsveitir sem enginn skildi nokkuð í þegar ég var 16 ára frekar en að vera í einhverju U2-coverbandi eins og þá tíðkaðist og bíða eftir því að frægðin bankaði upp á.“

Hilmar: „Guð sé lof fyrir að þú skildir ekki hafa farið þá leið.“

Hugarfarsbreytingu, takk!

María Huld: „Ef við erum að hugsa um lausnir þá myndi ég frekar óska eftir hugarfarsbreytingu heldur en einhverjum nýjum prins á hvítum hesti sem kæmi til að leysa bankana af. Því ef þú breytir ekki hugarfarinu þá gerir þú alltaf sömu mistök-in. Ég vona að þetta áfall sem við höfum orðið fyrir núna verði til þess að við látum af þessum jarðýtuhröka. Við höfum nefnilega farið offari á jarðýttunni, rutt öllu frá sem fyrir varð á leið okkar til að verða best og mest. Við skellum líka skollaeyrum við hverju því sem minnti okkur á það að okkur gætu orðið á mistök. Í staðinn fyrir þennan broka vildi ég að kæmi stolt; stolt yfir því hver við erum með öllu sem því fylgir.“

Kunnum að skapa en ekki að fara með peninga

Hilmar: „Íslendingasögurnar eru hugarheimur, það sem Björk gerir er viss hugarheimur, Latibær er hugarheimur, það sem við í CCP gerum er viss hugarheimur og við sköffum virðisauka hér á Íslandi fyrir 50 milljónir dollara, ég hef ekki fylgst nógu vel með í morgun til að vita hvað það er í íslenskum krónum. Það er hreinn virðisauki, ekki eins og í áliðnaðnum þar sem afurðin er flutt inn og síðan út og aðeins sáralítill virðisauki situr eftir. En í hinum tilfellunum verður virðisaukinn til úr hugmyndum fólks. Þetta er það sem við erum góð í, þetta er það sem útlendingar kaupa af okkur. Við kunnum hins vegar ekkert með peninga að fara og höfum aldrei gert. Það er heldur ekki okkar sterkasta hlið að setja lög þannig að við eigum bara að láta alvöru fagfólk í Brussel sjá um gera fyrir okkur regluverkið og halda utan um peningastefnuna meðan við einbeitem okkur að því sem við gerum best.“

Það er í raun alveg ótrúlegt að meðan allir eru búnir að átta sig á þessu skuli kerfiskarlar sem enn eru að reyna að átta sig á því hvernig maður sendir ímeil vera að ríghalda í regluverk sem er fyrir löngu úr sér gengið.“

Björk: „Það var einmitt þetta sem fólkið í sprotafyrirtækjunum segir mér, það erfiðasta við þetta eru reglugerðirnar sem eru bara svolítið „SÍS“. Eins og það að fólk getur ekki verið með sína eigin osta á bóndabæjunum því það verður það að senda alla mjólkina, það er svolítil kommúnistalykt af þessu. Það getur ekki verið með heimaslátrun. Þetta er algjör synd því Ísland gæti orðið svona eins og Toskana á Ítalíu þar sem lítil matvælafyrirtæki blómstra en það er ekki hægt hérna vegna allra þessara reglugerða.“

Og nú þegar þessi kreppa hrellir okkur þá er fullt af hæfu bankafólki að missa vinnuna og það þarf að búa til fyrirtæki fyrir allt þetta hæfa fólk. Þess vegna væri það að hoppa í álver alveg rosalegt synd.“

María Huld: „Já, það væri alveg stórkostlegt ef það væri ekki einblínt svona á fáar leiðir í verðmætasköpuninni. Ég á marga vini sem finna sér ekki farveg hérna þar sem fjölbreytnin er svo takmörkuð.“

Björk: „Gott dæmi um þetta er fyrirtækið Orf líftækni sem er frábært fyrirtæki. Það framleiðir prótín fyrir lækningarssóknir, lyf og iðnað úr byggi. Og það þarf að borga fullt orkuverð fyrir sín gróðurhús en á sama tíma borgar Alcoa einn fimmta. Það er fullt af fólki sem myndi vilja rækta grænmeti og fleira, það myndi kannski gera það ef það nyti sömu forréttinda.“

„Er ekki farinn að hugsa svona langt“

Ari Trausti velti fyrir sér ódagotinu sem einkennir oft vinnubrögð okkar Íslendinga og gagnrýndi að við skyldum af skammssýni sífellt hugsa í skynðilausnum. Jónas varð þá hugsað til skólafélaga síns frá því í Stokkhólmi árið 1938. „Þá var erfitt að fá peninga að heiman rétt eins og nú. Einn félagi minn sem var rétt að því kominn að taka lokapróf átti við þennan vanda að etja svo hann spurði mig einn morguninn hvort ég gæti lánað sér fyrir morgunmat svo ég lánaði honum eina krónu. Svo fer hann af stað en ég kalla á eftir honum: „En vantar þig ekki fyrir hádegisverði líka?“ og hann svarar. „Nei, ég hugsa aldrei svo langt fram í tímann.“ Sagan vekur mikla kátínu og Jónas bætir við: „En þessum manni farnaðist afar vel að námi loknu.“

Hilmar: „Já, við Íslendingar kunnum að redda okkur en það sem þarf að gera er að búa til stöðugt starfsumhverfi, það er hlutverk stjórnmalamanna. Þeir eiga að búa til þetta umhverfi en ekki vera að búa til störf, fólkið sér sjálft um það.“

Björk: „Og þó að við Íslendingar hugsum oft ekki langt þá er þetta verkefni sem ég er í núna með sprotafyrirtækjunum hugsað sem langhlaup sem byrjaði fyrir átta vikum, það er að segja fyrir hrun bankanna. Rétt eins og langhlaupið sem hófst þegar ég var 16 ára að flakka á milli staða í rútu til að spila fyrir fólk og jafnvel án þess að borða í marga daga. Það leið á löngu, og ég fór oft á hausinn, áður en það fór að gera sig.“

Menntun er þinn auður!



Almennt tölvunám

Sérstaklega hagnýtt námskeið fyrir þá sem eru komnir af byrjunarstiginu og eru að nota tölvu í vinnunni eða heima. Tilvalið námskeið fyrir þá sem þurfa að auka öryggi sitt í allri tölvuvinnu með aukinni þekkingu, hraða og færni. Windows, Word, Excel, Internet og Outlook tölvupóstur

- ➔ Lengd 63 std Verð kr. 44.900,- Allt kennsluefni innifalið.
- ➔ Hefst 3. nóv og lýkur 10. des, kennt er tvisvar í viku, morgun og kvöldnámskeið í boði.

Vefsíðugæð – grunnur

Vinsælt námskeið ætlað byrjendum í vefsmíði og fólki sem vill koma sér upp einfaldri og þægilegri heimasíðu með sérstakri áherslu á myndgerð og myndanotkun á heimasíðunni. Kennt er á algengustu forritin sem notuð eru til vefsmíða og myndvinnslu fyrir vefinn, Dreamweaver og Photoshop.

- ➔ Lengd 47 std Verð kr. 49.000,- Allt kennsluefni innifalið.
- ➔ Hefst 5. nóv og lýkur 3. des, kennt er tvö kvöld í viku, mán og mið kl 18 – 21:30

Grafísk hönnun

Vinsælt og hagnýtt nám fyrir skapandi fólk. Kennt er á mest notuðu hönnunarforritin í dag.

- ➔ Photoshop
- ➔ Illustrator
- ➔ InDesign



Lengd 105 std Verð kr. 116.000,- Allar kennslubækur innif. Hefst 28. október, kennt er þri og fim kl 18 – 21:30 og annan hvern lau kl 9-12:30

Stafrænar myndavélar

Vinsælt þriggja kvölda námskeið um stafrænar myndavélar og um meðhöndlun og geymslu stafrænna mynda í heimilistölvunni. Stillingar myndavéla, myndir fluttar í tölvu, skipulag myndasafns og lagfæringar mynda. Heimaprentun/framköllun, myndir sendar í tölvupósti og brenndar á diska o.fl.

Lengd 14 std Verð kr. 15.000,- Kennslubók innifalin. Hefst 29. okt.



Stök forrit	St.fj	Verð	Hefst
Excel frh. (Stjórn og skipulag)	14	24.500,-	4. nóv
Photoshop – grunnur	21	24.500,-	5. nóv
Word ritvinnsla	21	24.500,-	5. nóv
Flash	21	24.500,-	5. nóv
Excel grunnur	21	24.500,-	19. nóv
Dreamweaver	26	29.000,-	19. nóv
Office 2007 kynning	5	7.900,-	3. nóv

➔ Eldri borgarar 60+ Grunnnámskeið

Lengd 30 std Verð kr. 20.500,- Kennslubók innifalin. Hefst 5. nóvember, kennt er mán og mið kl. 13 – 16

➔ Eldri borgarar 60+ Framhald

Lengd 30 std Verð kr. 20.500,- Kennslubók innifalin. Hefst 6. nóvember, kennt er þri og fim kl. 13 – 16

Microsoft
GOLD CERTIFIED
Partner

Learning Solutions
Networking Infrastructure Solutions

TÖLVUSKÓLINN
isoft-þekking

Skeifan 11B • 108 Reykjavík • Sími 511-3080 • isoft@isoft.is • www.isoft.is

FRANCOIS MITTERAND FÆDDIST
PENNAN DAG ÁRIÐ 1916.

„Maður missir samband-
ið við raunveruleikann ef
maður er ekki umkringdur
bókunum sínum.“

Mitterand gegndi forsetaemb-
ætti Frakklands á árunum 1981
til 1995 og hefur setið lengst
Frakklandsforseta í embætti.
Hann lést 8. janúar 1996 og
hefði orðið 92 ára í dag.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 26. OKTÓBER ÁRIÐ 1986

Hallgrímskirkja er vígð

Hallgrímskirkja var vígð þennan dag árið 1986. Hún er kennd við Hallgrím Pétursson, prest og sálmaskáld, en hann orti meðal annars Passíusálmana. Kirkjan hafði verið í smíðum í 41 ár þegar hún var vígð. Húsameistari ríkisins, Guðjón Samúelsson, gerði teikningar að kirkjunni árið 1937 þar sem hann reyndi að sameina íslenska náttúru og byggingarlist í hönnun kirkjunnar. Áhrifa íslenska stuðlabergsins má sjá gæta í hlíðarvængjum kirkjunnar.

Að fjármögnun byggingarinnar kom söfnuð-
urinn sem kostaði um 60 prósent en restin kom



frá einstaklingum, fyrirtækjum og ríkisstofnunum. Kapellann undir kirkjunni var vígð árið 1948. Turninn, sem er 73 metra hár, og kirkjuvængirnir með nýrri kapellu voru tilbúnir árið 1974.

Nýtt pípuorgel var vígt í kirkjunni árið 1992 en það var smíðað í Þýskalandi og er stærsta pípuorgel á landinu. Fyrirtæki og einstaklingar fjármögnuðu orgelsmiðina með því að kaupa pípur í orgelið sem eru sérmerktar kaupandanum. Pípurarnar eru 5.275 talsins. Hallgrímskirkja er mest áberandi mannvirki Reykjavíkurborgar og sést um víðan völl frá turninum.

MERKISATBURÐIR

- 1492 Blyantur er notaður í fyrsta skipti.
- 1927 Gagnfræðaskólinn á Akureyri fær heimild til að útskrifa stúdenta og verður Menntaskólinn á Akureyri.
- 1936 Útvarpsþátturinn Um daginn og veginn hefur göngu sína.
- 1949 Harry S. Truman Bandaríkjaforseti hækkar lágmarkslaun úr 40 sentum upp í 75 sent.
- 1957 Útvarp Vatikansins hefur útsendingar.
- 1961 Eldgos hefst í Öskju í Dyngjufjöllum.
- 1965 Reykjanesbraut milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur er formlega opnuð fyrir umferð.
- 1972 Ferðir með leiðsögn hefst um Alcatraz-fangelsið.



Ástkær eigenmaður minn, faðir, afi
og vinur,

Alfreds Rogulis

Sólvallagötu 31,

lést þann 20. október.

Never forgotten, always close to our hearts.

Andzela Zumente
Elizabet Maria
Deivid Roland
Dzonotan Mikelis



Ástkær systir okkar, mágkona, föður-,
móðursystir og frænka,

Brynja Ragnarsdóttir

sjúkralíði, Vesturvallagötu 1, Reykjavík,

lést á líknardeildinni í Kópavogi miðvikudaginn
22. október. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju
föstudaginn 31. október kl. 15.00.

Gunnlaug Hanna Ragnarsdóttir
Ragna Kristín Ragnarsdóttir
Auður Halldórsdóttir
Kristín Jóhanna Mikaelssdóttir
Kristín Emilsdóttir
Ragnar Þór Emilsson
Eva María Emilsdóttir
Ragnar Mikael Gíslason
Bryndís Emilía Qvarfot
og fjölskyldur.

Gísli Guðjónsson
Jan S. Christiansen
Birna Bergsdóttir
Birgir Mikaelsson
Sólveig Berg Emilsdóttir
Bergur Már Emilsson
Guðjón Emil Gíslason
Bjarki Þór Qvarfot



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og systir,

Vilborg Katrín

Þórðardóttir Petít

Brekustíg 29a, Reykjanesbæ,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja mánudaginn 20.
október. Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvírkirkju
miðvikudaginn 29. október kl. 13.00.

Leethor Cray
Björg Hauks Cray
Reynir Hauksson Monica Hauksson
barnabörn, barnabarnabörn og systkin.

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Mikið úrval
Yfir 40 ára reynsla
Sendum myndalista

MOSAÍK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og
útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.
Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is
eða hringja í síma 512 5000.



GÓÐ SKEMMTUN Sýnt verður hvað röddin getur í sérstakri dagskrá tileinkaðri röddinni í Gerðubergi.

FRÉTTABLAÐIÐVALLI

DAGUR RADDARINNAR: LOKADAGUR TÍU ÁRA DAGSKRÁR Í GERÐUBERGI

Röddin er aðalhljóðfærið

Dagurinn í dag verður tileinkaður röddinni með dagskrá í Menningar-
miðstöðinni Gerðubergi frá klukkan 13.50 til 17.30. Dagurinn markar ákveðin tímamót í sögu Gerðubergs sem undanfarin tíu ár hefur tekið eitt hljóðfæri fyrir á ári og kynnt.

„Þetta þótti komið hringinn og okkur fannst liggja í augum uppi að enda þessa dagskrá með röddinni, því hún er kannski aðalhljóðfærið,“ segir Hólmfríður Ólafsdóttir, verkefnastjóri hjá listadeild Menningar-
miðstöðvarinnar Gerðubergs. Undanfarin ár hefur félag íslenskra tónlistarmanna unnið að dagskránni í samvinnu við Gerðuberg sem hefur svo fengið faghljómlistarmenn til að koma fram. Hólmfríður segir yfirleitt reynt að hafa dagskrána sem skemmtilegasta og að hún höfði til sem flestra. Dagurinn í dag verður engin undantekning.

„Núna verða teknar fyrir þessar allra frægustu ariur úr óperum og jafnvel gert eitthvert grín á milli. Þetta á ekki að vera háfleygt, heldur skemmtun og þessir dagar hafa ekki verið á faglegum nótum í sjálfu sér. Þarna er verið að kynna fyrir fólki hvað hefur til dæmis verið skrifað fyrir fiölu, sem var hljóðfæri dagsins í fyrria, allt frá barnalögum og upp í flóknustu verk sem til eru. Skemmtitónlist, klassík eða nútímatónlist. Núna á að sýna hvað röddin getur og verður farið niður í dýpstu bassatóna og upp í hæstu sóprantóna.“

Meðal atriða í dag verður raddgjörningur Sverris Guðjónssonar en einnig koma fram Bergþór Pálsson, Elín Ósk Óskarsdóttir, Sigrún Hjálmtýsdóttir og Jóhanna Halldórsdóttir svo einhverjir séu nefndir. Frægustu ariurnar úr La Traviata, Rakaranum frá Sevilla, Toscu og Töfraflautunni

verða fluttar og lofar Hólmfríður magnaðri upplifun.

„Í hléum verður síðan léttur söngur og jafnvel farið út í þjóðlega tónlist. Eftir hlé verður farið út í söngleiki, djass, barokk og svo verður flutt tóndæmi úr samtímaverki. Í lokin mun svo Jónas Ingimundarson fá til sín góða söngvara sem munu veita innsýn inn í heim íslenska sönglagsins sem Gerðuberg var með til fjölda ára.“

Hólmfríður segir síður en svo verkefnaskort fram undan þó að þessum tíu ára dagskrárliði sé lokið í sögu Gerðubergs, ný verkefni taki við. „Við snúum okkur að öðru. Við ætlum til dæmis að hýsa hluta af Jazzhátíð Reykjavíkur á næsta ári, meðal annars unga djassista sem eru að stíga sín fyrstu spor. Okkur langar að styrkja grasrótina og ungt fólk sem er að koma sér á framfæri og opna húsið fyrir þá hóp.“

heida@frettabladid.is

Fá stuðning í gegnum síma

Kópavogsbúum gefst nú kostur að leita sér hughreystingar í gegnum síma.

„Það felst í að boðið er upp á grænt númer fyrir Kópavogsbúa, 800 5500, sem er símanúmer ráðgjafavers til að veita íbúum, sem glíma við vanlíðan og erfiðleika vegna þess ástands sem skapast hefur í þjóðfélaginu, stuðning og leiðsögn,“ segir um verkefnið Hönd í hönd sem kynnt var á fundi félagsmálaráðs á þriðjudag.

Verkefnið er unnið í samstarfi Kópavogsbæjar, presta í Kópavogi, Menntaskólans í Kópavogi, heilsugæslunnar og Kópavogseildar Rauða krossins.



Kópavogsbær er í samstarfsverkefni til að styðja þá sem glíma við vanlíðan. Hér sjást oddvitar í bæjarstjórn.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

matur

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT]

október 2008

Villibráð að hætti Hótelis Flúða

Heiðagæis á bláberjarauðkáli

Hollustukökur Magneu Davíðsdóttur

Hveitikímkökur sem gott er að frysta

Kristín Einarsdóttir eldar fiskbollur

Góðar í kreppunni

Vetrarfordi.

Safnað í matarkistuna
fyrir veturinn

VERSLUN SÆLKERANS SLÁTUR ER HERRAMANNSMATUR
TÍMI HÚSFREYJUNNAR MATREIÐSLUBÓK MÁNAÐARINS

TÍMI HÚSFREYJUNNAR

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir skrifar

Þótt runnin sé upp 21. öldin, með tilheyrandi tækni og tilbúnum réttum, virðist heimsmyndin nú lúta þeim örlögum að hverfa hratt til kreppuáranna mögru, sem margir sjá, að óreyndu, í rómantískum ljóma.

Á styttri tíma en mannsaldri hafa Íslendingar farið offari í framfarastökkum til betra lífs, enda enn á meðal okkar einstaklingar sem ólust upp í röku lofti torfbæja og muna þá fábrotnu tíma þegar rautt epli, tólgarkerti og spilastokkur voru ríkidæmi á jólum.

Skyldum við hafa farið of geyst? Kannski almættið hnippi nú í okkur til að staldra við og enduruppgötva gildin sem best reyndust og mestu skipta? Því hvað skiptir mestu og veitir mesta vellíðan? Stórt er spurt og margvísleg svörin, en víst er að kærleikur, samvera við ástvini og öruggt skjól í hreiðrinu heima vega þungt og þá ekki síðra að búið sé fullt.

Flestir sem nú eru komnir á fertugsaldur eiga hjartfólgnar minningar um eldhúsið heima, þar sem mamma beið með heimabakað brauð og kökur eftir skóla; þar sem fjölskyldulífið fór fram yfir eldhúsbörðum á meðan mamma eða amma steikti kleinur, hnoðaði tertur, tók slátur, flakaði fisk í pott eða stóð yfir gúllasgerð og grænmetisstöppu úr uppskeru matjurtagarðsins; þar sem sunnudagsmorgnarnar ilmuðu af ofnsteiktum lambahrygg og Guðs orð ómaði úr útvarpinu um leið og húsfreyjan brúnaði kartöflur á pönnu. Þá var sko gósentíð húsfreyjunnar; þeirrar sem enn býr í hjörtum okkar og verður alltaf þungamiðja heimila í allri sinni dýrð.

Þetta voru fallegir tímar, saklausir og heimilislegir. Andrúm sem nú hefur verið endurvakið því tími húsfreyjunnar, og vitaskuld heimilisfeðra, á nútímavísu, er runninn upp á ný.

Einkunnarorð íslensks heimilishalds nú er hagsýni, fyrirhyggja, búbætur, ríkulegt búr og heimagerð matseld. Rétti tíminn til að baka daglegt brauð og kökur fyrir gesti, kaupa skrokka í frystinn til vetrarins, fisk í öskjum, fylgjast með góðum tilboðum og sýna natni í hráefnisnotkun og matargerð fyrir fjölskylduna.

Pannig blómstrum við á ný. Finnum hamingju og heilagleika heimilisins aftur, um leið og við nærum sálir og svanga kroppa.

SKÝRINGAR Á UPPSKRIFTATÁKNUM:



Aðalréttur



Hvunn dags



Til hátíða-
brigða



Annað kjöt
en fuglakjöt



Fugla-
kjöt



Fiskur



Grænmeti



Ódýrt



Magnea Davíðs-
dóttir bakar kökur
úr hveitikími í
vöflujárninu.

HVEITIKÍMKÖKUR Í FRYSTINN

Fleira má baka í vöflujárninu en vöflur. Magnea Davíðsdóttir lumar á uppskrift að hveitikímkökum sem gott er að frysta.



Magnea Davíðsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur hjá Verkalýðsfélagi Reykjavíkur, bakar reglulega í frystinn. Hún hætti að borða hveiti og ger fyrir nokkru og bakar nú kökur úr hveitikími sem er innsti kjarni hveitis og geymir alla hollustuna að hennar sögn. Hveitikímkökurnar bakar hún í vöflujárninu og þá gjarnan nokkrar í einu.

„Ég nota olíusprey á vöflujárninu og smyr deiginu í járninu og baka eins og vöflur. Ég baka slatta í einu og set í frost og tek svo jafnóðum út og skelli þá í brauðristina. Kökurnar bragðast mjög vel með smjöri og osti.“

Hveitikím er sem áður sagði innsti kjarni hveitisins en það fellur út þegar hveitið er unnið. Það er yfirfullt af næringarefnum og er til dæmis ríkt af fólínsýru. „Hveitikímið finnst ekki í hveitihillunni í búðum. Ég hef keypt það í Hagkaup og þar er það í kæli hjá heilsuvörunum. Svo er mjög gott að frysta hveitikímið sjálft,“ útskýrir Magnea. Hún segir hveitikímkökurnar vinsælar á heimilinu og gott að grípa til þeirra úr frystinum.

- rat



HVEITIKÍMKÖKUR

Uppskrift gefur eina köku, en skammturinn jafnast á við eina stóra vöflu.

60 gr. hveitikím

½ tsk. kanill

1 til 2 tsk. sesamfræ/hörfræ eða kúmen eftir smekk

¼ tsk. salt

1 tsk. sykurlaust bragðefni, má sleppa (flöskurnar keyptar í Kaffitári) Vatn

Vatni bætt út í þangað til deigið er orðið þykkt grautur. Bakað í vöflujárninu.

VERSLUN SÆLKERANS

Klausturvörur

Í versluninni Klausturvörur er að finna matvöru, listmuni og snyrtivörur sem framleiddar eru í klaustum víða í Evrópu.

Til dæmis er hunang þar í miklu úrvali og má í því samhengi nefna möndlublóma- og kastaníuhunang. Eins er mikið af sultum, bæði hefðbundnum og óvenjulegum. Til að mynda eru til sultur með apríkósum og möndlum, fíkjum og hunangi og meira að segja jarðarberjasulta með grænum pipar. Þá er til ávaxtahlaup frá Bretlandi í misstórum gjafaumbúðum, franskt súkkulaði, ólífuofla, balsamedik og sinnep.

Marianne Guckelsberger, annar eigandi verslunarinnar, segir klausturvöruverslanir algengar víða erlendis. Fólk setji samasemmerki á milli verslananna og gæða enda eru vörurnar að sögn Marianne lífrænar og umhverfisvænar.

„Í Klausturvöruverslunum er hægt að veita sér eitthvað gott, verða sér úti um gæðavöru og styðja um leið góðan málstað,“ segir Marianne en hún kveðst hafa orðið vör við að fólk vilji vita hvaðan vörurnar sem það kaupir koma. Í Klausturvörum er hægt að ganga að því vísu og hefur búðin, sem var opnuð fyrir ári, hlotið góðar viðtökur.



matur kemur út mánaðarlega með sunnudagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Emilía Örylgisdóttir og Roald Eyvindsson **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Valgarður Gíslason **Pennar:** Gunnþóra Gunnarsdóttir, Hrefna Sigurjónsdóttir, Vera Einarsdóttir, Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, Ragnheiður Tryggvadóttir **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Bjarni Þór Sigurðsson bjarnithor@365.is

SIEMENS



Gufuofnar frá Siemens

Það besta sem getur komið fyrir grænmetið. Og steikina. Og fiskinn. Holtt og alveg án fitu. Fáðu þér gufuofn frá Siemens!

Gufuofnarnir frá Siemens eru kjörin lausn handa öllum hollustumeðvituðum kokkum og mathákum. Í þeim verður maturinn sérlega gómsætur. Kostir þeirra tala sannarlega sínu máli. Grænmeti heldur stinnleika sínum og safa, kartöflurnar verða ekki mauksoðnar. Eldað er í gufu einni saman. Við það heldur maturinn mjög vel bragðeiginleikum sínum, lit og angan; fjör- og steinefni varðveitast vel og þar með næringargildi hans. Loks er hvorki notuð fita né olía við matreiðsluna. Fitan úr matnum verður fljótandi og drýpur niður í pönnuna sem höfð er undir.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

Stál í stál





JÓNSSON & LEMACKS • Júlís • SÍÐA

» Skálarnar frá þýska fyrirtækinu Rösle eru fallegar og endingargóðar en fyrirtækið hefur framleitt hágæða eldhúshöld úr ryðfríu stáli í nær hundrað ár. Rösle leggur mikla áherslu á gæði og stílhreina hönnun.

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is kokka@kokka.is

Bráð í búrið



Kartöfluteningana er einfalt að útbúa en þeir líta skemmtilega út. Rótargrænmeti, ber og villijurtir tóna vel við hreindýrið.



Vilhjálmur er nýtekinn til starfa sem kokkur á Perlunni en síðastliðin þrjú ár hefur hann búið og starfað í Lúxemborg. Þessa dagana standa yfir villibráðakvöld í Perlunni.

Hreindýr í hátíðarþúningi

Það er ávallt stemning að gæða sér á villibráð og þá gildir að vanda sig við elda-mennskuna og val á meðlæti. Hreindýr gefur ákveðið en hátíðlegt bragð.

Vilhjálmur Arndal Axelsson er nýtekinn til starfa á Perlunni en síðustu þrjú ár hefur hann starfað sem kokkur í Lúxemborg. Hreindýrsrétturinn sem Vilhjálmur framreiddi fyrir okkur varð til í hita augnabliksins, eins og hann orðar það. „Ég hef eldað hreindýr þó nokkrum sinnum áður. Gæta þarf þess að ofelda

ekki hreindýrið og gott er að láta kjötið jafna sig þegar það kemur úr ofninum.“ Vilhjálmur hefur eldað hreindýr frá Skandinavíu og Íslandi og þrátt fyrir að margir segi að íslenska hreindýrið sé bragðmeira og bragðbetra þá er Vilhjálmur ekki alls kostar samála því. „Ég finn ekki mikinn mun þó að aðrir telji svo vera. En

hreindýrskjötið er bragðmikið og gott. Því meira krydd því meiri sprenging,“ segir hann kankvís

Æskilegt er að hengja kjötið upp til meyrnunar í viku til tíu daga áður en það er eldað eða fryst. Auk þess að nýta gómsætt kjötið er vaninn að nýta hjarta, lifur og tungu en hreindýrapaté er afar gómsætt, svo dæmi sé tekið. - hs



HREINDÝRAVÖÐVI með seljurótarsósu, gljáðu rótargrænmeti og brúarkartöflu

Fyrir 6

1.200 g hreindýrafill-et (hryggvöðvi)

Hreinsið og snyrtið vöðvann vel og takið allar sínar og fitu burt. Ef valdir eru litlir vöðvar er óþarfi að setja kjötið í ofn, bara brúna það vel á öllum hliðum og taka svo pönnuna til hliðar og láta kjötið jafna sig í 10 til 15 mínútur á heitri pönnunni. Kryddið með nýmöluðum pipar og salti. Gott er að setja ferskar jurtir með á pönnuna, til dæmis garðablóðberg, rósmarín eða salvíu.

Gott er að nota einiber en gæta skal þess að nota ekki of mikið. Ef stærri stykki eru elduð, jafnvel með beini, er sama aðferð notuð nema kjötið er þá sett inn í ofn eftir að búið er að brúna það á 160 °C þar til kjarnhiti verður 55 °C medium.

SELLERÍRÓTARMAUK
1/2 kg sellerírót
125 ml mjólk
100 g smjör
Salt og pipar

Setjið sellerísoðið og mjólk í blandara og þeytið saman. Setjið smjör út í í bitum og

þeytið þar til maukið þykknar.

GLJÁÐAR KARTÖFLUR OG RÓTARGRÆNMETI

Skerið kartöflur og rótargrænmeti í kassa, steikið upp úr smjöri og setjið í lítil form með smá kjúklingasoði. Hitið í um 20 mínútur við 180 til 200 °C.

SELJURÓTARSÓSA
2 stk. skalottlaukur
25 g timían
Hvítur pipar
1 stk. lárvíðarlauf
15 g rúsinur
5 msk. balsamedik
2 msk. tómátþúrpa

1/2 flaska Madeira
800 ml nautasoð
300 g sellerírótarmauk

Svitið grænmeti og krydd í potti og sjóðið balsamedik niður í síróp. Hellið tómátþúrpu og Madeira yfir og sjóðið niður um helming. Bætið nautasoði við og sjóðið niður um helming þar til hæfilegri þykkt er náð. Sigtíð og sjóðið niður og smakkið til. Bætið sellerírótarmauki út í og hrærið smjörklípu saman við á síðustu mínútunum.



Spennandi atvinnutækifæri hjá Orkuveitu Reykjavíkur

Vélaverk- eða vélataeknifraedingur

Áætlanadeild Framleiðslusviðs Orkuveitu Reykjavíkur auglýsir stöðu sérfræðings í verkefnum tengdum hitaveitukerfum.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Umsjón með uppbyggingu og þróun dælustöðva hitaveitu
- Umsjón með virkjun lághitasvæða
- Gerð kostnaðar- og framkvæmdaáætlana fyrir hitaveitukerfi
- Hagkvæmnirannsóknir og bestun kerfa
- Forsendugerð og gangsetning verkefna
- Eigendahlutverk á verkefnum
- Greiningarvinna og gagnavinnsla

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í vélaverk- eða vélataeknifraedi
- Starfsreynsla og þekking á hitaveitukerfum er kostur
- Færni í mannlegum samskiptum
- Metnaður, áhugi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfileikar og þekking á verkefnastýringu
- Ánægju af að starfa í kröftugum og skemmtilegum hópi

Deildarstjóri á Framkvæmdasviði

Deildarstjóri Framkvæmdadeildar stýrir öflugri sveit starfsmanna sem sjá um allar verklegar framkvæmdir sem unnar eru af eigin vinnuflokkum Orkuveitunnar.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Verkefni deildarinnar ná til dreifikerfa rafmagns, vatns, gagnaveitu og fráveitu auk annarra verkefna sem henni eru falin
- Deildarstjóri ber ábyrgð á rekstri deildarinnar, fjárhagslega og faglega
- Deildarstjóri vinnur mjög náð með sviðsstjóra Framkvæmdasviðs og gerir starfið miklar kröfur til deildarstjórans

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í verk/tækniþraedi, viðskiptaþraedi eða sambærilegu
- Viðtæk reynsla af stjórnun verklegra framkvæmda, t.d. úr verktakageiranum
- Reynsla af því að hafa mannaforráð skilyrði
- Góðir samskiptahæfileikar
- Metnaður, fagmennska, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Deildarstjóri Innkaupastjórnunar

Fjármálasvið Orkuveitu Reykjavíkur leitar að árangursdrifnum og öflugum einstaklingi sem getur axlað mikla ábyrgð og tekist á við mjög krefjandi verkefni. Innkaupastjórnun ber ábyrgð á stjórnun aðfanga, útboðum, samningagerð, samningastjórnun og birgðahaldi í samræmi við innkaupastefnu fyrirtækisins. Framundan eru krefjandi verkefni vegna aukinnar áherslu á samninga- stjórnun og innkaupamál fyrirtækisins.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Ábyrgð á rekstri deildarinnar og þeirri þjónustu sem hún veitir
- Ábyrgð á stjórnun aðfanga, vörum og þjónustu
- Áhættugreining innkaupa
- Þarfagreining í aðfangaöflun
- Birgðastýring
- Umsjón og eftirlit með útboðum
- Samningagerð og samningastjórnun
- Upplýsingagjöf til stjórnenda

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Stjórnunarreynsla nauðsynleg
- Reynsla af stjórnun aðfangaöflunar hjá stóru fyrirtæki æskileg
- Gott vald á tölfraeðilegri greiningu gagna
- Leiðtogaþæfni og færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi

Orkuveitan er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi og vinnu- umhverfi og möguleika starfsfólks til að samræma vinnu og fjölskyldu- ábyrgð eins og kostur er. Það er stefna Orkuveitu Reykjavíkur að auka hlut kvenna í stjórnunar- og ábyrgðarstöðum innan fyrirtækisins.

- Fyrirtækið er traust og starfar í sátt við umhverfið
- Það er sveigjanlegt, það lagar sig að breyttum aðstæðum
- Það er heiðarlegt, gagnsætt í vinnu- brögðum og góður granni
- Það sýnir eldmóð og frumkvæði, er opið fyrir nýjungum



Umsóknarfrestur er til og með 9. nóvember n.k. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga: www.capacent.is Umsjón með úrvinnslu umsókna hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Elmar Bergþórsson (elmar.bergthorsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.



• Orkuvinnsla í sátt við umhverfið: Gengið er út frá umhverfismálum í allri starfsemi OR.

www.or.is

ÍSLENSKA SJÁLIS/ORK 44045 1008

GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar www.capacent.is



Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

TIL LEIGU Á KRÓKHÁLSI



KRÓKHÁLS 6

Um er að ræða 772,4 m² lagerhúsnæði að Krókhálsi 6 í Reykjavík. Góð innkeyrsluhurð og hátt til lofts. Góð staðsetning upp á Höfða.

Laust til afhendingar.

Nánari upplýsingar veitir Inga Rut Jónsdóttir í síma 575 9010 eða á irj@landicproperty.is.

LANDIC PROPERTY er eitt stærsta fasteignafélag á Norðurlöndum og sérhæfir sig í útleigu fasteigna til langs tíma.

| Krínglunni 4–12 | 103 Reykjavík | www.landic.is

LANDIC
PROPERTY



Grunnskóli Ólafsfjarðar

Kennari óskast

Vegna forfalla vantar okkur kennara á nýju ári. Um er að ræða umsónarkennslu á yngsta stigi.

Grunnskóli Ólafsfjarðar er með um 125 nemendur í 1. - 10. bekk. Skólastjóri er Þórgunnur Reykjalín Vigfúsdóttir og gefur hún nánari upplýsingar í sínum 464-9220, netfang: grunnol@olf.is Heimasiða skólans er <http://barnaskoli.olafsfjordur.is/>

Umsóknarfrestur er til 20 nóvember.



Reykjavíkurborg
Framkvæmda- og eignasvið



Aðstoðarmaður matreiðslumeistara

Framkvæmda- og eignasvið auglýsir eftir aðstoðarmanni matreiðslumeistara í mötuneyti starfsmanna að Borgartúni 12-14 á sjöundu hæð. Um fullt starf er að ræða og viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Starfssvið

- Staðgengill matreiðslumeistara og þarf að geta eldað fyrir u.þ.b. 300 manns.
- Matseld (heitur matur) og bakstur í samstarfi við matreiðslumeistara.
- Þátttaka í að skipuleggja matseðla.
- Innkaup á matvörum, áhöldum og tækjum.
- Umsjón með móttöku aðfanga.
- Þátttaka í afgreiðslu og framreiðslu á mat.
- Frágangur, eftirlit og þrif á tækjum og áhöldum.
- Eftirlit með vinnu/þrifum starfsmanna í eldhúsi og borðsal.

Menntunar - og hæfniskröfur

- Sveinsbréf í matreiðslu, matartæknir eða sambærilegt.
- Mikla reynslu í matargerð, framreiðslu og afgreiðslu í stóru mötuneyti.
- Þekkingu og hæfni til þess að matreiða mismunandi tegund matar.
- Skipulagshæfni, nákvæmni og áreiðanleika í starfi.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi starfsmannafélags.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðmundur Halldór Halldórsson, matreiðslumeistari guðmundur.h.halldorsson@reykjavik.is og Sigríður Halldórsdóttir, starfsmaður mannauðs-deildar sigríður.o.halldorsdottir@reykjavik.is, sími 411 1111.

Umsóknarfrestur er til 9. nóvember nk. Sótt er um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is undir "Störf í boði" Aðstoðarmaður matreiðslumeistara.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglir það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

5125050
Auglýsingasími
FRETABLAÐ
- Mest lesið

Vertu með okkur
frá upphafi



Solimann's leitar að afgreiðslufólki til starfa á nýjum veitingastað Solimann's á Íslandi. Við leitum að lífs-glöðum einstaklingum með áhuga á heilsu og líkamsrækt. Fólkið okkar þarf að búa yfir jákvæðni, þjónustulund og áreiðanleika.

Umsókn ásamt mynd sendist á info@solimanns.com fyrir 29. okt. nk. Nánari upplýsingar í síma 860 5511

www.solimanns.com

Solimann's
Our secret – your health

Solimann's gerir holla rétti sem innihalda engin gerviefni, unninn sykur, ger, transítu eða hvítt hveiti. Próteinríkt og sérunnið skyr er eitt helsta grunnefnið í vörum fyrirtækisins; brauði, kökum og drykkjum. Solimann's er ferskur valkostur fyrir fólk sem hugsar um heilsuna.

» Ráðningarþjónusta

Forstöðumaður starfsmannadeildar

Staða forstöðumanns starfsmannadeildar Vegagerðarinnar er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

» Starfssvið

- Er yfirmaður starfsmannadeildar og hefur yfirlýsð með verkefnum deildarinnar
- Rekstur mannauðskerfa, umsýsla með stöðhandbók og viðhald verklagsreglna
- Aðstoð við ráðningar starfsmanna
- Vinna við gerð stofnanasamninga
- Umsýsla með fræðslumálum

» Menntunar- og hæfniskröfur

- Lokið 90 eininga háskólaprófi og viðbótarmenntun í mannauðsstjórnun
- Reynsla af launavinnslu æskileg
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar

Nánari upplýsingar veita Hulda Helgadóttir (hulda@hhr.is) og Sigurborg Þórarinsdóttir (sigurborg@hhr.is) hjá HH Ráðgjöf Ráðningarþjónustu í síma 561 5900. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og umsóknarfrestur er til og með 10. nóvember n.k.

» HH Ráðgjöf • Fiskilöð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is



Vegagerðin leggur ríka áherslu á góðan starfsanda á vinnustað. Starfsmenn skulu eiga rétt á sveigjanlegum vinnutíma eftir því sem unnt er.

Vinnutími starfsmanna skal taka mið af því að þeir geti samræmt kröfur starfs- og fjölskylduábyrgðar eins og kostur er. Stefnt er að því að efla og styrkja starfsmenn með því að sjá þeim fyrir fræðslu, þjálfun og endurmenntun sem þeim er nauðsynleg til að sinna starfi sínu og vinna að markmiðum Vegagerðarinnar.

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.





Flokkstjóri/Flokkstýra óskast til starfa.

Starfið felst í að vinna með og leysa af verkstjóra, á aðal endurvinnslusvæði félagsins í Reykjavík, en þar starfa um 30 manns.

Vinnutími er frá 08:00 til 18:00 virka daga

Hæfniskröfur

- Jákvæðni, stundvísi og áhugi á mannlegum samskiptum
- Metnaður til að gera betur og þróa ferla með fyrirhyggju í huga
- Lyftarapróf / Vélapróf
- Góð Íslenskukunnátta

Áhugasamir sendið umsókn á adalbjorg@hringras.is

Endurvinnsla er mikilvægur þáttur til verndar lífsnauðsynlegrí hringrás náttúrunnar. Hringrás –áður endurvinnsla sindra –hefur í 58 ár þróað sérþekkingu í endurvinnslu brotamálma við Íslenskar aðstæður. Til að lámarka umhverfisáhrif, kostnað, tryggja hæsta þjónustustig og beinan útflutning hefur fyrirtækið 5 endurvinnslustöðvar um land allt þ.e. Reykjavík, Akureyri, Reyðarfirði, Helguvík og Skagaströnd. Áfram Ísland ! Meðlimur í BIR –Alþjóðarsamtök endurvinnslufyrirtækja og NRF –Samtök norrænna endurvinnslufyrirtækja

**Hringrás hf. • Klettagördum 9 • 104 Reykjavík
sími 5501900**



Trésmiður óskast til Noregs!

Rótgróð og traust fyrirtæki í Noregi óskar eftir að ráða trésmið vanan innréttingasmiði á verkstæði. Húsnæði í boði og aðstoðum viðkomandi að koma sér fyrir í landinu.

Viðkomandi þarf að hafa góða þjónustulund og geta unnið sjálfstætt.

**Nánari uppl. gefur Herjólfur Jóhannsson
í síma 0047 - 90573383 (er íslenskumælandi)**



Félagsráðgjafi

Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali

Eskihlíð 13

105 Reykjavík

Frábær fyrstu kaup

Stærð: 41,4 fm

Fjöldi herbergja: 2

Byggingarár: 1949

Brunabótamat: 11.050.000

Bílskúr: Nei

RE/MAX

Lind

Opið Hús

SUNNUD 26.OKT MILLI KL 15:00-15:30

Verð: 16.900.000

Falleg tveggja herbergja risibúð á frábærum stað. Íbúðin er öll nýuppgerð, gólfefni, eldhús, hurðir og baðherbergi. Ný rafmagnstafla og nýyr ofnar eru í íbúðinni. Stutt í háskóla, menntaskóla, grunnskóla, útivistar og leiksvæði og alla almenna þjónustu. A.T.H. Gólfplötur íbúðarinnar er þó nokkuð stærri en uppgæfnir fermetrar.

Gunnar Valsson

Sölufulltrúi

822 3702

gv@remax.is

Hannes Steindórs.

Sölufulltrúi

699 5008

hannes@remax.is

Pórarinn Jónsson

Lögg. fast. hdl.

thorarinn@remax.is

RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is

NATNI Í HRÁEFNISNOTKUN OG MATARGERÐ

Bráð í búrið



HEIÐAGÆS Á BLÁBERJARAUDKÁLI

Fyrir 4

Hamflettið og úrbeinið tvær heilar heiðagæsir. Takið úr bringur og læri. Haldið skipum, hjörtum, fóarni og lifur eftir fyrir soðið.

SOÐ

Bein, læri og innmatur af 2 gæsum (hjörtu, lifur og fóarn)
2 gulrætur
5 skallottlaukar
1 grænt epli
1/2 búnt ferskt blóðberg
5 rósmarintoppar, slitnir af stilk
2 til 3 lárvíðarlauf
1/2 tsk. svört piparkorn
1 dl púrtvín
2,5 l vatn

Brúnið bein og læri í ofni við 170 °C. Skerið fóarnið sundur og skolið úr því allan sand. Skerið grænmeti gróft og léttsteikið í potti ásamt innmat. Bætið kryddjurtum og beinum út í. Sjóðið vínið niður um helming og bætið vatninu út í. Látið malla við vægan hita í um það bil þrjá tíma og fleytið hratið ofan af með reglulegu millibili. Sigtíð og kælið. Lærin geta verið gott snakk á meðan lokið er við matreiðsluna.

SÓSAN

4 skallottlaukar saxaðir
2 hvítlauksgeirar saxaðir
1/2 dl púrtvín
1 l gæsasoð
1 dl rjómi

Léttsteikið lauk við vægan hita í potti, bætið vininu út í og sjóðið það niður um helming. Hellið gæsasoðinu út í og sjóðið niður um helming, sigtíð

sósu og bætið með rjóma. Má þykkja. Smakkið til.

STEINSELJURÓTAR- MOUSSE

250 g steinseljurót
2 dl rjómi
1 dl vatn
Salt

Flysjíð steinseljurót og skerið í bita, sjóðið í rjóma. Sigtíð rjómann frá og maukið rótina í matvinnsluvél ásamt örlitlu af rjómanum sem hún var soðin í þar til útkoman verður áferðarfalllegt mauk. Smakkið til með salti.

FONDANT-KARTÖFLUR

4 bökunarkartöflur
200 g smjör
2 stíllkar rósmarín

Bræðið smjörið við vægan hita; látið standa í smástund og fleytið fitunni ofan af.

Skrælið kartöflur og skerið í form. Brúnið kartöflu á pönnu og bakið í smjöri ásamt rósmaríni við 150 °C í um það bil 30 mínútur. Gott er að steikja hana á pönnu rétt áður en hún er borin fram. Geymið afgangsmjörrið til að brúna gæsa-bringur og steikja gulrætur og rófur upp úr.

BLÁBERJARAUDKÁL

1 íslenskur rauðkálshaus
2 dl bláberja- eða sólberjasaft
100 g sykurl
1/2 dl borðedik
4 stk. negulnaglar
3 kanilstangir
1/2 tsk. salt

1 grænt epli
100 g íslensk bláber
1 dl þurr hvítvín eða rauðvín

Skerið rauðkál fínt. Leysið sykurl upp í vatni og ediki ásamt kryddi og látið sjóða í þrjár mínútur og fjarlægjið þá krydd. Bætið rauðkálínu í ásamt salti og það látið seyðast við lagan hita þar til það er orðið meyr eða í um það bil einn og hálfan til tvo tíma. Flysjíð epli, kjarnhreinsið og skerið í litla teninga. Látið bláberin standa í skál og hellið hvít- eða rauðvíni yfir og látið það standa í skálinni meðan rauðkálið er að seyðast.

Bætið eplum og vínlegnum bláberjunum í rétt áður en kálið er borið fram og látið hitna með kálínu í eina til tvær mínútur.

RÓFUR OG GULRÆTUR

1 íslensk rófa
4 íslenskar gulrætur
2 rósmarintoppar

Flysjíð rófu og gulrætur og skerið í jafna teninga: Snöggsjóðið í 1/2 mínútur og kælið. Brúnið á pönnu upp úr smjöri ásamt rósmaríni rétt áður en réttur er borinn fram. Saltið eftir smekk.

GÆSABRINGUR

Brúnið bringur vel á heitri pönnu upp úr hreinsuðu smjöri. Bakið þær síðan í ofni við 100 °C þar til kjarnhiti er 57 °C og látið síðan hvíla smástund áður en þær eru skornar niður



Heiðagæs á bláberjaraudkáli ásamt fondant-kartöflu, íslensku rötargrænmeti og steinseljurótarmousse.

FRÉTTABLAÐ/GVA

Kemur beint úr berjamónum

Björn Ingi Björnsson er matreiðslumaður á Hótel Flúðum. Hann leggur áherslu á staðbundið hráefni í sinni matargerð enda staddur í miðjum grænmetisgarði Íslands. Svo er hann líka veiðimaður.

Gæs er meðal okkar albestu villibraðar.“ segir Björn Ingi og kveðst harður á því að nýta allan fuglinn. „Bæði af virðingu við bráðina og til að ekkert bragð fari til spillis,“ segir hann. Heiðagæsin er í upphaldi hjá honum. „Hún er bragðmeiri en önnur gæs sem kemur af því að hún er alla jafnan í berjamó á haustin áður en hún sest í akrana. Af þeim sökum finnst mér viðeigandi að hafa ber í uppskriftinni,“ lýsir hann og segir unga fugla betri í þennan rétt en þá eldri. „Þeir síðarnefndu henta betur í heilsteikingu þar sem þeir þurfa lengri eldun.“ - gun



Björn Ingi er veiðimaður af guðs náð.



Veislur - fundir - ráðstefnur

RÚGBRAUÐSGERÐIN


Veislusalurinn Rúgbrauðsgerðin ehf
Borgartúni 6 • 105 Reykjavík • Sími 517 6545
www.rugbraudsgerdin.is

Salir fyrir öll tækifæri

brúðkaup • fermingar • fundir • ráðstefnur • afmæli • árshátíðir • þorablót • jólahlaðborð

Búðót

ÓDÝR, GÓÐUR OG HOLLUR MATUR



GÓÐAR Í KREPPUNNI

1 kg ýsa (gott að hakka ýsu og þorsk saman)
4 laukar, hakkaðir
3 egg
1 msk. salt
2 msk. Aromat
1 tsk. pipar
1 tsk. sítrónupipar
2 dl mjólk
1 1/2 bolli kartöflumjöl
2 1/2 bolli hveiti
2 tsk. lyftiduft

Hrærið fisk, lauk og krydd saman. Bætið eggjum og mjólk í og síðast þurrefnunum. Hrærið allt vel. Mótið bollurnar með ískúluskeið sem dyft er í vatn á milli og steikið í olíu á pönnu. Sjóðið í 10 til 15 mínútur.

Berið kartöflur og ferskt grænmeti fram með bollunum, ásamt laukfeiti eða einhverskonar sósu.



Gott grænmeti er gulls ígildi.



Fiskbollur Kristínar með kartöflum og fersku grænmeti.

BORÐAST ALLTAF VEL

Pegar matreiða skal án þess að eyða fúlgum fjár koma fiskbollur sterkar inn. Kristín Einarsdóttir í Vík gerir oftast bollurnar af fingrum fram.

Fiskbollurnar hennar Kristínar frá Prestshúsum í Vík eru vel þekktar meðal yngstu og elstu borgara Víkur í Mýrdal.

Kristín starfar sem matráður á dvalarheimili staðarins þar sem hún eldar líka fyrir grunnskólann og leikskólann. Oft eru þar um 140 manns í mat.

„Yfirleitt geri ég bollurnar af fingrum fram,“ segir Kristín þegar hún er beðin um uppskrift að fiskbollunum en fæst þó til að punkta niður hræfnin og miðar uppskriftina við sex til átta. Stundum kveðst hún breyta til með því að brytja papriku smátt og setja út í deigið. Spurð hvað henni finnst best við bollurnar svarar Kristín brosandí. „Það besta er að þær borðast alltaf vel.“ - gun

TIAN

Chinese restaurant

Úrval af 6 heitum réttum

Hádegis tilbod

2 réttir eða 3 réttir saman á aðeins 1150 kr.

Hrisgrjón og sösa fylgir

Borða á staðnum / Taktu með!

Hóp Þöntun velkomin!

100% GÆÐI
100% EÐA BRÁÐ

AN MSG

568 19 19

GRENSÁSVÆG 12 MIÐFÖS 11-22 LAUSUN 17-22



MATREIÐSLUBÓKIN

Góð brauð breyta einföldustu máltíð í veislu

Þeir sem luma á brauðvélum á heimilum sínum eru heppnir því fátt er notalegra en að finna ilm af nýbökðu brauði þegar komið er í eldhúsið í morgunsárið. Bókin Brauð, kökur og annað góðgæti geymir fjölda spennandi uppskrifta sem hentar að baka í slíkum vélum. Mældir eru nákvæmir skammtar í hnoðunarskálina, prógramm valið og tímastillir settur í gang. Svo er brauðið tilbúið á þeim tíma sem óskað er.

Brauð, kökur og annað góðgæti kom út árið 2003 og er eftir Fríðu Sophíu Björnsdóttur. Auk fjölbreyttra brauð- og kökuuppskrifta birtir hún uppskriftir að súpum og alls konar kæfum og sultum. Áherslan er þó á að kenna fólki að nýta möguleika brauðvélarinnar því, eins og hún segir í formálanum, „fjölbreytileg heimabökðu brauð breyta einföldustu máltíð í veislu“.

- gun



BLÓÐMÖR OG LIFRARPÝLSA

Lifrarpylsa varð vinsæl á íslenskum heimilum í lok 19. aldar. Kvænnafræðarinn eftir Elinu Briem kom út um áramótin 1888/89 og þar voru meðal annars uppskriftir að lifrarpylsu. Lifrarpylsunnar er þó getið í íslenskum heimildum frá 18. öld.

Blóðmör er fyrst nefnd í heimildum á 17. öld en gæti hafa þekkt fyrr. Blóðmör er til dæmis þekkt sem viðurnefni í Noregi frá miðöldum, segir á visindavefur.is, og að orðið slátur merki allt kjötmeti af sláturdýrum þótt það sé yfirleitt notað yfir lifrarpylsu og blóðmör.

Við gerð lifrarpylsu er hakkaðri lifur hrært saman við mjólk, salt, haframjöl og rúgmjöl og mör bætt út í eftir smekk. Í blóðmör er hrært saman blóði, vatni, salti, haframjöli og rúgmjöli og mör. Stundum er rúsinum eða fjallagrösnum bætt út í til bragðbætis.

Vambirnar úr skepunni eru notaðar undir hræruna en í dag eru líka mikið notaðar tilsaumaðar gervivambir.



MIRALE

Mirale flytur

Við höfum ákveðið að minnka verslun okkar á meðan þetta samdráttarskeið gengur yfir og höfum því ákveðið að selja öll sýningarhúsgögn með

50% afslætti



**OPIÐ SUNNUDAG FRÁ 13-16
ENN MEIRI VERÐLÆKKUN
Síðasti dagur**



Við opnum nýja verslun með sömu vörumerki og sömu þjónustu í nóvember

MIRALE
Síðumúla 33
108 Reykjavík
sími: 517 1020

Opið
mán.-föstud. 11-18
laugardag 11-16
sunnudag 13-16
www.mirale.is



Ekkert smá sýrður rjómi!

- 1 ÁN BRAGÐEFNA
- 2 ÁN GELATÍN
- 3 ÁN ROTVARNAREFNA



www.mjolka.is



Iceland Express



Í DAG KL. 13:00

CHELSEA LIVERPOOL



VILD EF ÞÚ ERT ÁSKRIFANDI
HEFUR ALDREI VERIÐ

ÓDÝRARA AD BÆTA VIÐ
FLEIRI STÖÐVUM

SPORT 2 3.750 KR.

SPORT 2 2.655 KR.

SPORT 2 2.655 KR.

FJÖLVARP 2.250 KR.

Verð á mánuði m.v. 3 mánaða bindingu. Skuldfært á greiðslukort.



Í DAG

KL. 13:00	Chelsea – Liverpool	SPORT 2
KL. 14:55	Man. City – Stoke	SPORT 3
KL. 14:55	Tottenham – Bolton	SPORT 4
KL. 14:55	Wigan – Aston Villa	SPORT 6
KL. 15:30	West Ham – Arsenal	SPORT 2
KL. 16:55	Pourtsmouth – Fulham	SPORT 5
KL. 17:50	4 4:2 með Guðna Bergs	SPORT 2



FRÉTTABLAÐIÐ

Munum eftir að kveikja á útiljósunum

Nú þegar farið er að myrkva úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín til að auðvelda blaðberum Fréttablaðsins aðgengi að lúgu.



Pósthúsið ehf | Suðurhraun 1
210 Garðabær | s: 585 8300



NOKKUR ORÐ
Þórunn
Elísabet
Bogadóttir

Veröld sem var

Fyrir þá sem lifðu ekki neitt sérstaklega hátt síðustu misseri er stundum erfitt að átta sig á því hversu mikið ástandið hefur breyst. Það er oft talað um að fjölmiðlar endurspegli samfélagið sem þeir starfa í, og það er alveg rétt. Einn daginn var ég að skoða opnauglýsingu frá Bónus og rakst þar á ýmislegt sem ég minnst nú ekki að hafa séð áður – eins og til dæmis lambahjörtu í raspi. Í framhaldinu ákvað ég að kíkja á hvað auglýsingarnar í þessu blaði höfðu að segja á þessum tíma í fyrra og árið þar áður. Strax á fyrsta blaðinu varð mér munurinn ljós. Matvörubúðirnar auglýstu meyrnaða piparsteik, krónhjartarfillet, hamborgarhygg og ungnautarfillet. Bílaauglýsingarnar voru meira áberandi og á heilli síðu var okkur sagt




að „þú upplifir hreina snilld“ á Lexus-jeppa. Á tveimur heilsíðum frá mismunandi fyrirtækjum voru risastórir plasmaskjáir auglýstir. Og svona hélt þetta áfram. Hitavörður sem stendur vörð um innra hitastig kjötsins var auðvitað nauðsynlegur fyrir allt þetta fína kjöt sem var eldað. Parket, flísar, húsgögn og raftæki voru auglýst í miklum mæli og á einum stað voru lesendur minntir á að jólin nálgundust – og því tilvalið að skipta um eldhúsinnréttingu. Svo var á fleiri stöðum rýmt fyrir jólavörum, eitthvað sem við munum líklega ekki sjá mikið af í ár. Og að lokum fylgdu risastór fasteignablöð, með auglýsingum um rándýrt húsnæði og sumarbústaðalóðir í röðum. „Gæti myntkórfulán verið lausnin?“ spurði svo Sparisjóðurinn í einni auglýsingunni. Ég gat ekki annað en brosað yfir kaldhæðninni.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Verið velkomin á Dag raddarinnar í Gerðubergi
sunnudaginn 26. október 2008 kl. 13.50-17.30

Söngvarar:
Auður Gunnarsdóttir | Bergþór Pálsson | Bragi Bergþórsson | Davíð Ólafsson
Elín Ósk Óskarsdóttir | Eyjólfur Eyjólfsson | Gissur Páll Gissurarson
Hallveig Rúnarsdóttir | Hlín Pétursdóttir Behrens | Hulda Björk Garðarsdóttir
Ingvaldur Yr Jónsdóttir | Jóhann Friðgeir Valdimarsson | Jóhann Smári Sævarsson
Jóhanna Halldórsdóttir | Jóhanna V. Þórhallsdóttir | Jón Svavar Jósefsson | Keith Reed
Kristjana Stefánsdóttir | Marta Guðrún Halldórsdóttir | Nathalia Druzin Halldórsdóttir
Signý Sæmundsdóttir | Sigríður Aðalsteinsdóttir | Sigríður Ósk Kristjánsdóttir
Sigrún Hjálmtýsdóttir | Sverrir Guðjónsson | Þóra Einarsdóttir
Sönghópur Arna Heimis Ingólfssonar

Píanóleikarar
Jónas Ingimundarson | Antonía Hevesi | Guðríður Sigurðardóttir
Kjartan Valdemarsson | Þóra Fríða Sæmundsdóttir

Kynnir
Margrét Boasdóttir
Kynnið ykkur dagskrána á www.gerduberg.is

Aðgangseyrir 1.500 kr.
Fritt fyrir tónlistarnema / Ókeypis aðgangur fyrir 12 ára og yngri

MENNINGARMÍÐSTÖÐIN GERÐUBERG
Gerðubergi 3-5 - Sími 575 7700 - www.gerduberg.is

Þjóðleikhúsið
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Utan gátta
Sigurður Pálsson
Snarskemmtileg sýning í Kassanum

Hart í bak
Jökull Jakobsson
Mögnuð sýning. ★★★★★, EB FBL.
uppselt á næstu tíu sýningar!

Klókur ertu, Einar Áskell
Bernd Ogródnik
Heillandi og krúttleg brúðusýning
sun. 26/10 **örfá sæti laus,**
sýningum fer fækkandi

Skilaboðaskjóðan
Þorvaldur Þorsteinsson og Jóhann G. Jóhannsson
Geysivinsælt ævintýri fyrir alla fjölskylduna!
sun. 26/10 **uppselt**

Macbeth
William Shakespeare
Blóð vill blóð...
Takmarkaður
sýningarfjöldi

Sá ljóti
Marius von Mayenburg
Á leikferð um landið,
sýningar í Reykjavík
í nóvember

www.leikhusid.is

> TRÚIR EKKI Á VELGENGNI SÍNA

Jessicu Biel finnst óþægilegt að fara í viðtöl og myndatökur því hún á bágð með að trúa því að hún njóti velgengni sem leikkona. Í viðtali við tímaritið Claire segir hún það hafa tekið nokkur ár að venjast, en henni finnst það enn svolítið fátíðlegt. Einnig segir hún sér alltaf líða eins og hún þurfi að sanna sig og er viss um að það hafi skemmt fyrir ferli sínum að sitja fyrir í karlatímari þegar hún var sautján ára gömul.



fólk
folk@frettabladid.is

Vill stórstjörnur í teiknimynd

Fyrrverandi kryddpían Geri Halliwell undirbýr nú gerð teiknimyndar byggða á barnabókum sínum, Ugenia Lavender. Fyrsta bókin í seríunni um karakterinn Ugeniu kom út í maí á þessu ári, en síðan þá hafa komið út fimm til viðbótar. Í viðtali við breska blaðið Daily Mirror segist Geri gjarnan vilja fá stórstjörnur á borð við Brad Pitt og George Clooney til að talsetja teiknimyndina.

„Ég hef ekki hitt Brad Pitt svo hann er ekki líklegur til að vera með, en ég vil endilega fá hinn gullfallega George í myndina,“ segir Geri, sem ætlar sjálf að tala

fyriraðalkarakterinn Ugeniu. „Vinur Ugeniu sem kallast Crazy Trevor minnir mig mjög mikið á fótboltakappann Wayne Rooney, bæði hvað varðar persónuleika og útlit. Ég er mjög bjartsýn á að hann vilji tala inn á teiknimyndina og hef það svona á tilfinningunni að hann hefði gaman af því,“ bætti hún við.

TALSETUR SJÁLF Geri Halliwell ætlar sjálf að tala fyrir aðalkarakter bókanna, Ugeniu, en vonast til að fá fótboltakappann Wayne Rooney og George Clooney til liðs við sig.



Zeta-Jones leikur Kleópötru í Cleo

Leikkonan Catherine Zeta-Jones mun fara með hlutverk í söngvamyndinni Cleo í leikstjórn Stevens Soderbergh. Ástralinn Hugh Jackman er jafnframt í viðræðum um að taka að sér stórt hlutverk í myndinni, sem fjallar um Kleópötru og er sögusviðið þriðji áratugur síðustu aldar.



CATHERINE ZETA-JONES Leikkonan mun feta í fótspor Elizabeth Taylor í söngvamyndinni Cleo.

Síðasta söngvamynd Zeta-Jones, Chicago, naut mikilla vinsælda og tryggði henni Óskarsverðlaunin fyrir hlutverk sitt sem Velma Kelly.

45 ár eru liðin síðan Hollywood gerði síðast mynd um Kleópötru. Með aðalhlutverk í henni fóru Elizabeth Taylor, Rex Harrison og Richard Burton. Myndin var gríðarlega dýr í framleiðslu og þótti ekki hafa heppnast vel. Engu að síður vann hún til fernra Óskarsverðlauna.

Zeta-Jones er með fleiri járn í eldinum því næsta mynd hennar, rómantíska gamanmyndin The Rebound, kemur út í janúar. Næsta mynd Hughs Jackman verður aftur á móti stórmyndin Australia þar sem Nicole Kidman leikur á móti honum.

Leikstjórinn Steven Soderbergh er með þrjár myndir í bígerð fyrir utan Cleo. Fyrst mynd um ævi tónlistarmannsins Liberace, síðan Che, um ævi byltingarsinnans Che Guevara, og loks The Informant með Matt Damon í aðalhlutverki.

Paris Hilton forsetaefni?

Paris Hilton hefur nú blandað sér í bandarísku forsetakosningarnar með útgáfu nýs lags. Lagið heitir Paris for President og í myndbandinu sést hún meðal annars spóka sig í hvítum sundbol fyrir framan bandaríska fánann, umkringd svartklæddum öryggisvörðum.

Paris lét fyrst í sér heyra varðandi kosningarnar í ágúst síðastliðnum, þegar forsetaframbjóðandinn John McCain líkti mótframbjóðanda sínum, Barack Obama, við hana sjálfa og söngkonuna Britney Spears. Þá gerði hún myndband þar sem hún gerði óspart grín að kosningabaráttu McCain.



PARIS HILTON Gerir grín að bandarísku forsetakosningunum.

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Listmunauppboð

Erum að taka á móti verkum fyrir nóvemberuppboðið

Vinsamlega hafið samband sem fyrst



Jóhannes S. Kjarval

Við leitum að góðum verkum eftir Þórarín B. Þorláksson, Þorvald Skúlason, Gunnlaug Blöndal, Gunnlaug Scheving, Nínu Tryggvadóttur, Jón Stefánsson, Jóhann Briem og Kristínu Jónsdóttur.

Opið í Gallerí Fold á Rauðarárstíg, virka daga 10–18, laugardaga kl. 11–16 og sunnudaga kl. 14–16

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · Kringlan, sími 568 0400 · www.myndlist.is

MYNDLISTARMENN – umsóknir um styrki

Listasjóður Dungal auglýsir eftir umsóknum um styrki.

Sjóðurinn var stofnaður árið 1992 í minningu Margrétar og Baldvins P. Dungal kaupmanns í Pennanum. Markmið sjóðsins er að styrkja unga og efnilega myndlistarmenn sem eru að stíga sín fyrstu skref á listabrautinni.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar má nálgast á vef listasjóðsins www.listasjodur.is. Umsóknum skulu fylgja ljósmyndir af verkum umsækjanda ásamt ferilsskrá og skal skila gögnum í pósthólf 148, 121 Reykjavík. (Vinsamlegast athugið að ekki er tekið við gögnum í tölvupósti.) Umsóknarfrestur er til 15. nóvember 2008.



GULLDRENGIR ÚR KOKKALANDSLIÐINU ...



... koma til okkar í dag milli 12 og 17 og halda áfram að sýna meistarataкта.

Komdu í IKEA og fylgstu með handbragðinu, finndu ilminn og fáðu að smakka.

Upplifðu stemninguna með okkur.



Frábær hátíð þrátt fyrir kreppu

Tónlistarhátíðin Iceland Airwaves fær mjög góða dóma á erlendu síðunum Gigwise.com, Stereogum.com og Pitchforkmedia.com.

Allar síðurnar byrja á því að fjalla um efnahagsástandið hér-
lendis og segir Gigwise að fyrir-
fram hafi tímatösetning hátíðarinnar
í miðri kreppunni verið herfileg.
Það hafi þó ekki komið að sök þó
hátíðin hafi verið frábær í alla staði.
„Eins og alltaf voru heimamenn
hlýlegir, vinalegir og til í alvöru
læti. Á sama tíma var hátíðin vel
skipulögð þar sem hæfileg blanda
var af íslenskum og erlendum
hljómsveitum,“ sagði í úmsógninni.
„Það sem betra var, vegna styrk-
leika pundsins gagnvart krónunni
var bjórinn í fyrsta skipti í tíu ár á



SINGAPORE SLING Hljómsveitin Singapore Sling fær góða dóma á tónlistarsíðunni Gigwise.com fyrir frammistöðu sína á Iceland Airwaves.

viðráðanlegu verði.“ Minnst grein-
arhöfundur á Singapore Sling og
FM Belfast sem einna bestu íslensku
hljómsveitirnar á hátíðinni.

Greinarhöfundur Pitchfork segir að á meðal bestu íslensku flytjendanna hafi verið Vicky, Valgeir Sig-

urðsson, <3 Svanhvít!, Slugs, FM Belfast og Sudden Weather Change. „Það er ótrúlegt að land af þessari stærðargráðu skuli hafa yfir að ráða svona mörgum gæðaböndum. Íbúarnir eru rétt yfir 300 þúsund, sem er álfika mikið og í Pittsburgh í Pennsylvaníu eða í New Orleans eftir felliþýlinn Katrínu. (Til viðmiðunar þá eru 900 þúsund kindur á Íslandi, sem gerir þrjár á hverja manneskju!).“

Bláðamaður Stereogum.com er einnig í skýjunum með hátíðina. „Þetta var örugglega besta hátíðin sem ég hef farið á. Hljómurinn á hverjum einasta stað var frábær og allar hljómsevritarnar byrjuðu að spila á réttum tíma. Ég tel dagana þangað til á næsta ári.“ — **fb**

Heimsfræg fyrir næstu helgi

Krakkarnir í Vicky Pollard segjast ekki vera neitt stelpuband, þótt fjórar stelpur séu í bandinu.

Hljóm sveitin Vicky Pollard nefndi sig eftir götustelpunni í Little Britain. Nú hefur nafn sveitarinnar einfaldlega verið stytt í Vicky. Í bandinu eru fjórar stelpur og einn strákur. Þau eru á aldrinum 20–25 ára og hafa afrekað það á tæplega tveimur árum að spila í Kína og Bandaríkjunum og gefa út plötuna Pull Hard. Sem var að koma út.

„Við erum bara svona metnaðarfull og hipp og kúl,“ segir Eygló söngkona. „Og við höfum sett stefnuna á Kína aftur næsta vor. Það var svo gaman síðast.“

„Við þurfum að sinna rokkþyrstum kínverskum aðdáendum okkar og ætlum að spila á nokkrum risafestivöllum,“ bætir Karlotta gítarleikari við. „Svo stefnum við bara að því að koma plötunni í sölu sem víðast og vera orðin heimsfræg fyrir næstu helgi.“

Platan var tekin upp um páskana í Tankinum á Flateyri með Önuddi Pálssyni. „Við lentum í svaka stormi á leiðinni heim og festumst í snjóskafli upp á Steingrímsfjarðarheiði. Okkur var bjargað af Björgunarsveitinni Dagrenningu á Hólmavík. Þess vegna eru þeir á þakkartalanum.“

„Við erum alltaf að lenda í

VICKY GANTAST VIÐ EYJAFJÖLL Karlotta heldur á Eyrúnu gítarleikara. Eygló krýpur og Orri og Ástrós bassaleikari sörfra á kantinum. MYND/SOFFÍA GÍSLADÓTTIR

svona," segir Eygló. „Í Bandaríkjunum lentum við í fellibylnum Ike. Og ekkert smá, það voru tveir bróttarandi allt í kringum okkur. Við flúðum og þurftum að gista í dögrenni í Kent, Ohio. Ógæðslega töff.“

Vicky er mikil rokkband – „pop-metal“ sagði netsíðan Pitchfork-media í jákvæðum Airwaves-dómni nýlega.

„Við erum ekki eins og eitthvert stelpuband og þyngri en fólk heldur,“ segir Eygló. „Uppáhaldsböndin okkar fimm eru Queen, Nada Surf, Smashing Pumpkins, Kiss og Pantera svo kannski er Vicky sambland af þessu öllu. En samt ekki.“

En hvað með kreppuna?

„Æi,“ stynur trommarinn Orri.
„Diskurinn var náttúrulega orðinn
helmingi dýrari þegar hann kom til
landsins en þegar við sendum hann
út í framleiðslu. Þótt við seljum
hvert einasta eintak komum við
samt ekki út í plús. Það er skíta-
díl.“

„Við hugsum aldrei neitt voðalega langt fram í tímann,“ segir Eygló. „Við ætlum samt að halda útgefutónleika í nóvember. Kannski fáum við Laugardalshöllina frítt eins og Bubbi. Annars er það bara Café Amsterdam.“

drgunni@frettabladid.is

NÝTT Í BIÓ!

SMÁRAA BIÓ Sími 564 0000		TILBOÐSVERÐ
EAGLE EYE	kl. 50 - 80 - 10.300	16
EAGLE EYE LÚXUS	kl. 20 - 50 - 80 - 10.300	16
MY BEST FRIENDS GIRL	kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20	12
MAX PAYNE	kl. 80 - 10.150	16
HOUSE BUNNY	kl. 1 - 3.30 - 5.45	16
REYKJAVÍK-ROTTERDAM	kl. 5.50 - 8 - 10.10	14
SKJALDBAKAN & HÉRINN	kl. 1 - 3	L
GRÍSIRNIR 3	kl. 1	L
LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR	kl. 1 - 3	L

REGNBÖGINN Sími 551 9000		650° kr.
ÓDÝRT Í BIÓ!		
MAX PAYNE	kl. 5.45 - 8 - 10.15	16
BANGKOK DANGER	kl. 5.30 - 8 - 10.20	16
HOUSE BUNNY	kl. 3.30 - 5.50 - 8 - 10.10	16
BURN AFTER READING	kl. 5.45 - 8 - 10.15	16
SKJALDBAKAN & HÉRINN	kl. 3.30	L
LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR	kl. 3.30	L
STEP BROTHERS	kl. 3.30	L

HÁSHÓLA BIÓ Sími 530 1919		TILBOÐSVERÐ
MY BEST FRIENDS GIRL	kl. 5.45 - 8 - 10.15	12
THE WOMEN	kl. 5.30 - 8 - 10.30	16
REYKJAVÍK-ROTTERDAM	kl. 5.40 - 8 - 10.10	14
MAMMA MIA	kl. 3.30 - 5.30	L
BURN AFTER READING	kl. 8 - 10.15	16
SKJALDBAKAN & HÉRINN	kl. 3.30	L
GRÍSIRNIR 3	kl. 3.30	L
LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR	kl. 3.30	L

BORGAR BIÓ Sími 462 3500		TILBOÐSVERÐ
MY BEST FRIENDS GIRL	kl. 8 - 10	12
MAX PAYNE	kl. 8 - 10	16
REYKJAVÍK-ROTTERDAM	kl. 5.50	14
SKJALDBAKAN & HÉRINN	kl. 4	L
LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR	kl. 4	L
MAMMA MIA	kl. 5.50	L

FÆR 5% ENDURGREITT EF ÞU BORGAR
BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI

AUKAKRÖNUR

Nýtt í bíó

Sími: 553 2075
- bara lúxus

DC COMBAT
STREET
FIGHT & MORE

POWERSYNING
KL. 10:15
DIGITAL MYND OG HJÓÐ

DC COMBAT
STREET
FIGHT & MORE

DC COMBAT
STREET
FIGHT & MORE

DC COMBAT
STREET
FIGHT & MORE

DC COMBAT
STREET
FIGHT & MORE

DC COMBAT
STREET
FIGHT & MORE

500 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

	SÝNINGARTÍMAR	
EAGLE EYE - POWER	kl. 5.45, 8 og 10.15	L
SKJALDBAKANN OG HÉRINN	kl. 2, 4 og 6 (650 kr) - ÍSL. TAL.	16
RIGHTEOUS KILL	kl. 8 og 10	16
REYKJÁVÍK RÖTTERDAM	kl. 8 og 10	12
LUKKU LÁKI - Ísl. Tal	kl. 2 og 4 (650 kr.)	L
MAMMA MIA	kl. 2, 4 og 6	L



HIGH SCHOOL MUSICAL 3

FORSÝND





EAGLE EYE



SEX DRIVE

SÁMSTAGDAGUR ÁLFABAKKA

EAGLE EYE	kl. 3:40 - 6 - 8D - 10:30D	12
EAGLE EYE	kl. 1:30 - 8 - 10:30	VIP
HIGH SCHOOL MUSICAL	kl. 5:30D FORSÝND	L
HIGH SCHOOL MUSICAL	kl. 5:30	VIP
SEX DRIVE	kl. 5:50 - 8 - 10:10	12
MAX PAYNE	kl. 5:50 - 8:30 - 10:30	16
NIGHTS IN RODANTHE	1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	L
PATHOIOGY	kl. 10:30	16
WILD CHILD	kl. 8	L
GEIMAPARNIR	my/sl. tali kl. 2 - 4	L
JOURNEY 3D	kl. 1:30 - 3:30	L
SVEITA BRÚDKAUP	kl. 3:40 stj. sýn	L
STAR WARS	kl. 1:30	L
WALL-E	my/sl. tali kl. 1:30	L

SÁMSTAGDAGUR KRINGLUNNI

EAGLE EYE	kl. 4 - 6:30 - 9 - 11	12
HIGH SCHOOL MUSICAL	kl. 6:15D - 8 FORSÝND	L
SEX DRIVE	kl. 9	12
HAPPY GO LUCKY	kl. 10:30	12
JOURNEY 3D	kl. 1:50 - 4	L
WILD CHILD	kl. 1:40 - 3:50 - 5:50	L
GEIMAPARNIR	my/sl. tali kl. 2	L

SÁMSTAGDAGUR SELFÖSS

HIGH SCHOOL MUSICAL 3	kl. 6 FORSÝND	L
THE HOUSE BUNNY	kl. 8:10	L
PINEAPPLE EXPRESS	kl. 10:10	16
REYKJAVÍK ROTTERDAM	kl. 6 stj. sýn	14
NIGHTS IN RODANTHE	kl. 8	L
BURN AFTER READING	kl. 10:10	16
JOURNEY . . . EARTH	kl. 3:50	L
SKJALDBAKAN...	my/sl. tali kl. 2	L
GEIMAPARNIR	my/sl. tali kl. 2	L
LUKKU LÁKI	my/sl. tali kl. 4	L

SÁMSTAGDAGUR AKUREYRI

HIGH SCHOOL MUSICAL	kl. 6 FORSÝND	L
EAGLE EYE	5:40 - 8 - 10:20	16
GEIMAPARNIR	my/sl. tali kl. 2 - 4	L
WILD CHILD	kl. 2	L
SEX DRIVE	kl. 4 - 10:20	12
WOMAN	kl. 8	L

SÁMSTAGDAGUR KEFLAVÍK

HIGH SCHOOL MUSICAL	kl. 8 FORSÝND	L
EAGLE EYE	5:50 - 8 - 10:10	16
SEX DRIVE	kl. 5:50	12
RIGHTEOUS KILL	kl. 10:10	16
SKJALDBAKAN	my/sl. tali kl. 2	L
GEIMAPARNIR	my/sl. tali kl. 2 - 4	L
LUKKU LÁKI	my/sl. tali kl. 4	L

SparBíó 550kr

Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR
MEÐ APPELSINUGULU

TILBOÐSVERÐ



KL.3.30 HÁSKÓLABÍÓ



KL.3.30 HÁSKÓLABÍÓ
KL.1 SMÁRABÍÓ
KL.4 BORGARBÍÓ



KL.3.30 HÁSKÓLABÍÓ
KL.1 SMÁRABÍÓ
KL.4 BORGARBÍÓ



KL.3.30 HÁSKÓLABÍÓ
KL.1 SMÁRABÍÓ



KL.1 SMÁRABÍÓ

50% AFSLÁTTUR Á NAMMIBAR Í SMÁRABÍÓ MILLI 12.30 OG 13.00 LAUGARDAG OG SUNNUDAG

SparBíó

laugardag og sunnudag

SAMbio.is

SAMBÍÓIN



550kr

WALL

kl. 1.30 í Álfabakka



550kr

NIGHTS IN RODANTHE

kl. 1.30 í Álfabakka



550kr

SVEITABÚÐKAUP

kl. 3.40 í Álfabakka



550kr

WILD CHILD

kl. 1.40 í Kringslunni
kl. 2 á Akureyri



550kr

GEIMFARINN

kl. 2 í Álfabakka
kl. 2 í Kringslunni
kl. 2 í Kef., á Ak., og á Self.



850kr

JOURNEY 3D

kl. 1.30 í Álfabakka
kl. 1.50 í Kringslunni

Skilnaður að hætti McCartneys

Svo virðist sem skilnaður Madonna og Guys Ritchie verði á borðstólum breskra slúðurblaða langt fram eftir vetri. Og skilnaðurinn virðist taka á sig æ ljótari mynd með degi hverjum.

Breska götublaðið The Sun hefur farið fremst í fréttáflutningi af fyrrum hjónakornunum. Blaðið hélt því fram á vefsíðu sinni að Madonna þyrfti á einhvers konar meðferð að halda til að hemja reiði sína. Hefur The Sun eftir heimildarmönnum sínum að hún ætli að fljúga til New York eftir tónleika sína í Montreal til að njóta leiðsagnar hjá andlegum leiðtoga sínum í Kabbalah-söfnuðinum. Og fá um leið leiðbeiningar hvernig hún geti haft stjórn á þeirri bræði sem virðist hafa blossað upp innra með henni eftir skilnaðinn.

The Sun segir að Madonna sárni mest þær fjárhagslegu kröfur sem Guy hafi sett fram og ekki síst þau trúnaðarskjöl sem lekið hafi til fjölmiðla um samband þeirra. En þar hefur meðal annars komið fram að þau hafi ekki stundað samfarir í átján mánuði. Madonna á að hafa sagt við nána samstarfsmenn sína að Guy hafi fjarlægst sig tilfinningalega eftir að hún féll af hestbaki og slasaðist nokkuð alvarlega árið 2005. Mun sú langa vegalengd í tilfinningalífinu hafa orðið til þess



MISMUNANDI VIÐBRÓÐG Guy hefur lagt mikið upp úr því að vera brosmildur og ánægður að undanförn. Madonna heldur sig hins vegar á námskeiðum hjá Kabbalah-trúarsöfnuðinum um hvernig megi hafa hemil á reiðinni.

að Madonna sendi fyrrum eiginmanni sínum tóninn á tónleikum nýverið og sagði hann vera nánast tilfinningalega þroskaftan. Ekki er víst að Guy muni njóta mikilla vinsælda í Bandaríkjunum vegna skilnaðarins en hann virðist eiga traust bakland í Bretlandi. Þannig hefur Guy lagt mikið upp úr því að sýnast glaður og ham-

ingjusamur. Hann mætti bæði hamingjusamur og brosmildur í stórt og mikið partí sem haldið var á vegum Sam Taylor-Wood-sýningar-salsins. Þar voru hvorki meira né minna en Daniel Craig og Robert Downey Jr. Það verður að teljast heldur gott að njóta verndar James Bond og Ironman frá sjálfri Madonna.

A STEVEN SPIELBERG FILM

9. HVER VINNUR!

INDIANA JONES and the KINGDOM OF THE CRYSTAL SKULL

SENDU SMS **BTC DVD** Á NÚMERIÐ **1900!** ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

VINNINGAR ERU INDIANA JONES Á DVD, DVD MYNDIR, FULLT AF PEPSI, TÖLVULEIKIR, DVD...OG MARGT FLEIRA!

23. OKTÓBER

Dreyfingaraðili **SAMFILM**

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Sunnudagur 26. október

→ Tónleikar

15.00 Anna Guðný Guðmundsdóttir pianóleikari verður með tónleika í Tónlistarhúsinu Laugarborg í Eyjafjarðarsveit.

→ Sýningar

Suðuramerísk menningarhátíð í Kópavogi

15.00 Ekvador að fornu og nýju. Leiðsögn verður um sýninguna í Gerðarsafni, Hamraborg 4.

→ Síðustu Forvöð

Myrkurlampi Sýning Haraldar Jónssonar í Listasafni ASÍ lýkur í dag. Af því tilefni munu Kristín Ómarsdóttir, Hjalmar Sveinsson og Sjón lesa upp úr verkum sínum kl. 16.00. Listasafn ASÍ, Freyjugötu 41, opið 13.00-17.00.

Hvaðan koma þær – hvert fara þær? Guðmunda Kristinsdóttir sýnir verk í Reykjavík Art Gallery, Skúlagötu 30. Opið 14.00-17.00. Sýningin stendur til 26. okt.

→ Bækur

16.00 Erpur Eyvindarson fjallar um Atómstöðina, bók Halldórs Laxness, í Gljúfrasteini - húsi skáldsins. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.



→ Uppákomur

Dagur raddarinnar verður haldinn í Gerðubergi í samstarfi við Félag íslenskra tónlistamanna og félag íslenskra söngkennara, kl. 13.50-17.30. Menningarmiðstöðin Gerðuberg, Gerðubergi 3-5.

→ Myndlist

14.00 Sigurður Örlýgsson leiðir gesti um sýninguna „Ást við fyrstu sýn: Ný aðföng úr Würth safninu“ í Listasafni Íslands, Laufásvegi 12. Opið 11.00 – 17.00.

15.00 Listamaðurinn Bragi Ásgeirsson og Sigurlaug Ragnarsdóttir verða með leiðsögn um sýninguna Augnasinfónía á Kjarvalsstöðum v/ Flókagötu. Opið 10.00-17.00.

Sólveig Eggertz sýnir akrýlmýndir í menningarsal Hrafnistu við Laugarás. Sýningin er opin alla daga og stendur til 10. nóv.

→ Tónlist

Söngbók Engel Lund Dagskrá til heiðurs Engel Lund (Göggú) í Íslensku Óperunni.



18.00 Uppákoma í anddyri Óperunnar þar sem vinir og velunnarar minnst hennar í nokkrum orðum. Sýnt verður úr heimildarmynd um Göggú auk persónulegra muna.

20.00 Tónleikar til minningar Engel Lund.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

ego

KÍKTU Á KVITUNINA OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA

Brjálæðislega fyndin mynd í anda *American Pie*

danecook katehudson jasonbiggs and alecbaldwin

my best friend's girl

KOMIN Í BIÓ

Ódýrt eldsneyti + ávinningur

BORGARBIÓ

HÁSKÓLABÍÓ

SMÁRABÍÓ

EINFALT GOTT ÓDÝRT BENSÍN DÍSEL

> Allar klárar í slaginn

Sigurður Ragnar Eyjólfsson, landsliðsþjálfari kvenna í fótbolta, tilkynnti byrjunarlið sitt í gærkvöldi fyrir umspil-sleikinn gegn Írlandi á Rickmond Park-vellinum í dag. Það eru gleðitiðindi að allir þeir leikmenn sem voru tæpir fyrir leikinn, verða með. byrjunarliðið er sem hér segir: María B. Ágústsdóttir (markvörður), Ásta Árnadóttir (hægri bakvörður), Ólína G. Viðarsdóttir (vinstri bakvörður), Katrín Jónsdóttir og Guðrún Sóley Gunnarsdóttir (miðverðir), Sara Björk Gunnarsdóttir og Edda Garðarsdóttir (varnarteng-iliðir), Rakel Hönnudóttir (hægri kantur), Hólmfríður Magnúsdóttir (vinstri kantur), Dóra María Lárusdóttir (sókartengiliður), Margrét Lára Viðarsdóttir (framherji).

sport

sport@frettabladid.is



GYLFI ÞÓR SIGURÐSSON: ER ÁNÆGÐUR MEÐ AÐ FÁ AÐ KOMA SÉR Í LEIKÆFINGU MEÐ SHREWSBURY TOWN

Ætla mér að grípa tækifærið þegar það gefst

Unglingalandsliðsmaðurinn Gylfi Þór Sigurðsson, sem á dögnum gekk til liðs við Shrewsbury Town frá Reading á mánaðar lánsamningi, er ánægður með að fá nú tækifæri til þess að spila eftir að hafa fengið fá tækifæri með Reading. Gylfi Þór fór rakleiðis inn í byrjunarliðið í sínum fyrsta leik með Shrewsbury Town og skoraði þá mark í sigri félagsins gegn Bournemouth og var síðar valinn í úrvalslið umferðarinnar á opinberri heimasíðu deildarkeppninnar. Gylfi Þór spilaði svo í tapleik Shrewsbury Town gegn Accrington Stanley á þriðjudag sem er ef til vill ekki í frásögur færandi nema hvað að Accrington Stanley státar af minnsta leikvangi í allri ensku deildarkeppninni, en völlurinn rúmar um 5.000 áhorfendur.

„Þetta var lítill og slappur leikvangur og völlurinn sjálfur var heldur ekki góður. Leikurinn fór enn fremur fram í grenjandi rigningu og við áttum ekki góðan dag, þannig að þetta var erfitt,“ segir Gylfi Þór sem var á ný í byrjunarliðinu og lék allan leikinn í 1-1 jafntefli gegn Brentford í gær.



Gylfi Þór er ánægður með þær móttökur sem hann hefur fengið frá öllum hjá Shrewsbury Town.

„Ég get ekki verið annað en sáttur við þær móttökur sem ég hef fengið og ég vissi í raun ekki alveg við hverju ég ætti að búast. Strákarnir í liðinu hafa tekið mér vel, sem og knattspyrnustjórinn, þannig að þetta er bara fint. Æfingarnar eru líka mun betri en ég bjóst við miðað við neðri deildarlið og hraðinn á æfingum og í leikjum er ekkert svo frábrugðinn því sem maður hefur kynnst hjá Reading,“ segir Gylfi Þór.

Gylfi Þór ætlar að klára lánsamninginn við Shrewsbury Town og sjá svo til hvar hann stendur upp á framhaldið að gera hjá Reading.

„Það er náttúrulega mun betra fyrir mig að spila með Shrewsbury Town heldur en með varaliði Reading, en maður veit aldrei hvað gerist í þessu. Ég tek bara stöðuna á málum þegar ég kem aftur til Reading að lánstímanum loknum. Ég fæ vonandi tækifæri með Reading síðar á tímabilinu og ég verð að grípa það.“

ÚRSLIT

Enska úrvalsdeildin

Everton-Man. Utd.	1-1
0-1 Darren Fletcher (22.), 1-1 Marouane Fellaini (63.).	
Sunderland-Newcastle	2-1
1-0 Djibril Cisse (20.), 1-1 Shola Ameobi (30.), 2-1 Kieran Richardson (75.).	
WBA-Hull	0-3
0-1 Kamil Zayatte (47.), 0-2 Geovanni (62.), 0-3 Marlon King (66.).	
Blackburn-Middlesbrough	1-1
0-1 Alfonso Alves (74.), Benni McCarthy (90.).	

STAÐAN Í DEILDINN

Chelsea	8	6	2	0	19-3	20
Liverpool	8	6	2	0	13-6	20
Hull City	9	6	2	1	14-11	20
Arsenal	8	5	1	2	16-6	16
Man. Utd	8	4	3	1	13-5	15
Aston Villa	8	4	2	2	12-10	14
Portsmouth	8	4	1	3	9-13	13
West Ham	8	4	0	4	14-14	12
Sunderland	9	3	3	3	9-10	12
Blackburn	9	3	3	3	9-15	12
Man. City	8	3	1	4	20-14	10
Middlesbrough	9	3	1	5	8-15	10
WBA	9	3	1	5	7-14	10
Everton	9	2	3	4	13-19	9
Wigan	8	2	2	4	11-9	8
Bolton	8	2	2	4	8-10	8
Fulham	7	2	1	4	5-7	7
Stoke City	8	2	1	5	10-15	7
Newcastle	9	1	3	5	10-17	6
Tottenham	8	0	2	6	5-12	2

Enska Championshipdeildin

Charlton-Burnley	1-1
0-1 Steven Thompson (13.), 1-1 Svetoslav Todorov (76.). Jóhannes Karl Guðjónsson lék allan leikinn og átti þátt í marki Burnley.	
Coventry-Derby	1-1
0-1 Rob Hulse (41.), 1-1 Clinton Morrison (90.). Aron Einar Gunnarsson lék allan leikinn með Coventry.	
Reading-QPR	0-0
Ívar Ingimarsson lék allan leikinn með Reading en Brynjar Björn Gunnarsson lék í 73. mínútur.	

Skoska úrvalsdeildin

Hearts-Aberdeen	1-1
0-1 Darren Mackle (13.), 1-1 Lee Wallace (21.). Eggert Gunnþór Jónsson lék allan leikinn með Hearts.	

Spænska úrvalsdeildin

Barcelona-Almeria	5-0
1-0 Samuel Eto'o (5.), 2-0 Thierry Henry (14.), 3-0 Samuel Eto'o (21.), 4-0 Samuel Eto'o (24.), 5-0 Daniel Alves (37.).	

Ítalska úrvalsdeildin

Juventus-Torino	1-0
1-0 Amauri Carvalho (48).	

Danska úrvalsdeildin

AGF-Vejle	2-1
1-0 Nando Rafael (73.), 2-0 Diah Williams (76.), 2-1 Steffen Kielstrup (80.). Kári Árnason lék allan leikinn með AGF.	

Pýski handboltinn

Stralsunder-Kiel	22-43
Fuchse Berlin-Lemgo	27-35
Logi Geirsson skoraði 4 mörk og Vignir Svavarsson skoraði 1.	
Rhein-Neckar Löwen-Gummersbach	27-29
Róbert Gunnarsson skoraði 4 mörk fyrir Gummersbach og Guðjón Valur Sigurðsson skoraði 4 fyrir Rhein-Neckar Löwen.	
Grosswallstadt-Nordhorn	23-30
Einar Hólmgeirsson komst ekki á blað hjá Grosswallstadt.	
Tusem Essen-GWD Minden	27-26
Gylfi Gyflason skoraði 6 mörk fyrir Minden en Ingimundur Ingimundarson komst ekki á blað.	
Hamburg-Göppingen	30-23
Jalesky Garcia skoraði 1 mark fyrir Göppingen.	

Enn sigraði Hull á útivelli

Spútniklið Hull hélt sínu striki í ensku úrvaldeildinni í gær og vann sinn fjórða útisigur í nýliðaslag gegn WBA. Manchester United og Everton skildu jöfn.

FÓTBOLTI Fjórir leikir fóru fram í ensku úrvalsdeildinni í gær þar sem hæst bar að Hull hélt sigurgöngu sinni áfram gegn WBA en Manchester United náði aðeins jafntefli gegn Everton.

Englandsmeistarar Manchester United réðu lögum og lofum í fyrri hálfleik á Goodison Park-leikvanginum í gær. Skotinn Darren Fletcher kom United yfir með glæsilegu marki á 21. mínútu sem splundraði vörn Everton.

Flest benti til þess að United myndi innbyrða stigin þrjú nokkuð auðveldlega ef mið var tekið af spilamennsku liðsins í fyrri hálfleik en seinni hálfleikur var allt önnur saga.

Leikmenn Everton voru mun kraftmeiri í síðari hálfleik og taflað snerist þeim í vil. Belginn ungi Marouane Fellaini jafnaði leikinn með góðu skallamarki á 63. mínútu og stuttu síðar bjargaði Edwin van der Sar þegar hann varði skot Yakubus í stöng eftir herfileg varnarmistök Rios Ferdinand. Lengra komust liðin ekki og jafntefli því niðurstaðan.

Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri United, sá ástæðu til þess að hrósa baráttuglöðu liði Everton en var þó ósáttur við dómarrann Alan Wiley.

„Everton barðist grimmilega í síðari hálfleik og það var allt annað að sjá til leikmanna liðsins þá miðað við fyrri hálfleikinn og það bera að hrósa þeim fyrir viðsnúninginn. Þeir gáfu okkur engan frið og þjörmuðu að okkur þannig að við misstum taktinn og fórum að gera mistök. En stundum fannst mér þeir samt ganga einum of



ÓTRÚLEGIR Leikmenn Hull hafa farið á kostum til þessa í ensku úrvalsdeildinni. Félagið tiltti sér við hlið stórlaxanna Chelsea og Liverpool, á toppi deildarinnar, eftir magnaðan 0-3 útisigur gegn WBA.

NORDIC PHOTOS/GETTY

harkalega fram og mér fannst dómarrinn leyfa þeim heldur til of mikið,“ segir Ferguson.

Fljúgandi byrjun Hull

Hull hefur komið öllum að óvörum í ensku úrvalsdeildinni til þessa og félagið hélt sínu striki í gær með 0-3 útisigri gegn WBA. Sigurinn var fjórði útisigur Hull til þessa í deildinni í fimm leikjum.

Grannaslagur í Sunderland

Ófarir Newcastle héldu áfram þegar liðið tapaði 2-1 í grannaslag

gegn Sunderland á Leikvangi ljósanna, í leik sem markaði endurkomu Joey Barton með Newcastle. Kieran Richardson skoraði glæsilegt sigurmark Sunderland beint úr aukaspyrnu á 75. mínútu.

McCarthy til bjargar

Mark Bennis McCarthy í uppbótartíma tryggði Blackburn jafntefli gegn Middlesbrough á Ewood Park en hinn brasilfski Afonso Alves hafði komið Middlesbrough yfir á 74. mínútu, nokkuð gegn gangi leiksins.

omar@frettabladid.is

Toppsætið er í húfi þegar einu taplausu lið ensku úrvalsdeildarinnar, Chelsea og Liverpool, mætast í dag:

Topplið deildarinnar mætast á Brúnni

FÓTBOLTI Tölfræðin er vissulega á bandi heimamanna í Chelsea fyrir heimsókn Liverpool á Brúna í dag en Lundúnafélagið hefur spilað þar 86 leiki í röð án taps í ensku úrvalsdeildinni eða í fjögur ár og um átta mánuði.

Liverpool hefur enn fremur ekki enn náð að vinna neitt af hinum „stóru fjórum“ félögum á útivelli í deildinni síðan Rafa Benitez tók við stjórnartaumunum á Anfield í júní árið 2004 og aðeins gert tvö jafntefli og skorað fjögur mörk í tólf leikjum á Brúnni, Old Trafford og Emirates.

Liverpool hefur þó ærna ástæðu til þess að fara í leikinn af fullu



NORDIC PHOTOS/GETTY

sjálfstrausti þar sem það er mál manna að allt annar bragur sé nú á félaginu heldur en undanfarin ár. Liverpool hefur unnið leiki í deildinni á þessu tímabili sem það hefði ef til vill tapað miðað við spilamennsku síðustu ára og nægir í því samhengi að nefna leiki gegn Middlesbrough,

Wigan og Manchester-félögum United og City þar sem Liverpool lenti undir en náði að hirða stigin þrjú.

LEIKFÆR Gerrard verður með Liverpool í dag eftir að hafa jafnað sig á meiðslum sem hann hlaut í leik gegn Atletico Madrid á dögnum.

Rafa Benitez, knattspyrnustjóri Liverpool, getur glaðst yfir því að fyrirliðinn Steven Gerrard verður leikfær en markahrókurinn Fernando Torres verður aftur á móti pottþétt ekki með. Benitez er þó fullur bjartsýni fyrir leikinn.

„Leikskipulag okkar breytist vissulega við það að missa Torres en við höfum fulla trú á sjálfum okkur fyrir leikinn. Ég veit að við búum yfir andlegum styrk til þess að vinna þennan leik og ætli það sé ekki bara kominn tími til að Chelsea tapi á heimavelli í deildinni,“ segir Benitez.

Luiz Felipe Scolari, knattspyrnustjóri Chelsea, segir margt líkt með Chelsea og Liverpool og telur Lundúnafélagið eiga erfitt verkefni fram undan. „Chelsea og Liverpool hafa bæði sama liðs- og baráttuandann þar sem þau berjast á fullu til sigurs

allt til leiksloka. Liverpool er hættulegt vegna þess að liðið er með góða leikmenn innan borðs sem leika eins og lið og eru mjög skipulagðir og agaðir í leik sínum. Ég hef aldrei mætt Rafa Benitez áður en ég hef fylgst vel með honum og að mínu mati er hann nú með besta Liverpool-liðið í höndunum síðan hann kom til félagsins,“ segir Scolari.

Fyrirliðinn John Terry tekur undir orð Scolari.

„Það sem hefur heillað mig við Liverpool í ár er að þeir virðast vera að spila með sömu trú og við gerðum hjá Mourinho, að gefast aldrei upp og vinna þrátt fyrir að spila ekkert sértaklega vel. Við þurfum því að vera vel á verði í leiknum,“ segir Terry. - óþ

HEILLADUR Terry hefur hrósað seigluinni í Liverpool á þessari leiktíð og líkt félaginu við Chelsea á tíma Mourinho.

NORDIC PHOTOS/GETTY



FÖGNUMUR Samuel Eto'o er óðum að komast í sitt gamla form með Barcelona.

NORDIC PHOTOS/AFR

Markaveisla á Nývangi í gær:

Barcelona tók toppsætið

FÓTBOLTI Börsungar skutust á topp spænsku úrvalsdeildarinnar þegar félagið hreinlega slátraði Almeria 5-0 á Nývangi í gærkvöld og knattspyrnustjórinn Pep Guardiola virðist nú vera búinn að finna réttu blönduna hjá Barcelona eftir erfiða byrjun á tímabilinu. Þetta var sjötti sigur Barcelona í deildinni en félaginu mistókst að vinna fyrstu tvo leiki sína í upphafi móts.

Samuel Eto'o kom Barcelona á bragðið með marki strax 5. mínútu og þá var ekki aftur snúið.

Thierry Henry bætti við öðru marki á 14. mínútu áður en Eto'o hélt áfram og skoraði tvö mörk, á 21. mínútu og 24. mínútu.

Til þess að bæta gráu ofan á svart þá fékk Alvaro Negredo, framherji Almeria, að líta rauða spjalðið á 30. mínútu og gestirnir orðnir einum leikmanni færri, í vægast sagt hörmulegri stöðu.

Daniel Alves skoraði fimmta mark Börsunga stuttu síðar en það reyndist vera síðasta mark leiksins. Eiður Smári var ekki í leikmannahópi Barcelona. - óþ

ÚRSLIT

N1-deild karla

Stjarnan-FH 27-31 (15-14)
Mörk Stjörnnunnar (skot): Fannar Friðgeirsson 9 (15/1), Fannar Þorbjörnsson 6 (6), Hermann Björnsson 5 (11), Vilhjálmur Halldórsson 3 (12), Kristján Kristjánsson 2 (5), Daniel Einarsson 1 (1), Ragnar Helgason 1 (2), Ólafur Sigurjónsson (1), Hrafn Ingvason (1), Guðmundur Guðmundsson (3)
Varin skot: Svavar Ólafsson 8/1 (24/43 33,3%), Styrmir Sigurðsson 4 (12 33,3%), Árni Þorvarðarson 7 (14 50%)
Hraðaupplauþ: 6 (Fannar F. 3, Fannar Þ. 2, Daniel)
Fiskuð viti: 1 (Hermann)
Utan vallar: 12 mínútur
Mörk FH (skot): Guðmundur Pedersen 8/3 (10/4), Aron Pálmarsson 8 (15), Ólafur Guðmundsson 7 (13), Ásbjörn Friðjónsson 4 (8), Sigurður Ágústsson 3 (3), Jón Helgi Jónsson 1 (2), Hjörtur Hinrikkson (1), Guðni Már Kristinsson (1), Ari Þorgeirsson (1)
Varin skot: Magnús Sigmundsson 5 (19 26,3%), Daniel Andrésson 15 (28 53,6%)
Hraðaupplauþ: 5 (Sigurður, Aron, Jón, Guðmundur, Ólafur)
Fiskuð viti: 4 (Sigurður, Aron, Sigursteinn, Ólafur)
Utan vallar: 10 mínútur

STAÐA EFSTU LIÐA

1. FH	6	3	2	1	+8	8
2. Akureyri	6	4	0	2	+5	8
3. Valur	6	3	2	1	+19	8
4. Fram	5	3	1	1	+9	7

N1-deild kvenna

Valur-Haukar 22-24 (12-8)
Mörk Vals (skot): Hrafnhildur Skúladóttir 13/5 (20/5), Íris Ásta Pétursdóttir 2 (4), Eva Barna 2 (7), Hildigunnur Einarsdóttir 1 (1), Dagný Skúladóttir 1 (3), Kristín Guðmundsdóttir 1 (4), Ágústa Edda Björnsdóttir 1 (5/1), Drífa Skúladóttir 1 (7), Anna Grímsdóttir 0 (1).
Varin skot: Berglind Hansdóttir 25/2(49/3, 51%)
Hraðaupphlaup: 2 (Íris Ásta, Eva)
Fiskuð viti: 6 (Drífa 2, Íris Ásta, Eva, Hildigunnur, Ágústa Edda).
Utan vallar: 4 mínútur.
Mörk Hauka (skot): Tatjana Zukovska 7 (13), Ramune Pekarskyte 5 (17), Hekla Hannesdóttir 4 (5), Hanna G. Stefánsdóttir 4/1 (10/3), Nína Arnfinnsdóttir 2 (4), Herdís Hallsdóttir 1 (1), Nína K. Björnsdóttir 1 (3), Ester Óskarsdóttir 0 (2).
Varin skot: Guðrún Bryndís Jónsdóttir 22 (44/6, 50%).
Hraðaupphlaup: 2 (Hanna 2).
Fiskuð viti: 3 (Nína 2, Hanna).
Utan vallar: 4 mínútur.
Fylkir-Gróttá 24-26 (11-14)
Mörk Fylkis: Sunna Jónsdóttir 6, Katrín Andrésdóttir 4, Rebekka Rut Skúladóttir 3, Sunna María Einarsdóttir 3, Hanna Rut Sigurjónsdóttir 3, Ásdís Rut Guðmundsdóttir 3, Natalý Sæunn Valencia 1, Kristín Kara Collins 1.
Mörk Gróttu: Anett Köbli 7, Harpa Baldursdóttir 6, Arnís María Erlingsdóttir 4, Ragna Karen Sigurðardóttir 4, Laufey Guðmundsdóttir 3, Hildur Andrésdóttir 1, Karólína Gunnarsdóttir 1.
Fram-FH 32-24 (17-12)
Mörk Fram: Stella Sigurðardóttir 10, Þórey Rósa Stefánsdóttir 5, Ásta B. Gunnarsdóttir 4, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 3, Sara Sigurðardóttir 3, Marthe Sördal 3, Karen Knútsdóttir 2, Hildur Knútsdóttir 1, Elísa Viðarsdóttir 1.
Mörk FH: Hildur Þorgeirsdóttir 10, Ebba Særún Brynjarsdóttir 3, Guðrún Helga Tryggvadóttir 3, Herdís Guðmundsdóttir 2, Birna Haraldsdóttir 2, Ingibjörg Pálmadóttir 2, Sigrún Gílsdóttir 1, Birna Íris Helgadóttir 1.

STAÐAN Í DEILDINNÍ

1. Stjarnan	5	5	0	0	+31	10
2. Haukar	5	4	0	1	+13	8
3. Valur	5	3	0	2	+16	6
4. HK	5	2	0	3	-5	4
5. Fram	5	2	0	3	+2	4
6. Gróttá	5	2	0	3	-16	4
7. FH	5	2	0	3	-7	4
8. Fylkir	5	0	0	5	-34	0

Haukar sóttu sigur gegn Val að Hlíðarenda í gær:

Sætur Haukasigur

HANDBOLTI Haukar og Valur höfðu sætaskipti í N1-deild kvenna í gær þegar Haukastúlkur skutust upp í annað sæti eftir 22-24 sigur gegn Valsstúlkum í gær. Valsstúlkur réðu ferðinni allan fyrri hálfleikinn og markvörðurinn Berglind Íris Hansdóttir sá til þess að Valur var alltaf skrefinu á undan og varði sextán skot í fyrri hálfleik. Staðan var 12-8 fyrir Val í hálfleik og liðið virtist hafa leikinn í hendi sér. Haukastúlkur mættu hins vegar grimmar til leiks í síðari hálfleik og náðu með frábærri vörn og markvörslu frá Guðrúnu Bryndísi Jónsdóttur að vinna sig aftur inn í leikinn. Allt var í járnum á loka-kaflanum en Haukastúlkur innbyrtu að lokum sætan sigur, 22-24.



Hjá Haukum var Tatjana Zukovska atkvæðamest með sjö mörk en Guðrún Bryndís var einnig öflug í markinu og varði 22 skot. Hjá Val var hin reynslumikla Hrafnhildur Skúladóttir potturinn og pannan í sóknar-leiknum og skoraði 13 mörk og Berglind Íris átti einnig mjög góðan leik og varði 25 skot. „Þetta var vissulega sætur sigur en mér fannst þetta ekki sérlega góður leikur hjá okkur sóknarlega, en varnarlega var þetta fínt,“ segir Diana Guðjónsdóttir, þjálfari Hauka. - óþ

DUGÐI EKKI TIL Stórleikur Berglindar Írisar í markinu dugði Val ekki til sigurs. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FH gerði góða ferð í Garðabæ í gær og er nú komið á topp N1-deildar karla eftir 31-27 sigur:

Öskubuskubyrjun FH heldur áfram

HANDBOLTI FH tyllti sér á topp N1-deildar karla við hlið Vals og Ákur-eyrar þegar Hafnfirðingar lögðu Stjörnuna, 31-27, í gær. Stjarnan mætti mun ákveðnari til leiks og náði mest fjögurra marka forystu í fyrri hálfleik en kaflaskil urðu í leiknum undir lok fyrri hálfleiks. FH minnkaði muninn í eitt mark fyrir hlé, 15-14, með því að skora tvö síðustu mörk hálfleiksins og bætti um betur í upphafi þess síðari þegar liðið skoraði sjö fyrstu mörkin og náði sex marka forystu, 21-15. „Við mættum andlausir til leiks. Þetta virkaði ekki hjá okkur í

byrjun enda héldu þeir forskotinu fram að hálfleik. Við peppuðum hver annan upp í hálfleik og komum tvíefldir til leiks í síðari hálfleik. Við slátruðum þeim á fyrstu mínútunum,“ sagði Aron Pálmarsson, leikstjórnandi FH. FH náði mest átta marka forystu í síðari hálfleik en Stjarnan náði að minnka muninn í tvö mörk þegar tvær mínútur voru eftir af leiknum. „Við slökuðum of mikið á og tókum ótímabær skot. Við megum ekki detta í þann pakka. Við erum svolítið í þessu. Við verðum að læra að halda haus allan leikinn. Ég skrifa þetta á reynsluleysi en

við lærum með hverjum leiknum,“ sagði Aron. Patrekur Jóhannesson, þjálfari Stjörnnunnar, var ekki sáttur við þátt dómaranna undir lokin þegar FH skoraði tvö síðustu mörk leiksins og tryggði sér fjögurra marka sigur. „Það verða mikil læti í FH-áhorfendum í lokin og þá missa dómararnir haus eins og við í byrjun hálfleiksins. FH-ingarnir voru þeir einu sem héldu haus allan leikinn,“ sagði Patrekur. „Fyrstu 10 mínúturnar í síðari hálfleik missa menn haus. Það er kannski hluti af því að vera með nýtt lið og unga leikmenn.“ - gmi



FRÁBÆR Aron Pálmarsson skoraði átta mörk fyrir FH í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Þurfum að nýta okkar yfirburði

Landsliðsþjálfarinn Sigurður Ragnar Eyjólfsson er bjartsýnn fyrir umspilsleikina mikilvægu gegn Írlandi. Hann telur íslenska liðið vera sterkara á pappírnum, en öllu máli skipti að sýna það inni á vellinum.



ALLT LAGT Í SÖLURNAR Kvennalandslið Íslands leikur mikilvægustu leiki í íslenskrí knattspyrnu sögu gegn Írlandi, en sigurvegari einvígisins tryggir sér farseðilinn til Finnlands á lokakeppni EM 2009. Á myndinni má sjá, talið frá vinstri, Margrétí Láru Viðarsdóttur, Dóru Maríu Lárusdóttur og Ástu Árnadóttur einbeittar á svip í upphitun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

landi um hvort liðið kæmist beint upp úr riðlinum en Sigurður Ragnar telur að sá leikur geti hjálpað liðinu fyrir leikina gegn Írlandi. „Frakklandsleikurinn fór í reynslubankann hjá liðinu og hefur tvímælalaust hjálpað okkur í undirbúningnum fyrir komandi leiki og vonandi verðum við því enn betri núna gegn Írlandi en við vorum gegn Frakklandi,“ segir Sigurður Ragnar vongóður.

VONGÓÐUR Sigurður Ragnar telur íslenska liðið vera sterkara en það írska og stefnir ótrauður á sigur í fyrri leiknum á útivelli.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Varnarleikur Íslands hefur verið sér í lagi frábær upp á síðkastið og Sigurður Ragnar leggur áherslu á að stelpurnar haldi áfram á sömu braut þar en liðið fari hins vegar inn í leikinn til þess að vinna og ekkert annað, vitandi að mark eða mörk á útivelli geti reynst drjúg. „Það hefur verið áhersluatriði í öllum leikjum okkar að halda markinu hreinu og það hefur gengið vel en það er mikilvægt að hafa það í huga að mark á útivelli getur haft úrslitaáhrif í svona viðureignum. Annars förum við í þessa leiki eins og aðra leiki sem við höfum spilað með því hugarfari að sigrá,“ segir Sigurður Ragnar.

Sigurður Ragnar hefur ekki sérstakar áhyggjur af markmannsstöðunni þrátt fyrir að hin reynslumikla Þóra Björg Helgadóttir hafi ekki getað gefið kost á sér í leikina gegn Írlandi. „Við erum mjög vel mönnuð í markmannsstöðunni og ég er með tvær góðar stelpur sem eru báðar klárar í slaginn og við skildum líka meira að segja einn mjög góðan markmann eftir heima. Þannig að það er afar jákvætt hversu mikil samkeppni er um þessa stöðu í liðinu og við erum með meiri breidd í henni en mörgum öðrum stöðum,“ segir Sigurður Ragnar að lokum.

omar@frettabladid.is

Velkomin til Danmerkur

Íslandssetrið í Danmörku

Nýr vettvangur, sem skapar einfaldan og áhrifaríkan stökkpall inn í danskt samfélag eða nágrannalöndin.

Íslandssetrið býður ekki eingöngu uppá fæði og húsnæði, heldur eru á boðstólum allar hagnýtar upplýsingar varðandi atvinnuleit og öðru sem henni tengist. Tölvu-og nettenging, reiðhjól til afnota, hægt er að leigja bíl og gistiadstöðu í helstu stórborgum Danmerkur.

Þá er hægt að komast í dönskunám til að auka möguleika á atvinnu og auðvelda sér aðlögun í nýju landi.

IZLAND

Vestre Landevej 110 • 4951 Nørreballe • Danmark
mail@izland.dk • www.izland.dk
Tengill: Baldvin Björnsson • sími: 0045 6139 3304

> Toni Collette

„Maður verður fyrst og fremst að þekkja sjálfan sig áður en maður getur skilið og átt samskipti við aðra.“ Collette leikur í myndinni Little Miss Sunshine sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR UM DANSKT SJÓNVARPSEFNI

Má biðja frekar um vísindaskáldskap?

Sjónvarpið tók til sýninga á fimmtudagskvöld danska gamanþáttaröð um hina hálfertugu Nynne sem starfar sem blaðamaður. Nynne er steypt í mót Bretans Bridget Jones; alltaf full og alltaf örvæntingarfull. Hún á sér það eina markmið í lífinu að giftast einhverjum ótrúlegum fola og eignast með honum börn. Umhverfi hennar og vinir vorkenna henni ógurlega, enda útséð með að draumar hennar munu aldrei rætast og að hún muni á endanum hverfa í kalda gróf sína einmana, bitur, feit og þunn.

Þættirnir um Nynne, sem og bálkurinn um Bridget Jones á sínum tíma, eru klárlega hugsaðir sem ádeila á hinn afvegaleidda allt-eðakkerkt hugsunarhátt nútímamannsins. Nynne lifir prýðilega þæglegu og áhugaverðu lífi, en þar sem hún hefur ekki reynt allt upplifir hún sig sem ekkert. Sem er náttúrulega fásinna. Vandinn við ádeilu sem þessa er að hún fer of fínt í hlutina og því er nokkur hætta á



að hún verði fremur túlkun bókstaflega: Nynne verður þannig í huga margra að misheppnuðum einstaklingi nema hún finni sér mann og fjölgi sér. Einhleypu, barnlausu fólki er nákvæmlega enginn greiði gerður með skemmtiefni sem breiðir enn frekar út hina viðteknu hugmynd um eymdarlíf einstæðingsins. Gera má ráð fyrir að ef Nynne nær einhverjum vinsældum hér á landi komi tíðni samúðarfullra spurninga varðandi persónulega hagi einstæðinga til með að aukast umtalsvert og að í beinu framhaldi muni óham-

ingja og þunglyndi einstæðra einnig aukast. Enda eru einstæðingar sjaldnast sérlega óhamingjusamir, nema kannski rétt á meðan þeir eru minntir á það hversu einmana þeir ættu að vera.

Svei þér, Nynne! Hverðu af skjáum landsmanna og hættu að veita hnýsnum asnakjálkum veiðileyfi á hvern þann sem ekki fellur inn í vísitölufjölskyldumynstrið.

EKKI MISSA AF



► 19.40 Svartir englar SJÓNVARPIÐ



► 19.55 Sjálfstætt fólk STÖÐ 2



► 20.00 Pittsburgh Steelers - NY Giants, BEINT STÖÐ 2 SPORT



► 20.00 Magick STÖÐ 2 EXTRA



► 21.50 Swingtoun SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Pósturinn Páll, Friðþjófur forvitni, Disneystundin, Stjáni, Sígildar teiknimyndir, Gló magnaða, Frumskógar Goggi, Lára og Sigga ligga lá.

11.00 Gott kvöld (e)

11.55 Viðtalið (e)

12.30 Silfur Egils

13.55 Saga Indlands (6:6) (e)

14.55 Martin læknir (2:2) (e)

15.50 Náttúrusýn Alfreds Ehrhardts

16.50 Kínverskar krásir (6:6)

17.20 Táknmálsfréttir

17.30 Risto (5:6) (e)

17.35 Sammi svali og Súsi sæta

17.50 Risto (6:6) (e)

18.00 Stundin okkar

18.30 Spaugstofan (e)

19.00 Fréttir

19.35 Veður

► 19.40 Svartir englar (6:6) Íslensk spennuþáttaröð byggð á sögum eftir Ævar Örn Jósefsson.

20.30 Sunnudagskvöld með Evu Mariu Eva María Jónsdóttir ræðir við Ólaf Stefánsson handboltakappa.

21.10 Kóngakapall (Kongekabale) Dönsk bíómynd frá 2004 byggð á skáld-sögu sem Niels Krause-Kjær skrifaði stuttu eftir að hann hætti störfum sem spuna-meistari danska Íhaldsflokksins.

22.55 Hringiða (Engrenages) (4:8) Franskur sakamálamyndaflokkur.

23.45 Silfur Egils (e)

01.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

06.00 Little Miss Sunshine

08.00 Knights of the South Bronx

10.00 Matilda

12.00 Murderball

14.00 Knights of the South Bronx

16.00 Matilda

18.00 Murderball

20.00 Little Miss Sunshine Áhrifarík mynd frá árinu 2006 sem hlaut fjölda verð-launa, m.a. tvenn Óskarsverðlaun.

22.00 The Notorious Bettie Page

00.00 The Crucible

02.00 16 Blocks

04.00 The Notorious Bettie Page

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Barney og vinir, Litla risaæðlan og Kalli á þakinu.

08.05 Algjör Sveppi Svampur Sveinsson, Áfram Diego Áfram! og Könnuðurinn Dóra.

09.25 Jólalævintýri Scooby Doo

09.50 Pokemon

11.30 Latibær (11:18)

12.00 Hádegisfréttir

12.30 Neighbours

12.50 Neighbours

13.10 Neighbours

13.30 Neighbours

13.50 Neighbours

14.15 Chuck (8:13)

15.10 Eldsnögg með Jóa Fel (1:10)

15.40 Logi í beinni

16.25 The Daily Show: Global Edition

16.55 Oprah

17.40 60 mínútur

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.59 Íþróttir

19.05 Veður

19.10 Mannamál Sigmundur Emir Rúnarsson fær til sín góða gesti og fjallar um málefni liðandi stundar, menninguna og allt þar á milli á mannamáli.

► 19.55 Sjálfstætt fólk (6:40) Jón Ársæll Þórðarson heldur áfram mannlífsrannsóknunum sínum í eftirlæti viðtalsþætti þjóðarinnar.

20.30 Dagvaktin (6:11) Í Dagvaktinni liggja leiðir þremninganna af næturvaktinni saman á ný fyrir einskæra tilviljun. Svakalegt uppgjör þeirra á milli verður óhjákvæmilegt.

21.05 Numbers Tveir ólíkir bræður sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála. Sá eldri er varðstjóri hjá FBI en sá yngri er stærðfræðiséni sem fundið hefur leið til að nota reikniformúlur og líkindareikning í þágu glæparannsóknna.

21.50 Fringe - NÝTT (3:22) Olivia Dunham alríkisfulltrúi og vísindamaðurinn Peter Bishop þurfa að sameina krafta sína við að útskýra röð af óútskýrðum fyrirbærum sem ógna mannkyninu áður en það verður of seint.

22.35 60 mínútur

23.20 Grey's Anatomy

00.05 Mannamál

00.50 Journeyman (2:13)

01.35 Kung Fu Hustle

03.10 Wet Hot American Summer

04.45 Fringe (3:22)

SPORT besta sætið

09.00 Meistaradeild Evrópu Útsending frá leik Chelsea og Roma.

10.40 Spænski boltinn Útsending frá leik í spænska boltanum.

12.20 Gillette World Sport

12.50 Ryder Cup 2008 Sýnt frá Ryder bikarnum í golfi þar sem Evrópa og Bandarík-in háðu harða baráttu.

16.50 Meistaradeild Evrópu Útsending frá leik Basel og Barcelona.

18.30 Meistaradeild Evrópu Allir leikimír, öll mörkin og öll umdeildustu atviki- in skoðuð.

19.10 Science of Golf, The Í þessum þætti er rennt yfir golfsveifluna eins og hún leggur sig. Hvað eru kyllingar að gera rangt í sveiflunni?

19.30 NFL deildin Rich Eisen og Deion Sanders skoða allar viðureignirnar og spá í spilin.

► 20.00 NFL deildin Bein útsending frá leik Pittsburgh Steelers og New York Giants í NFL deildinni.

23.00 Spænski boltinn

00.40 F1: Við endamarkið

01.20 Bardaginn mikli Muhammad Ali gegn Joe Frazier

SPORT 2 enski boltinn

08.00 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik WBA og Hull.

09.40 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Sunderland og Newcastle.

11.20 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Blackburn og Middlesbrough.

13.00 Enska úrvalsdeildin Bein útsending frá stórleik Chelsea og Liverpool.

15.30 Enska úrvalsdeildin Bein útsending frá leik West Ham og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3 14.55 . Man. City - Stoke Sport 4 14.55 . Tottenham - Bolton Sport 5 15.55 . Portsmouth - Fulham Sport 6 15.55 . Wigan - Aston Villa

17.50 4 4 2 Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni.

19.00 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Man. City og Stoke.

20.40 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Tottenham og Bolton.

22.20 Enska úrvalsdeildin Útsending frá stórleik Chelsea og Liverpool.

00.00 4 4 2

SKJÁREINN

06.10 Óstöðvandi tónlist

08.50 Vörutorg

09.50 Moto GP (18:18) Bein útsending frá lokamóti ársins í MotoGP sem fram fer í Valencia á Spáni.

14.05 Dr. Phil

14.50 Dr. Phil

15.25 What I Like About You (e)

15.50 Frasier (15:24) (e)

16.15 America's Next Top Model (e)

17.05 Innlit / Útlit (5:14) (e)

17.55 How to Look Good Naked (e)

18.45 Singing Bee (6:11) (e)

19.45 America's Funniest Home Videos (19:42) Bráðskemmtilegur fjölskyldu-þáttur þar sem sýnd eru myndir myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.

20.10 Robin Hood (10:13) Fógetinn gengur í svefni og hverfur sporlaust í Skírisskógi. Jón prins er með ráðagerð um að brenna Nottingham til kaldra kola og nú þarf Gisborne að leita til Hróa Hattar í von um að finna fógetann og bjarga íbúum Nottingham.

21.00 Law & Order: Special Victims Unit (11:22) Bandarísk sakamálaeisería um sérdeild lögreglunnar í New York sem rann-sakar kynferðisglæpi. Líjót forræðisdeila endar með ásökun um nauðgun og Benson og Stabler þurfa að komast að því hver er að segja sannleikann.

► 21.50 Swingtoun (11:13) Tom og Trína fá freistandi tilboð frá gömlum félaga og bjóða Bruce og Susan með sér á nætur-klúbb sem þau eru að íhuga að fjárfesta í. Roger er enn atvinnulaus en Janet fer út á vinnumarkaðinn.

22.40 CSI. Miami (5:21) (e)

23.30 30 Rock (7:15) (e)

00.00 Jay Leno (e)

00.50 Jay Leno (e)

01.40 Vörutorg

02.40 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Valið endursýnt efni liðinnar viku Sýnt á klst. fresti til 12.15 daginn eftir.

N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



Næstu námskeið

- Bóklegt einkaflugmannsnámskeið - 12. janúar 2009
- Bóklegt atvinnuflugmannsnámskeið - 19. janúar 2009
- Flugkennaranámskeið - 19. janúar 2009
- MCC námskeið - 12. janúar 2009

Skráning er hafin á www.flugskoli.is

Flugskóli Íslands er hluti af Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins. Tækniskólinn er nýr framsækinn framhaldsskóli sem byggir á traustum grunni Fjöltækniskóla Íslands og Iðnskólans í Reykjavík.

Flugskóli Íslands
Tækniskólinn

Í KVÖLD

STÖÐ 2 SPORT 2 KL. 13.00

Chelsea - Liverpool

Einn stærsti leikur vetrarins í ensku úrvalsdeild-inni fer fram í dag þegar sjálf toppliðin Chelsea og Liverpool mætast á Stamford Bridge í Lundúnum. Eins og staðan í deildinni gefur til kynna hafa engin önnur lið í deildinni farið eins vel af stað, en hvorugt þeirra hefur þó efni á að misstíga sig og tapa leik því hin topp-liðin sem jafnan fylla með þeim fjögur efstu sætin – Manchester United og Arsenal – eru nú skammt undan og bíða færis. Chelsea og Liverpool hafa ósjaldan mæst að undanförmu, einkum í Meistaradeildinni þar sem liðin hafa ítrekað dregist saman. Viðureignir liðanna hafa nær undantekningarlaust verið hnífjafnar og er ekkert sem bendir til annars en að svo verði einnig í dag. Þess má svo geta að síðar í dag kl. 15.30 verður sýnd beint viðureign West Ham og Arsenal.

► VIÐ MÆLUM MED

Sunnudagskvöld með Evu Maríu

Sjónvarpið kl. 20.30.

Eva María Jónsdóttir fær fólk í viðtal á sunnudagskvöldum sem deilir köflum úr lífsreynslu sinni með áhorfendum. Gestur Evu Maríu í kvöld er Ólafur Stefánsson, fyrirlíði íslenska landsliðsins í handbolta. Þó svo það liggi beint við að umræðu-efni kvöldsins verði handbolti þá hefur hann frá mörgu öðru að segja.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30

Árla dags

06.40

Veðurfregnir

07.05

Morgunandakt

08.00

Morgunfréttir

08.05

Ársól

09.03

Lárétt eða lóðrétt

10.05

Veðurfregnir

10.15

Hann horfir, hann skoðar, hann hlustar

11.00

Guðspjónusta í Dómkirkjunni í Reykjavík

12.02

Hádegisútvarp

12.20

Hádegisfréttir

12.45

Veðurfregnir

13.00

Ísland og Evrópusambandið

14.00

Útvarpsleikhúsið: Dauði trúðsins

15.00

Hvað er að heyra?

16.00

Síðdegisfréttir

16.08

Veðurfregnir

16.10

Úr tónlistarlífinu

18.00

Kvöldfréttir

18.26

Seiður og hégog

18.50

Dánarfregnir og auglýsingar

19.00

Óskastundin

19.40

Öll þau klukknaköll

20.30

Bláar nótur í bland

21.10

Orð skulu standa

22.07

Veðurfregnir

22.12

Orð kvöldsins

22.15

Til allra átta

23.00

Andarímur

00.07

Næzturtónar

FM 90,9

Talstöðin

FM 99,4

Útvarp Saga

FM 98,9

Bylgjan

FM 95,7

FM957 / Topp tónlistarstöðin

FM 102,2

Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp

FM 102,9

Lindin / Kristilegt efni

FM 96,7

Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying

FM 105,5

Útvarp Boðun / Kristilegt efni

FM 88,5

XA-Radíó / 12 spora efni

FM 97,7

X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

15.30

Hollyoaks (41:260)

15.55

Hollyoaks (42:260)

16.20

Hollyoaks (43:260)

16.45

Hollyoaks (44:260)

17.10

Hollyoaks (45:260)

18.00

Seinfeld (15:22)

18.30

Seinfeld (16:22)

19.00

Seinfeld (3:24)

19.30

Seinfeld (4:24)

►20.00

Magick (3:4)

Barry og Stuart eru breskir töframenn sem eru þekktir fyrir óhugnanleg brögð og sjónhverfingar sem oftar en ekki fara fyrir brjostið á áhorfendum.

20.25

Twenty Four 3 (22:24)

Jack leitar uppi Toni og Jane Saunders. Michelle reynir að sleppa frá föður Jane og andstæðingur Palmers kemur til hans með sláandi upplýsingar sem hann fékk hjá Sherry, fyrrverandi eiginkonu Palmers.

21.10

Happy Hour (11:13)

Lánið leikur ekki við Henry Beckman. Konan yfirgefur hann og hann missir vinnuna og íbúðina. Hann ákveður að leigja íbúð með Larry, sjálfsselskum og raunveruleikafirtum glaumgosa sem útvegar honum vinnu og reynir að kenna honum að lífa lífinu.

21.40

My Boys (6:22)

22.05

Næturvaktin (7:13)

22.30

Næturvaktin (8:13)

22.55

Seinfeld (15:22)

23.20

Seinfeld (16:22)

23.45

Seinfeld (3:24)

00.10

Seinfeld (4:24)

00.35

Kenny vs. Spenny (7:13)

01.00

Sjáðu

01.25

Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

INN

18.00

Hrafnaping

Ingvi Hrafn Jónsson

19.00

Neytendavaktin

Ragnhildur Guðjónsdóttir.

19.30

Íslands safari

Akeem Richard Oppong.

20.00

Mér finnst

Kolfinna Baldursdóttir.

21.00

Vitleysan

Þórhallur Þórhallsson og Eyvindur Karlsson

22.00

Hrafnaping

Ingvi Hrafn Jónsson

23.00

Í nærveru sálar

Kolbrún Baldursdóttir.

23.30

Grasrótin

Daníel Haukur Arnarson.

DR 1

10.00

Dine, mine og vores børn

10.30

Plan dk

11.00

DR Update - nyheder og vejr

11.10

Boxen

11.25

OBS

11.30

SPAM

11.55

Skum TV

12.10

Angora by night

12.35

Family Guy

13.00

Gudstjeneste i DR Kirken

13.45

Sommer

14.45

HåndboldSøndag

16.30

Sigurds Bjørnetime

17.00

De store katte

17.30

TV Avisen med Sport og Vejret

18.00

Landsmøde - Folkebevægelsen mod EU

18.30

Musik for Folket - hundrede år med Nordisk Film

19.00

Sommer

20.00

21 Søndag

20.40

SportNyt med SAS liga

20.55

Butch Cassidy og Sundance Kid

10.00

Eldrebotgen

10.30

Ansikt til ansikt

11.00

Norge rundt

11.25

Ut i naturen

11.50

Landstrykere

14.05

Ustinov møter Pavarotti

14.45

Himmelmål

15.30

Kvitt eller dobbelt

16.30

Åpen himmel

17.00

Hvor er Alf!

17.15

Gubben og Katten

17.30

Newton

18.00

Søndagsrevyen

18.45

Sportsrevyen

19.05

Reddet av delfiner

19.55

Tatt av kvinnen

21.20

Millionær i forkledning

22.10

Kveldsnytt

22.30

Vikaren

23.55

„Heimilstónar“ i USA

1*

SVT 1

10.00

Svensson, Svensson

10.30

Videokväll hos Luuk

12.45

Debatt

13.30

Family Meeting

14.55

Toppform

15.25

Dansbandskampen

16.55

Sportnytt

17.00

Rapport

17.10

Regionala nyheter

17.15

Saltön

18.15

Hemliga svenska rum

18.30

Rapport

18.55

Regionala nyheter

19.00

Andra Avenyn

19.30

Sportspegeln

20.15

Jekyll

21.10

VeteranTV

21.40

Lev ännu längre

22.10

Byss

22.25

Brottskod.

Försvunnen

23.05

Carin

21.30

NORDICA SPA

Hilton Reykjavík Nordica Hotel
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is
www.nordicaspa.is

Fjögurra vikna
lúxusnámskeið

fyrir konur og karla



Rannveig I. Marelsdóttir 48 ára
bókari hjá Mannviti

Björk Baldvinsdóttir 29 ára
sérfræðingur hjá Kaupþingi

Markviss leiðsögn, frábær aðstaða og mesta aðhald sem hægt er að fá. Hér eru engar öfgar á ferð. Farið er vel ofan í mataræðið á skynsaman hátt og bætt við skemmtilegri hreyfingu – útkoman er aukinn orka, úthald og velliðan í daglegu lífi. Getum mælt með þessu námskeiði við hvern sem er – 100% árangur.



Styrmir Þór Bragason 37 ára
forstjóri MP Fjárfestingarbanka

Skemmtilegt og fjölbreytt námskeið og besta aðhald sem ég hef fengið og það er það sem skiptir öllu máli þegar maður er að koma sér í form með breyttu mataræði og meiri hreyfingu. Ég var farinn að hlakka til að komast á æfingar og ég fann að orkan jókst mikið á skömmum tíma sem skipir miklu máli í minni vinnu.



Kristbjörg Sveinbjörnsdóttir 27 ára
Hjúkrunarfræðingur

Guðbjörg Sveinbjörnsdóttir 32 ára
Viðskiptafræðingur

Við systumar ætluðum einungis á eitt námskeið en þau urðu þrjú og árangurinn lét svo sannarlega ekki á sér standa. Misstum 23 kíló til samans á þremur mánuðum. Það eigum við Gunnari Má þjálfara og starfsfólkinu á Nordica Spa að þakka. Frábært aðhald, skemmtun, útrás og velliðan. Við gátum þetta og því getur þú þetta líka.

Lúxusnámskeið NordicaSpa er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt. Tilgangur námskeiðisins er að koma þér á æðra stig hvað varðar líkamlega og andlega heilsu.

■

Fimm tímar í viku – Brennsla og styrkur

■

3 öflugir brennslutímar

■

2 styrktartímar í sal undir handleiðslu þjálfara

■

Vikulegar mælingar

■

Ítarleg næringarráðgjöf

■

Fyrirlestur – Borðaðu til að léttast og auka orkuna

■

Slökun og herðanudd eftir hverja æfingu

■

Hollustudrykkur eftir hverja æfingu

■

Takmarkaður fjöldi

■

Tímar eru: 6:30, 7:30, 10:00, 12:00, 16:30 og 18:30 fimm sinnum í viku

■

Þjálfari er Gunnar Már Sigfússon

1. vika – Orkuhleðsla

Í fyrstu vikunni byggir þú upp orku og kemur líkamanum í jafnvægi.

2. vika – Öflug melting – Aukin brennsla

Í viku tvö er verið að efla og bæta meltinguna til að þú fái sem mest út úr holla matnum sem þú ert að borða.

3. vika – Hormóna jafnvægi – Hreinsun

Þriðja vikan mun koma jafnvægi á hormónaflæði líkamanns sem mun hafa áhrif á skap þitt, lífsorku og kraft.

4. vika – Ónæmiskerfi eftt – Jafnvægi

Í viku fjögur byggjum við upp ónæmiskerfið og hjálpum því að verja líkamann á náttúrulegan hátt.

Ný námskeið hefst 3. nóvember

Skráning er hafin í síma 444 5090 eða nordicaspa@nordicaspa.is ■ www.nordicaspa.is



HVAÐ SEGIR MAMMA?

„Ég er voðalega ánægð með dóttur mína. Á þessum tímum er bara gott að eiga góð börn og fjölskyldu. Hún er alltaf að semja bæði lög og texta og það er vonandi að hún haldi þessu áfram því það er svo gaman að þessu.“

Hrönn Júlíusdóttir, móðir Halldóru Ársælsdóttur, sem sá bankahrunið fyrir með ljóði sem tryggði henni sigur í ljóða-samkeppni í desember.

HIN HLIÐIN PRÚÐUR VILHJÁLMSDÓTTIR LEIKKONA

Dreymir um að lifa í núinu hverju sinni

Hvað er að fréttu? Allt gott. Frumsýning á Dansaðu við mig á föstudag eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur í lðnó.

Augnlitur: Blár.

Starf: Leikkona.

Fjölskylduhagir: Á 7 ára son, hann Róbert Vilhjálm.

Hvaðan ertu? Reykjavík.

Ertu hjátrúarfull? Nei, ekkert sérstaklega.

Uppáhaldssjónvarpsþátturinn: Horfi of lítið á sjónvarp til að eiga uppáhalds svoleiðis.

Uppáhaldsmaturinn: Lambakjöt og sushi.

Fallegasti staðurinn: Borgarfjörðurinn.

iPod eða geislaspilari: Bæði.

Hvað er skemmtilegast? Vinna að leiksýningu með frábæru fólki og hlæja með góðum vinum.

Hvað er leiðinlegast? Að þurfa að flýta mér og stundum að elda mat.

Helsti veikleiki: Meðvirkni.

Helsti kostur: Jákvaðni og húmor.

Helsta afrek: Að hafa alið barn í þennan heim.

Mestu vonbrigðin? Að hafa ekki sjálf skrifað verkið Dansaðu við mig.

Hver er draumurinn? Að lifa í núinu á hverjum degi.

Hver er fyndnastur/fyndnust? Sonur minn, hann fær mig til að hlæja á hverjum degi og líka Inga María vinkona mín.

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Tilgerð og óheiðarleiki.

Hvað er mikilvægast? Vakna glöð með sól í hjarta.



MATTHÍAS ÁSGEIRSSON: GRÆÐGI OG HROKI EINKENNA ÞJÓÐKIRKJUNA

Gagnrýna ofurlaun presta

„Að vissu leyti kemur þetta andóf upp vegna þess að prestar hafa verið að spila sig svolítið stórt í kreppunni. Hafa verið í nánast öllum fréttatímum að segja fólki hvernig það eigi að haga sér,“ segir Matthías Ásgeirsson, ritstjóri Vantrúarvefsins. Þar hefur verið rekin hörð gagnrýni á hendur Þjóðkirkjunni síðan efnahagsfárviðrið reið yfir landið. Vantrúarmenn gagnrýna kirkjunnar menn fyrir hræsni og græðgi og telja það tvískinnung að á meðan þeir fari í heimsóknir á vinnustaði, tali um nauðsyn þess að spara, séu þeir sjálfir meðal hæst launuðu embættismanna ríkisins. „Það er verið að tala um að hækka framlög enn frekar til kirkjunnar á meðan það vofir yfir að skera þurfi niður ríkisútgjöldin. Við teljum að það væri réttast að byrja á kirkjunni í þeim efnum,“ segir Matthías og bendir á þar gæti sparast tveir og hálfur milljarður.

Í nýlegri færslu á Vantrú birtir Þórður Ingvarsson, liðsmaður síðunnar, lista yfir laun prestana. Þar kemur fram að laun þeirra geta numið frá hálfri milljón og upp í milljón á mánuði. Þar að auki vísar Þórður í launalista sem birtist á vefsíðunni fyrir tveimur árum með launum helstu presta landsins. Efstur þá var Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur. „Þjóðkirkjan er ekki rétti aðillinn til að segja fólki að spara á meðan starfsmenn hennar þiggja nánast ofurlaun,“ segir Matthías. „Óvissutímar eru þeirra sóknarfæri en okkur finnst eitthvað vitlaust við þetta.“

Matthías telur jafnframt lítið athugasvert við færslu þar sem birt var glæsikerra þjóðkirkjuprests. „Þetta var reyndar ekki bíllinn hans sem sést á myndinni,“ segir Matthías. En Teitur Atlason, annar liðsmaður vefsíðunnar, tók sig hins vegar til og birti mynd af umræddum bíl og tilgreindi um hvaða prest væri rætt: séra Pálma

ÓSÁTTIR

Matthías Ásgeirsson og Vantrúar-menn eru ósáttir við presta Þjóðkirkjunnar og telja að þeir ættu að líta eigin barm áður en þeir tjá sig um kreppuna. Ofurlaunin svipti þá trúverðugleika. **Ólafur Jóhannsson** bendir hins vegar á að kjararáð ákveði laun presta. Ef það finnst hins vegar prestar sem berist á og fylgi ekki eigin sannfæringu sé alveg sjálfsagt fyrir Vantrú að ræða við þá.



Matthíasson, sóknarprest í Bústaðakirkju. Bíllinn er ekki af verri gerðinni: Mercedes Benz-jeppi.

„Þeir eru bara að reyna að búa til leiðindi í garð presta og nota hvert tækifæri til þess. Það eru ekki við heldur kjararáð sem

ákveður launin okkar. Ef það finnst hins vegar dæmi um presta sem berast á og fylgja ekki eigin sannfæringu þá er alveg sjálfsagt að Vantrú ræði við þá,“ segir Ólafur Jóhannsson, formaður Presta-félags Íslands.

freyrgigia@frettabladi.is



OSCAR BJARNASON Oscar, sem hefur verið tvöfaldaður á myndinni, hefur vakið athygli víða fyrir hönnun sína.

Þrenn Oscars-verðlaun í höfn á árinu

Grafíski hönnuðurinn Oscar Bjarnason hefur að undanfögnu unnið þrenn verðlaun fyrir hönnun sína. Fyrst ber að nefna Wolda-verðlaunin þar sem bestu lógóin og vörumerkin í heiminu voru valin. Vann Oscar fyrir hönd Íslands með lógó sem hann bjó til fyrir byggingafyrirtækið Birkifell frá Akureyri. „Þarna er þrískipt dómnefnd. Fyrst gefa hönnuðir einkunn, svo markaðsstjórar og svo almenn-ingur og þess vegna var fínt að vera svona ofarlega,“ segir Oscar, sem var tilnefndur í fyrra fyrir lógó sitt fyrir veitingastaðinn Domo.

Oscar vann einnig samkeppni sem Hönnunarmiðstöð Íslands efndi til um merki félagsins en alls voru 180 merki send inn. Tók Oscar á móti verðlaununum úr höndum sjálfrar Dorritar Moussaieff. „Ég hafði aldrei verið það heppinn að vera í sama

herbergi og hún. Hún er indælis kona og það er eitthvað krúttlegt við hana.“ Sama kvöld var honum síðan tilkynnt um að hann hefði unnið lokaða keppni um merki fyrir Sjúkratryggingar Íslands, sem kom honum skemmtilega á óvart.

Oscar fékk verðlaunafé fyrir tvær síðastnefndu keppnirnar og er sérlega þakklátur fyrir það. „Það er betra að fá pening en ekki verðlaunaplagg í þessu ástandi sem er í dag,“ segir hann.

Oscar hefur áður vakið athygli fyrir hönnun sína því fyrir ári var hann á meðal átta sérfræðinga sem heimasíða dagblaðsins New York Times leitaði álits hjá um nýtt merki hjá leigubílum New York-borgar. Einnig keypti japanski fataframleiðandinn UNIQLO af honum merki hans Systm fyrir fatalínu sína.

- fb

Emilíana Torrini biðlar til Browns

„Ég vona að Gordon Brown hætti að nota Ísland til að afveggleiða fólk frá vandamálinu sem snertir í raun alla Vestur-Evrópu. Græðgin kom okkur á þennan stað en nú þarf að stoppa og byrja að hugsa upp á nýtt,“ segir Emilíana Torrini í viðtali við breska blaðið The Sun. Torrini segir að aðstæðurnar á Íslandi séu í raun harmleikur. „Ísland hefur sterka vinnu-siðferðiskennd. Við gleymdum því hins vegar að maður þarf að vinna hörðum höndum til að afla sér fjár. Það er ekki hægt með því að vera breyta tölum í tölvu og reyna að láta sig líta út fyrir að vera stærri en maður er í raun og veru,“ bætir Emilíana við.

Söngkonan er að kynna plötu sína Me and Armini sem hefur fengið prýðisgóða dóma og þykir fylgja Fisherman's Woman, sem kom út fyrir þremur árum, vel eftir. Emilíana er spurð hvað hafi staðið upp úr frá uppvaxtarárunum á Íslandi. „Stjörnuþjartur himinn þegar maður var á leið í skólann, mamma að skauta eftir götunni þegar þær voru ísi-

lagðar. Sumrin fyrir austan hjá afa og svo sunnudagsbíltúrarnir með pabba og mömmu.“

Emilíana upplýsir jafnframt að hún hafi ætlað að syngja annað lag í söngkeppni framhaldsskólanna en I Will Survive. „Ég hálfskammaðist mín í raun fyrir það,“ segir hún. „Ég var svo mikið fyrir indie-tónlist á þessum tíma og hafði sungið lag eftir Mazzy Star (amerísk hljómsveit) í undankeppninni,“ heldur Torrini áfram. „En ég fékk ekki að flytja það og var eiginlega bara sagt að syngja I will Survive. Vinur minn þýddi síðan lagið yfir á íslensku og við fengum tvo vini okkar til að dansa. Annar var Íslandsmeistari í dansi en hinn var algjörleg taktlaus. Okkur fannst þetta alveg drepfyndið og bjuggumst alls ekki við að vinna.“

- fgg

HARMLEIKUR Emilíana Torrini segir ástandið á Íslandi vera harmleik. Menn hafi gleymt vinnusiðferðinu.



10%

vaxtaauki!

Nýttu þér þetta **TILBOÐ** og stofnaðu reikning á **spron.is**




spron

- bankinn þinn



Nýtt í Hagkaupum

**VILTU FÁ STINNAN RASS
OG SLÉTTAN MAGA?**



**Fit Pilates þjálfar djúpvöðva líkamans, gefur langa fallega vöðva,
sléttan kvið, grönn læri, sterkt bak, betri líkamsstöðu, aukinn
líðleika og samhæfingu.**

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



BAKÞANKAR
Davíðs Þórs
Jónssonar

Hörmungar

Fyrir nokkrum árum átti ég afar eftirminnilegt spjall við gamla frænku mína. Við ræddum haustið 1918 og atburði þess, en þá var hún nýskriðin af barnsaldri. Þetta haust gekk á með einhverjum mestu frosthörkum í manna minnum. Þá var húsakostur landsmanna mun lakari en nú. Heilu fjölskyldurnar hírdust í þröngum kytrum þar sem einangrun var bágborin og hitaveita var auðvitað með öllu óþekkt.


ÞETTA haust geisaði spænska veikin. Hún lagðist þungt á Íslandi. Þegar verst lét voru tveir af hverjum þremur Reykvíkingum rúmfastir. Öll lyf kláruðust, athafnalíf lamaðist og jafnvel samskipti við útlönd féllu niður. Erfitt var að anna líkflutningum og gripið var til þess ráðs að jarða fólk í fjöldagrafreit. Tæplega 500 Íslendingar dóu í spænsku veikinni, þar af 258 í Reykjavík. Þá er ekki tekið tillit til fósturláta sem töluvert var um.

ÉG vissi um spænsku veikina því ég hafði lesið um hana. Það sem sló mig var að hún skyldi ekki heyra sögunni til, heldur vera lifandi fólk í fersku minni. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því hve stutt var í raun síðan og hve lífsskilyrðum þjóðarinnar hefur fleygt fram á ekki lengri tíma en tæpum mannsaldri.

FLEIRI hörmungar hafa dunið á Íslendingum síðan þá. Þjóðin fór ekki varhluta af blóðtöku seinni heimsstyrjaldarinnar, en hún kostaði ríflega 200 Íslendinga lífið. Árið 1995 var þjóðarsorg þegar 34 Íslendingar létu lífið í tveimur snjóflóðum. Sá harmur er engum gleymdur.

HAUSTIÐ 2008 kom síðan kreppa. Fullt af fólki tapaði miklum peningum og margir misstu vinnuna. Í umræðunni hafa einhverjir leyft sér að kalla þetta mestu hörmungar sem dunið hafa á þjóðinni. Ég er hins vegar ansi hræddur um að frænku minni sálugri þætti lítið til þessara þrenginga koma. Hvar eru líkin? Hvar eru fjöldagrafinnar?

ÁSTÆÐULAUST er að gera lítið úr þeim erfiðleikum sem við stöndum núna frammi fyrir. En við höfum séð það svartara. Gleymum ekki að við erum rík þjóð með góðan húsakost, hátt menntunarstig og gnægð náttúrulegra auðlinda. Mér finnst því að við ættum að sýna þeim fjölmörgu Íslendingum, sem misstu annað og meira en peninga í þeim raunverulegu hörmungum sem dunið hafa á þjóðinni, þá virðingu að gæta tungu okkar þegar við börmum okkur yfir blankheitum.


GÓÐAN DAG!
Í dag er sunnudagurinn
26. október, 300. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	8.53	13.12	17.29
Akureyri	8.46	12.56	17.06

Heimild: Almanak Háskólans

FILEN/SIA



www.icelandexpress.is

Þegar þú brosir, þá brosum við!

Við erum hagkvæm og leiðandi í framboði ódýrra fargjalda. Frábært verð, þægindi og góð þjónusta eru órjúfanleg heild hjá Iceland Express.

Bókaðu ferðina þína á www.icelandexpress.is

Iceland Express 
með ánægju